## Enn langt í land

Sima Sami Bahous, framkvæmdastýra UN Women, ræðir fyrsta árið í starfi, áskoranir og jafnrétti. ➤ 36



## Mikilvægt að eiga fyrirmynd

Björgvin Páll Gústavsson útilokar ekki forsetaframboð og gefur út barnabók. ➤ 30






FRÉTTABLAÐIÐ
254. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR
LAUGARDAGUR 19. NÓVEMBER 2022



# Fannst ég ekki eiga skilið að lifa

Hálfdán Árnason lenti í slysi árið 2006. Hann lifði af en ekki stúlkan sem hann keyrði á. Hann kenndi sjálfum sér um en hefur nú fundið hamingjuna. ➤ 26

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




Guðni Th. Jóhannesson og Katrína Kristel Tönyudóttir fyrir förðunina. MYND/HRINGBRAUT

## Guðni bað að heilsa til Úkraínu

thorgrimur@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, bað fyrir kveðju til úkraínsku þjóðarinnar þegar hann mætti í förðun hjá úkraínska förðunarfræðingnum og sminkunni Katrínu Kristel Tönyudóttur fyrir viðtal á Hringbraut á fimmtudaginn. Guðna ku hafa þótt mikið til þess koma þegar hann heyrði að Katrína væri úkraínsk og hann bað hana að skila kveðju sinni til heimalands hennar.

Þau Guðni töluðust við á rússnesku og Katrína bar forsetanum vel söguna: „Í morgun beið mín að sminka forseta Íslands – það hef ég ekki gert áður,“ skrifaði Katrína á Facebook-síðu sinni. „Hann bað mig að skila góðri kveðju til fólksins í Úkraínu! Forsetinn er hlýr og góður maður.“ ■

## Stjörnubjart á Hálsatorgi


Kveikt var á jólastjörnunni á Hálsatorgi í Kópavogi í gær. Krakkar af leikskólanum Urðarhóli voru viðstaddir til að fylgjast með tendrun stjörnunnar og gengu síðan í kringum hana. Jólastjarnan hefur lýst upp Hálsatorg fjögur ár í röð og fært jólastemningu yfir torgið. Ljósin verða tendruð á jólatré bæjarins á Aðventuhátíðinni þann 26. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Árásin í Bankastræti þaulskipulögð

ragnarjon@frettabladid.is

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar stunguárásina í Bankastræti Club í fyrrakvöld sem tilraun til manndráps. Þetta hafi verið skipulögð árás framin af ásetningi.

Mennirnir réðust inn með skíðagrímur og fóru rakleitt niður í kjallara skemmtistaðarins þar sem þeir stungu þrjá menn.

Margeir Sveinsson aðstoðaryfirlögregluþjónn segir mikla mildi að ekki hafi farið verr.

„Það er ekki árásarmönnunum að þakka eða þeim sem tóku þátt með einhverjum hætti að þessir einstaklingar sem urðu fyrir árásinni séu á lífi,“ segir Margeir.

Mennirnir þrír sem ráðist var á lágu slasaðir á sjúkrahúsi í gær. Einn þeirra mun hafa verið með tólf stungusár.


Mikill viðbúnaður var í Bankastræti eftir atlögu hnífamannanna.

Þeir sem grunaðir eru um árásina eru taldir starfa sem dyraverðir á skemmtistöðum í miðbænum.

Enn er margra leitað og skorar lögregla á alla sem tengjast málinu eða hafa upplýsingar um það að gefa sig fram. ■




# Tuttugu milljóna samningur á Biskupsstofu til skoðunar

Titringur er innan þjóðkirkjunnar vegna samnings við fjármálastjóra Biskupsstofu. Hann er ígildi hátt í tuttugu milljóna króna án vinnuframlags. Utanaðkomandi lögfræðingur skoðar nú málið.

helenaros@frettabladid.is

**TRÚFÉLÖG** Umdeildur viðbótarsamningur Agnesar M. Sigurðardóttur, biskups Íslands, við Ásdísi Clausen, fyrrverandi fjármálastjóra Biskupsstofu, er til skoðunar hjá utanaðkomandi lögfræðingi samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Samningurinn við Ásdísi felur í sér óskoraðan rétt til launa í sjö mánuði, hátt í tuttugu milljónir króna, án tillits til ástæðu loka ráðningarsamnings. Hann var undirritaður 1. febrúar á þessu ári af Agnesi og Ásdísi, sem sagði svo upp störfum 1. september.

Í viðaukanum við ráðningarsamning Ásdísar, líkt og það er kallað, segir að ekki yrði óskað eftir vinnuframlagi hennar í þessa sjö mánuði.

„Ásdísi er heimilt, án þess að það hafi áhrif á samning þennan, að takast á hendur annað launað starf á meðan á uppsagnarfresti stendur,“ segir í þeim gögnum sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Þannig gæti Ásdís farið í annað launað starf og verið í raun á tvöföldum launum.

Ásdís gegndi stöðu fjármálastjóra Biskupsstofu í um átján mánuði og þykir viðbótarsamningurinn í besta falli óvanalegur. Samkvæmt heimildum blaðsins fékk Ásdís eina greiðslu eftir uppsögn sína áður en þær voru stöðvaðar af framkvæmdastjóra kirkjuþings.

Í júlí 2021 tóku gildi ný þjóðkirkjulög sem höfðu í för með sér breytingar á fjárstjórnarvaldi þjóðkirkjunnar. Þær fólust meðal annars í því að í stað kirkjuráðs, sem biskup var í, tók kirkjuþing við fjárstjórninni. Breytingin tók þó ekki gildi fyrr en um síðastliðin áramót.


Biskup gerði viðbótarsamning við fjármálastjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Þetta er bara venjulegur, eðlilegur samningur sem var gerður af þeim sem sjá um mannauðsmálin hjá kirkjunni og ekkert meira um það að segja.
>
> Agnes M. Sigurðardóttir

Með breytingunum á biskup Íslands að starfa innan þess fjárhagsramma sem kirkjuþing setur honum.

Nýtt stjórnskipulag þjóðkirkjunnar, sem tók gildi um síðustu áramót, átti að undirstrika þessar breytingar. Skipulagið byggir á samþykkt frá aukakirkjuþingi frá 2021 þar sem samþykkt var að yfirstjórn kirkjunnar yrði skipt upp í tvö ábyrgðarsvið.

Samkvæmt skipulaginu á biskup að gæta einingar kirkjunnar sem snýr að öllu því sem lýtur að grunnþjónustu kirkjunnar. Kirkjuþing kjósi framkvæmdanefnd úr röðum kirkjuþingsfulltrúa sem hafi eftirlit með fjárhag og rekstri þjóðkirkjunnar, ásamt því að fylgja eftir ákvörðunum og áætlunum samþykktum af kirkjuþingi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er mikil óánægja með viðbótarsamning Agnesar við Ásdísi innan Biskupsstofu og er hann, líkt og fyrr segir, nú til skoðunar. Umræða hafi verið um að óska eftir stjórnsýsluúttekt á fjármálum kirkjunnar. Sú beiðni hefur þó ekki verið lögð fram formlega.

„Þetta er bara venjulegur, eðlilegur samningur sem var gerður af þeim sem sjá um mannauðsmálin hjá kirkjunni og ekkert meira um það að segja,“ segir Agnes um samninginn. Aðspurð segist hún ekki vita hvort hann sé til skoðunar. ■




TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# Telur opna spurningu hvort vinsældir Kristrúnar haldi áfram

kristinnhaukur@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir það „opna spurningu“ hvort Kristrún Frostadóttir, formaður Samfylkingarinnar, haldi vinsældum sínum eða hvort sá stuðningur sem hún mælist með sé nýjabrum. Það sé ekki óalgengt að nýir foringjar fái vind í seglin en það sé athyglisvert hversu hátt hún sé að fara. Samkvæmt könnun Fréttablaðsins í gær treysta rúm 25 prósent henni best allra formanna.

„Flestir eru sammála um að Kristrún er mjög öflugur málsvari,“ segir Ólafur.

Hvað traust til Katrínar Jakobsdóttur varðar segir Ólafur alltaf varasamt að bera saman spurningar í könnunum nema þær séu nákvæmlega eins orðaðar. „Hins vegar er breytingin svo mikil miðað við aðrar kannanir að það er full ástæða til að ætla að þetta sé raunveruleg breyting,“ segir hann.

Ólafur telur tvennt valda þessu. Annars vegar vinsældir Kristrúnar og hins vegar sé spenna í ríkisstjórnarsamstarfinu eftir faraldurinn, það er að málefnaágreiningur Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna sé sífellt að koma betur í ljós og þar af leiðandi óánægja. Fylgi stjórnarflokkanna og stjórnarinnar hafi verið undir 50 prósentum í nokkurn tíma. „Það hafa komið upp mörg mál sem eru mjög óþægileg fyrir VG,“ segir Ólafur. Má nefna til dæmis Íslandsbankasöluna og brottvísanir hælisleitenda.

> Það hafa komið upp mörg mál sem eru mjög óþægileg fyrir VG.
>
> Ólafur Þ. Harðarson stjórnmálafræðiprófessor

„Vinsældir foringja eru ekki áskrift á aukið fylgi,“ segir Ólafur. Þrátt fyrir vinsældir Katrínar hafi Vinstri græn tapað fylgi árið 2021 en Framsókn hefur unnið stóra sigra án persónulegra vinsælda Sigurðar Inga. Vinsældir geti þó styrkt flokkinn innbyrðis og út á við, til dæmis í viðræðum um stjórnarmyndun.

Hvað varðar litlar vinsældir Bjarna Benediktssonar utan Sjálfstæðisflokksins segir Ólafur að það gefi til kynna að kjósendahópur flokksins sé orðinn hugmyndafræðilega einsleitari en áður. Skoðanir flokksmanna rými illa við annarra nema Miðflokksmanna. ■



Frá fullveldishlaupi Pólverja. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Sextíu þúsund eru erlendir borgarar

kristinnpall@frettabladid.is

**MANNFJÖLDI** Samkvæmt nýjustu tölum Þjóðskrár hefur erlendum ríkisborgurum búsettum hér fjölgað um 68 prósent á fimm árum og telja nú 63.757. Í árslok 2017 voru tæplega 38 þúsund erlendir ríkisborgarar hér. Pólskum ríkisborgurum fjölgar um 1.951 og eru nú um sex prósent íbúa á Íslandi.

Þá fjölgaði fólki frá Úkraínu um 1.875 frá 1. desember sl. og eru nú 2.114. Með því eru Úkraínumenn orðnir fimmti fjölmennasti hópur erlendra ríkisborgara hérlendis. ■

## Fiskistofa dregur úr drónaeftirliti

bth@frettabladid.is

**SJÁVARÚTVEGUR** Fiskistofa hefur aldrei sent upp dróna í ár til að fylgjast með veiðum í trollbátum. Í fyrra voru sautján sambærileg flug.

Þetta kemur fram í svari Svandísar Svavarsdóttur sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur.

Í svörunum kemur fram að árið 2021 voru alls 572 drónaflug á vegum Fiskistofu en 221 það sem af er þessa árs. ■

# Foreldrar með ungbörn takmarki umgengni við aðra vegna RSV-víruss

**Mikið álag hefur verið á starfsfólki Barnaspítala Hringsins undanfarið vegna alls kyns pesta sem eru fyrr á ferðinni en vant er. Yfirlæknir hvetur foreldra ungbarna til að takmarka aðgengi við aðra á þessum tímum vegna RSV-vírussins.**

odduraevar@frettabladid.is



Ragnar G. Bjarnason yfirlæknir minnir á að fólk eigi ekki að heimsækja spítalann þegar það er veikt heldur hringja fyrst. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég veit að undanfarnar vikur og mánuði hefur verið meira álag á Barnaspítalanum,“ segir Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítalans, spurður hvort Landspítalinn finni fyrir meira álagi vegna fjölda pesta sem ganga nú um samfélagið.

Ragnar Grímur Bjarnason yfirlæknir hvetur foreldra með ungbörn að takmarka umgengni við aðra á þessum tíma.

Blaðið greindi í gær frá áhyggjum foreldra barna á leikskóla yfir fjölda pesta sem nú ganga. Sum börn fái pestir ofan í pestir og sagði Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, að það væri svo sannarlega meira álag á Heilsugæslunni vegna fjölda umgangspesta líkt og inflúensu.

„Við finnum mikið fyrir því að veirur eru mjög mikið á ferðinni, venjulegt kvef og slæmar iðrakveisur,“ segir Ragnar. Hann segir það valda miklum áhyggjum hve snemma inflúensan og RSV-vírusinn séu á ferðinni. Þetta nái sér vanalega á strik upp úr áramótum.

„Inflúensa hefur ekki verið mikið á ferðinni undanfarin Covid-ár og því er mjög stór hluti yngri árganga

> Við finnum mikið fyrir því að veirur eru mjög mikið á ferðinni, venjulegt kvef og slæmar iðrakveisur.



Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítalans

sem ekki hefur verið útsettur fyrir henni. Því eru margir sem geta veikst.“

Sama megi segja um RSV-veiruna sem leggist þungt á sérstaklega yngri börn og aldraða en átti erfitt uppdráttar á tímum sóttvarnaaðgerða.

„Engin meðferð er til við RSV, aðeins styðjandi meðferð, sum sé að gefa öndunarstuðning ef þörf er á og ef börn ná ekki að drekka, vökva og mat með sondu,“ segir Ragnar.

„Foreldrar með ungbörn ættu að takmarka umgengni við aðra á þessum tíma ef það er hægt, þar sem RSV leggst sérstaklega þungt á yngstu börnin. Það er til mikils að vinna að börn sýkist af RSV eftir sex mánaða aldur eða seinna.“

Ragnar bætir því við að mikilvægt sé að leita ekki á Barnaspítalann eða aðra heilbrigðisþjónustu að óþörfu. „Það eykur álag og tekur athygli frá bráðveikum sjúklingum.“

Runólfur segir að spítalinn hafi líka fundið fyrir fjölda umgangspesta meðal hinna fullorðnu. „Við höfum svo sannarlega orðið vör við þetta. Við erum áfram með einstaklinga sem koma á bráðamóttökuna og þurfa að leggjast inn og eru með Covid-19 og svo hefur verið talsvert af tilfellum af inflúensu og aðrar veirusýkingar líka.“ ■

Nánar á frettabladid.is




ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16


ENGLABÖRNIN
KRINGLUNNI
WWW.ENGLABORNIN.IS

## Flókið að halda ríkisstjórn saman

bth@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** „Þessar kannanir hreyfa ekkert sérstaklega við mér,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra um niðurstöður nýrrar könnunar Prósents þar sem hún nýtur trausts tæplega 18 prósenta þjóðarinnar.

„Ég segi bara vel gert hjá nýjum formanni Samfylkingarinnar að fá þennan meðbyr með sér,“ bætir hún við.


Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

„Eins og allir vita, sem vita eitthvað um pólitík, er það hlutverk forsætisráðherra að halda saman ríkisstjórn. Það er flókið verkefni,“ segir Katrín. ■

## Kristrún þakklát

bth@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** „Auðvitað er gaman að fá svona viðbrögð við könnun. Þessi mæling hvetur okkur til að halda áfram á fyrri braut,“ segir Kristrún Frostadóttir, nýbakaður formaður Samfylkingarinnar og hástökkvari í mælingu Prósents á trausti landsmanna til oddvita stjórnmálaflokkanna.

Kristrún segist þakklát. Margt hafi komið henni á óvart eftir að hún tók til starfa í pólitík, mælingin sé eitt af því.


Kristrún Frostadóttir, formaður Samfylkingarinnar

„Þetta er fyrst og fremst ánægjuleg mæling en ég er mjög meðvituð um að vegferðin er rétt að hefjast og hún verður löng,“ segir Kristrún.

„Ég er þakklát fyrir að hafa náð eyrum fólks en ég held að það verði að setja þessa mælingu í samhengi við atburði síðustu vikna. Traust til stjórnmála og Alþingis er mjög vandmeðfarið.“ ■

# Tveir flokkar fylgismestir í könnun

Samfylking er hástökkvari nýrrar könnunar Prósents um fylgi stjórnmálaflokkanna. Píratar tapa mestu og Framsóknarflokkurinn dalar einnig.

kristinnhaukur@frettabladid.is


Bjarni Benediktsson og Kristrún Frostadóttir hlutu bæði kosningu sem formenn sinna flokka í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkur og Samfylking bæta við sig fylgi og mælast nú tveir afgerandi stærstu flokkarnir. Þetta kemur fram í nýrri könnun Prósents á fylgi þeirra flokka sem bjóða fram til Alþingis. Framsóknarflokkurinn og Píratar gefa eftir frá fyrri könnun.

Samfylkingin er hástökkvarinn að þessu sinni og bætir við sig 5,6 prósentum. Mælist með 19,1 prósent en fékk 13,5 prósent í síðustu könnun Prósents, sem gerð var í júní. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær mælist Kristrún Frostadóttir, nýr formaður flokksins, nú sá stjórnmálaleiðtogi sem landsmenn bera mest traust til. Það eru 25 prósent svarenda.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 21,2 prósenta fylgi. Flokkurinn hefur verið rísandi í könnunum Prósents á árinu. Í apríl mældist hann með 17,9 prósenta fylgi og 18,2 í júní. Nú hefur flokkurinn rofið 20 prósenta múrinn og mælist stærsti flokkur landsins. Sjálfstæðisflokkurinn hefur umtalsvert meira fylgi en Bjarni Benediktsson formaður, sem rúmlega 15 prósent svarenda treysta best.

Sá flokkur sem tapar mestu fylgi milli kannana eru Píratar, það er 5,8 prósentum. Píratar mælast nú með 11,8 prósenta fylgi en höfðu 17,6 prósent í júní og voru næststærsti flokkurinn.

Framsóknarflokkurinn, sem unnið hefur stórsigra í síðustu alþingis- og sveitarstjórnarkosningum, tapar 2,7 prósentum milli kannana. Hann mælist nú með 14,6 prósent og er þriðji stærsti flokkurinn.

Viðreisn bætir hins vegar við sig 2,7 prósentum. Mælist með 10,6 prósent nú en hafði 7,9 í júní.

Fylgi Vinstri grænna hefur verið sígandi á árinu. Fylgið mælist nú slétt 8 prósent, en var 9 í júní og 9,6 í apríl. Eins og kom fram í könnuninni í gær er Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra ekki lengur sá stjórnmálaleiðtogi sem kjósendur bera mest traust til en hún hafði áberandi forskot á aðra fyrir ári síðan.

Flokkur fólksins mælist með 6,4 prósent, Sósíalistaflokkurinn með 4,2 sem og Miðflokkurinn. Ef þetta væru niðurstöður kosninga myndi stór hluti atkvæða falla niður dauður í ljósi þess að þröskuldurinn til að hljóta jöfnunarþingsæti er 5 prósent.

Samanlagt mælast stjórnarflokkarnir þrír með 43,8 prósenta fylgi, sem er ögn minna fylgi en í síðustu könnun. Sé fylgið reiknað í þingmannafjölda er stjórnin fallin með 30 þingmenn á móti 33.

Sjálfstæðisflokkurinn myndi fá 15 þingmenn, Samfylking 14, Framsóknarflokkur 10, Píratar 8, Viðreisn 7, Vinstri græn 5 og Flokkur fólksins 4 menn kjörna.

### Svör þeirra sem tóku afstöðu




» **Samfylkingin bætir við sig 5,6 prósentum en Píratar tapa 5,8.**

Tiltölulega lítill munur er á svörum milli kynja. Sjálfstæðisflokkurinn, Píratar, Viðreisn og Miðflokkurinn mælast ögn stærri hjá körlum en konum. Samfylkingin, Framsóknarflokkurinn, Vinstri græn, Flokkur fólksins og Sósíalistaflokkurinn höfða meira til kvenna.

Þegar kemur að aldursdreifingu fylgisins þá er það nokkuð jafnt hjá Sjálfstæðismönnum. Samfylkingin nýtur mests fylgis hjá eldri kjósendum en Framsóknarflokkurinn og Píratar hjá kjósendum undir 25 ára aldri.

Framsóknarflokkurinn mælist stærsti flokkurinn á landsbyggðinni, með 23 prósenta fylgi, en hefur aðeins 10 prósent á höfuðborgarsvæðinu. Píratar hafa hins vegar þrefalt meira fylgi á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.

Könnunin var netkönnun framkvæmd 14. til 17. nóvember. Úrtakið var 2.600 og svarhlutfallið 51,3 prósent. ■






## Vetrarsýning Öskju í dag kl. 12–16

Kia Sportage, Kia Sorento og Honda CR-V í Arctic útfærslu ásamt rafmögnuðu úrvali bíla frá Mercedes-Benz, Kia og Honda. Glæsilegt úrval aukahluta á sértilboði. Komdu til okkar í notalega vetrarstemningu, við tökum vel á móti þér.

**20% afsláttur af þverbogum, skíðafestingum og skottmottum. Valdir notaðir bílar á sérstöku vetrartilboði á Krókhálsi 7 meðan á sýningu stendur.**

Askja • Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík • 590 2100 • askja.is

# Notum minna af svefnlyfjum en þó enn mest

Miklar breytingar eru að verða á svefnlyfjanotkun landsmanna, líklega vegna betri yfirsýnar, eftirlits og aukinnar vitundar um svefnóreglu. Eldri svefnlyf og meira ávanabindandi eru einkum á undanhaldi.

ser@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Notkun landsmanna á svefnlyfjum hefur dregist saman á síðustu árum, einkum og sér í lagi á eldri svefnlyfjum sem eru lengur að fara úr líkama fólks og geta fyrir vikið verið meira ávanabindandi en nýrri lyf. Íslendingar nota þó enn þá meira af svefnlyfjum en aðrar þjóðir Norðurlandanna.

„Líklega má rekja þessa breytingu til aukinnar vitundar um áhrif svefnlyfja, svo og meiri yfirsýnar um neysluna og betra eftirlits,“ segir Lárus S. Guðmundsson, dósent í lyfjafaraldsfræði við Háskóla Íslands, sem rannsakað hefur svefnlyfjanotkun hér á landi um árabil.

„Áður fyrr þegar fólk fór á milli lækna í leit að ráðgjöf vegna svefnóreglu vissu læknar síður hvort það hafði fengið svefnlyf frá öðrum læknum,“ segir Lárus. Eftir að Lyfjagagnagrunnur varð læknum aðgengilegur 2012 hafi þetta smám saman breyst. „Nú geta læknar flett upp í grunninum og séð hvort og hvaða svefnlyf skjólstæðingurinn hefur fengið frá öðrum læknum.“

Minnkandi svefnlyfjanotkunar gætir á öllum Norðurlöndunum eins og meðfylgjandi línurit sýnir.

**Svefnlyfjanotkun á hverja 1.000 íbúa á dag á Norðurlöndum**




**Svefnlyfjanotkun eftir lyfjategundum á Íslandi**




> ”
> **En það er samt athyglisvert að öll Norðurlöndin skera sig enn úr hvað mikið kaffiþamb varðar.**



Lárus S. Guðmundsson, dósent í lyfjafaraldsfræði




Færri taka lyf. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Samdrátturinn hefst þó misjafnlega snemma hjá þjóðunum, upp úr aldamótum í Danmörku, en áratug seinna á Íslandi. Þetta eru einmitt þær þjóðir á Norðurlöndunum sem nota minnst og mest af svefnlyfjum.

„Það jákvæða við þessa þróun er að meira dregur úr notkun eldri svefnlyfja en þeirra nýrri,“ segir Lárus, en þau eldri fari hægar úr líkamanum – og þau geta haft sín áhrif daginn eftir notkun með meiri dagsyfju, hægari viðbrögðum við akstur og verra jafnvægi. „Það horfir til betri vegar að nota heldur skammverkandi lyf í ljósi þessara aukaverkana,“ segir Lárus, en bendir jafnframt á að fólk sé orðið meðvitaðra um áhrifin af jafnvel margra ára notkun á eldri lyfjunum. „Þar getur gagnsemin með tímanum verið minni og áhættan meiri.“

Auk þess hafi orðið vitundarvakning fyrir því að meðhöndla undirliggjandi þætti svefnleysis á borð við áföll, kvíða, þunglyndi, geðhvörf, lungnaþembu, verki og fíkn.

Lárus segir að ástæðu meiri svefnlyfjanotkunar á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndunum megi ugglaust rekja til lengri vinnutíma á Íslandi þar sem áhlaups- og tarnamenningin sé partur af þjóðarsálinni. „Lengri vinnutíma fylgir oft meira kaffiþamb,“ segir Lárus.

Kaffidrykkja, sem hefur þekkt áhrif á svefngæði, sé þó að breytast og er að verða fjölbreyttari. Neysla orkudrykkja hafi líka tekið við.

„En það er samt athyglisvert að öll Norðurlöndin skera sig enn úr hvað mikið kaffiþamb varðar, allt frá 1960, þótt ekkert þeirra framleiði kaffi. Líklega stafar það af því að léttvín, bjór og aðrir drykkir eru víða annars staðar teknir fram yfir sífellt kaffisvolgur,“ segir Lárus S. Guðmundsson. ■




LANDSBANKINN.IS

# Njótum aðventunnar







Þú finnur allt til að gera fallegt fyrir aðventuna í verslun okkar og vefverslun **www.gardheimar.is**
Úrval af kertum, ljósum og alls kyns skreytingarefni á afslætti.
**Afsláttarkóði: ADVENTUKVOLD**







Opið til 21
öll kvöld

**GARÐHEIMAR**

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Banna botnveiðar á viðkvæmum svæðum

kristinnhaukur@frettabladid.is

**SJÁVARÚTVEGUR** Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra hefur lagt fram drög að reglugerð sem bannar botnveiðar á viðkvæmum svæðum, það er að segja með línu eða fiskibotnvörpu.

Drögin byggja á skýrslu Hafrannsóknastofnunar frá 2021. Hún lýtur að verndun viðkvæmra botnvistkerfa í efnahagslögsögunni. Svo sem vegna kórala, svampa, osta og annarra tegunda á sjávarbotni.

Eru sum svæði skilgreind botnveiðisvæði, önnur sem takmörkuð botnveiðisvæði og enn önnur verndarsvæði. Takmarka megi núverandi fótspor veiðarfæra umtalsvert án þess að það komi mikið niður á heildarafla.

Einhver svæðanna voru áður skilgreind sem verndarsvæði eða friðunarsvæði, sum allt frá árinu 1971. Þrjú verndunarsvæði eru ný. Svæðin þar sem allar botnveiðar verði bannaðar eru 18 sem saman eru nær 2 prósent af efnahagslögsögunni.

» Verndarsvæðin eru 18 og þekja 2 prósent efnahagslögsögunnar.

Meðal annars eru verndarsvæði á Langanesgrunni, í Lónsdýpi og við Hornafjarðardjúp og vestur af Snæfellsnesi. Á þessum svæðum verður þó áfram heimilt að veiða uppsjávarfisk með flotvörpu og hringnót. ■


EIGA LÍFEYRISÞEGAR AÐ BORGA FYRIR MISTÖK STJÓRNMÁLAMANNA?

ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR



Opinn morgunverðarfundur á Hótel Natura (Loftleiðum) þriðjudaginn 22. nóvember kl. 8.15

Fundarstjóri Kristrún Heimisdóttir

Morgunverður í boði samtakanna frá kl. 7.45



Vilhjálmur Bjarnason – hvað gerðist eiginlega?



Þorsteinn Pálsson – pólitísk og siðferðileg gildi



Bolli Héðinsson – valkostirnir

Allir velkomnir!

Samtök sparifjáreigenda

SUMAR FERÐIR



PUNTA CANA

25. nóvember - 04. desember

Vista Sol Hotel ****
Beach Resort - Allt innifalið

Vista Sol er glæsileg resort sem er staðsett við hina frægu strönd "Playa Bávaró".

Innifalið í verði
- Beint flug
- Lúxus gisting
- Allt innifalið
- Innrituð taska 20 kg.
- Íslensk fararstjórn
- Akstur til og frá flugvelli

Verð frá 279.900 kr.
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn

www.sumarferdir.is | info@sumarferdir.is | 514 1400




Fimmtán manns eru búsettir í tíu tækjum í hjólhýsabyggðinni í Laugardal. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Segir stjórnvöld gaslýsa öryrkja

Íbúi í hjólhýsabyggðinni í Laugardalnum fær ekki að hafa lögheimili heima hjá sér og er því í raun heimilislaus samkvæmt kerfinu. Hún segir stjórnvöld gaslýsa almenning til að telja fólki trú um að það sé búið að gera mikið fyrir öryrkja.

sigurjon@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Geirdís Hanna Kristjánsdóttir er 47 ára gömul og er öryrki. Hún hefur búið í hjólhýsabyggðinni í Laugardalnum síðastliðin tvö og hálft ár í hjólhýsi sem hún á sjálf. Í hjólhýsabyggðinni búa fimmtán einstaklingar í tíu mismunandi tækjum.

„Ég er öryrki með tekjur frá Tryggingastofnun og er að fá 225 þúsund útborgað þaðan á mánuði. Þannig að ég er ekki einu sinni með laun til þess að vera á leigumarkaði vegna þess að ég get ekki staðið undir mánaðarlegum afborgunum af leigu," segir Geirdís.

Allan þann tíma sem Geirdís hefur búið í Laugardalnum hefur henni ekki verið leyft að hafa lögheimili á sínu eigin heimili, en ekki er leyfilegt að hafa lögheimili í hjólhýsum. „Ég bý í mínu eigin húsnæði og engum háð nema sjálfri mér," segir hún.

„Það eina sem ég er háð er þeim samningum sem Reykjavíkurborg nær við Farfugla um okkar veru á svæðinu," segir Geirdís en Farfuglar sjá um rekstur tjaldstæðisins í Laugardal, þar sem hjólhýsabyggðin er staðsett.

„Þess utan hefur það valdið okkur öllum kvíða hvernig staðan er búin að vera og hversu erfitt það hefur verið að ná góðri samvinnu. Ef horft er fram hjá því, þá líður mér mjög vel," segir hún.

Geirdís er skráð sem „óstaðsett í hús" vegna þess að hún fær ekki að hafa lögheimili sitt heima hjá sér og samkvæmt kerfinu er hún heimilislaus. Það felur í sér ýmsar skerðingar. „Ég fæ þar af leiðandi ekki það sem heitir heimilisuppbót frá Tryggingastofnun og samkvæmt nýjustu tölum, þá er heimilisuppbót um 700 þúsund á ári," segir hún.

Heimilisuppbótin er hugsuð fyrir fólk sem er á örorku og býr eitt. Geirdís segist tikka í öll þau box, nema að hún er hvergi með skráð lögheimili og fær því ekki þessa uppbót.

„Ef ég væri að leigja, þá myndi ég bara drukkna í öðrum kostnaði. Fengi ég þetta núna þar sem ég bý, þá myndi það strax létta undir," segir Geirdís.

” Ég hef ekki farið til tannlæknis í þrettán ár vegna þess að ég hef ekki efni á því.



Geirdís Hanna Kristjánsdóttir, öryrki í hjólhýsabyggðinni í Laugardalnum

„Þó ég „eigi hvergi heima" þá á ég samt heimili og ég er virkur samfélagsþegn. Ég hef reynt að fara á vinnumarkaðinn en mér hefur verið refsað harkalega fyrir það, vegna þess að skerðingar kerfisins eru svo miklar," segir Geirdís.

Hún segir ýmsar skerðingar fylgja því að vera með lítinn pening á milli handanna í hverjum mánuði. „Ég hef ekki farið til tannlæknis í þrettán ár vegna þess að ég hef ekki efni á því. Ég fer kannski einu sinni á fimm ára fresti á stofu til þess að láta klippa á mér hárið, annars á ég fína græju sem ég renni sjálf í gegnum hausinn minn," segir hún og bætir við að fyrir henni sé þetta lúxus.

Þá nefnir Geirdís einnig bíó, tónleika og leikhús meðal annars. „Þetta er munaðarvara fyrir okkur." Hún segir þetta geta haft félagslegar afleiðingar í för með sér og að fólk geti einangrast vegna þessa.

Sjálf er Geirdís dugleg að taka þátt í félagsstarfi en hún segist gera það til þess að halda sér gangandi. „Ég er í námi til viðurkenningar bókara. Ég er að sinna sjálfboðastarfi hjá Pepp, grasrót fólks í fátækt, og svo stunda ég keilu sem keppnisíþrótt. Það er svona eitt og annað sem ég er að gera."

Geirdís segir stjórnvöld gaslýsa ákveðna hópa samfélagsins. „Það er verið að gaslýsa okkur, það er verið að reyna að telja okkur trú um að það sé búið að gera svo vel við öryrkja, en það er bara ekki rétt," segir hún. ■



Anna og Skálmaldarmenn.

## Kom frá Úkraínu til að sjá Skálmöld

gar@frettabladid.is

**FÓLK** „Hún þurfti að taka tvær lestir hingað því hún lenti í sprengjuárás. Hún ætlaði ekki að láta neitt stoppa sig,“ segir Þráinn Árni Baldvinsson, gítarleikari Skálmaldar, sem fyrir tónleika í Kraká í Póllandi í gærkvöldi hitti aðdáanda sem kominn var frá Úkraínu.

„Hún vildi bara knús og spjall. Ég sagði henni ég gæti ekkert sagt sem gerði neitt betra.“ ■



HM í Katar hefst á morgun.

## Enginn hætt við auglýsingu á HM

kristinnpall@frettabladid.is

**HM Í KATAR** Ekkert fyrirtæki hefur óskað eftir því að hætta við auglýsingar á RÚV á meðan Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu fer fram. Þetta staðfestir Einar Logi Vignisson, framkvæmdastjóri söludeildar auglýsinga hjá Ríkisútvarpinu.

Bjórframleiðandinn BrewDog kynnti nýlega auglýsingaherferð gegn HM í Katar og íþróttavöruframleiðandinn Hummel gaf út að hönnun dönsku landsliðstreyjunnar væri látlaus til að mótmæla meðferð verkamanna í Katar.

„Það hefur ekkert fyrirtæki, svo ég viti til, dregið auglýsinguna til baka eða hætt við að auglýsa þótt það sé auðvitað með þennan viðburð eins og aðra að það eru ekki allir sem auglýsa í honum,“ segir Einar Logi. ■



Í Santa Cruz. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Verkfall í Bólivíu

thorgrimur@frettabladid.is

**BÓLIVÍA** Allsherjarverkfall og götumótmæli standa nú yfir í Santa Cruz í Bólivíu vegna seinkunar ríkisstjórnarinnar á útgáfu nýs manntals. Manntalið mun ráða úrslitum við næstu kjördæmaskiptingu í landinu og gert er ráð fyrir því að íbúum í Santa Cruz muni fjölga verulega.

Þar sem sitjandi stjórn Sósíalistahreyfingarinnar nýtur minni stuðnings í Santa Cruz en víða annars staðar óttast mótmælendur að stjórnin sé viljandi að seinka útgáfu manntalsins til þess að koma í veg fyrir að umdæminu verði úthlutað fleiri þingmönnum. ■

# Erfitt að skýra gengishrun krónunnar

bth@frettabladid.is

**EFNAHAGSMÁL** Már Wolfgang Mixa hagfræðingur segir engar augljósar skýringar á því að gengi íslensku krónunnar hefur fallið hratt upp á síðkastið. Staða krónunnar gagnvart evru er 9 prósentum veikari en í júní. Eru íslenskir ferðalangar á erlendri grundu meðal þeirra sem hafa fundið fyrir breytingunni, þar sem ferð getur kostað 10 prósentum meira en fyrir skemmstu.

Már nefnir sem hugsanlegar skýringar á veikingu krónunnar að vangaveltur séu um að lífeyrissjóðir séu að færa fjármagn meira í erlendar fjárfestingar.

Önnur skýring sé að ansi margir Íslendingar hafi farið til útlanda upp á síðkastið og verið á faraldsfæti. Gengi gjaldmiðla sé eins og gengi hlutabréfa hvað það varði að það byggist að stóru leyti á væntingum ekki síður en stöðunni hverju sinni.

„Það er erfitt að átta sig á hve mikil ítök Seðlabankinn hefur í veikingu eða styrkingu,“ segir Már. Gengisfallið er ekkert til að hafa áhyggjur af að sögn Más. Augljóslega aukist þó verðbólguvæntingar, en ekkert í farvatninu gefi til kynna að viðvarandi veikingaskriða sé í aðsigi. „Sjávarútvegurinn og allar útflutningsgreinar njóta þessa ástands,“ segir Már.

„Það má kannski rifja upp að þegar krónan var sem sterkust, 2017–2018, kvörtuðu aðilar sem byggðu rekstur sinn að miklu leyti á útflutningi undan ástandinu. Það er kannski eftir meiru að slægjast að gjaldmiðill sé stöðugur fremur en ofursterkur.“ ■

> „Sjávarútvegurinn og allar útflutningsgreinar njóta þessa ástands.



Már Mixa, hagfræðingur





## Opnir fundir fyrir landeigendur og aðra hagaðila

Landsnet hefur hafið undirbúning að mati á umhverfisáhrifum Holtavörðuheiðarlínu 3 milli Holtavörðuheiðar og Blöndu. Lagning línunnar er mikilvægur hlekkur í nýrri kynslóð byggðalína.

Meginmarkmiðið er að auka afhendingaröryggi og afhendingargetu á landinu og tryggja að flutningskerfið standi ekki í vegi fyrir atvinnuuppbyggingu og eðlilegri þróun byggða á landinu.

Með samráði og samtali við landeigendur og hagaðila, rannsóknum og greiningum verður farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum til að fá betri mynd af verkefninu, möguleikunum og hvernig línuleiðum verður háttað.

Anna Sigga, Elín Sigríður, Erla, Magni, Steinunn og Sverrir bjóða ykkur hjartanlega velkomin á opna fundi um Holtavörðuheiðarlínu 3.

**22. nóvember**
Hótel Laugarbakka, Miðfirði
20:00–21:30

**23. nóvember**
Félagsheimilinu Blönduósi
16:30–18:00








Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

LANDSNET



Íslendingar á sérstöku Fan Zone í Finnlandi fyrir Eurobasket.

## Engin svæði fyrir stuðningsmenn

benediktboas@frettabladid.is

**HM Í KATAR** Þjóðverjar hafa nánast snúið baki við HM. Kevin Grosskreutz, sem vann HM 2014 með Þýskalandi, á vinsælan bar í Dortmund. Hann segir við þýska fjölmiðla að enginn leikur verði sýndur á hans bar. Hundruð sportbara um landið ætla ekki að sýna frá mótinu, meðal annars The Fargo bar í Berlín.

Við Brandenburgarhliðið verður ekkert svæði fyrir stuðningsmenn.

Ada Colau, borgarstjóri Barcelona, vill ekki að borgarland verði nýtt til að sýna frá mótinu. Franskar borgir, eins og París, ætla að gera slíkt hið sama. Þess má geta að PSG í París er í eigu Katara.

Bloomberg greindi frá því að í Lundúnum yrðu ekki nein svæði fyrir stuðningsmenn og Belgar ákváðu að gera slíkt hið sama um allt land. ■

## Budweiser borgaði milljarð

benediktboas@frettabladid.is

**HM Í KATAR** AB InBev, móðurfélag Budweiser, borgaði 75 milljónir dollara, eða um 1,1 milljarð króna, fyrir að vera opinber HM-bjór í Katar.

Gert var ráð fyrir að selja venjulegan Bud í Katar en í gær tóku yfirvöld í Katar U-beygju varðandi bjórsölu og bönnuðu áfengan bjór. Aðeins verður hægt að kaupa Bud zero, sem er óáfengur bjór.

„Þetta er vandræðalegt,“ sagði Budweiser á Twitter þegar bannið var tilkynnt en eyddi skömmu síðar færslunni.

Stuðningsmannafélag Englendinga, The Football Supporters Association, sendi frá sér yfirlýsingu í kjölfarið þar sem bjórbannið var fordæmt. Dæmi séu um að stuðningsmenn séu búnir að eyða sjö þúsund pundum, rúmum 1,3 milljónum króna, til að koma til Katar og ekki sé auðvelt að hætta einfaldlega við að mæta. ■

# Hatrammar deilur undirstriki mikla hagsmuni

bth@frettabladid.is

**SJÁVARÚTVEGUR** „Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það sé atvinnugreininni mjög mikilvægt að sátt ríki um hana,“ segir Daði Már Kristófersson, prófessor í hagfræði.

Daði hefur rannsakað sjávarútveg og segir vegna rannsóknar Kristjáns Vigfússonar sem sýnir fram á óánægju útgerðarmanna með umhverfi sitt, þar sem mikill tími fari í varnarviðbrögð, að það sé sorglegast að deilurnar komi í veg fyrir að við metum atvinnugreinina að verðleikum.

Íslenskur sjávarútvegur sé stórmerkilegur og gríðarlegur árangur hafi náðst. Daði nefnir sem dæmi að á ráðstefnu í síðustu viku hafi verið kynning á nýrri gerð togara og allur búnaður hafi verið íslenskur.

Daði Már segir að grein Kristjáns sýni að stjórnendur sjávarútvegsfyrirtækja finni mjög sterkt fyrir neikvæðum afleiðingum af deilunum.

Partur af hagsmunagæslu útgerðarmanna sé rekstur fjölmiðla. „Ég held að ástæður þess hve deilurnar eru hatrammar sé að það er umtalsverða hagsmuni að ræða.“

> Ég er ekki að taka undir grátkórinn en deilurnar eru okkur dýrar.



Daði Már Kristófersson, hagfræðiprófessor

Daði Már segir ekki gott að slíkar deilur séu uppi og grafi undan samfélagssáttmála með því að taka ekki tillit til hvernig staðið er að úthlutun á aðgangi í takmarkaða sameiginlega auðlind. „Ég er ekki að taka undir grátkórinn en deilurnar eru okkur dýrar.“

Daði segir þær lausnir sem hann hafi lagt til hugnast útgerðinni ekki.

„Sem dæmi sú leið að fara úr ævarandi aflahlutdeild yfir í tímabundna hlutdeild og að öll sú aflahlutdeild sem rynni út yrði seld á markaði,“ segir Daði Már, sem einnig er varaformaður Viðreisnar. ■

# Grikkir minnast blóðbaðsins í Aþenu

**Þúsundir mótmælenda streymdu út á götur Aþenu á fimmtudag til að minnast þeirra sem létu lífið er herstjórn Grikklands bældi niður mótmæli við háskóla í Aþenu árið 1973. Atburðurinn olli miklu hneyksli í Evrópu og var talinn vera síðasti nagli í kistu herforingjastjórnarinnar, sem lét af völdum nokkrum mánuðum síðar.**



Mótmælendur sem voru á staðnum hinn ólagaríka dag árið 1973 prýða fremstu röðina við ræðuhöld. MYND/SPESSI

helgisteinar@frettabladid.is

**GRIKKLAND** Gríska herforingjastjórnin tók við völdum 21. apríl 1967 þegar ofurstinn Georgios Papadopoulos framdi valdarán eftir að ljóst var orðið að vinstristjórn Georgios Papandreou myndi fara með sigur í kosningum.

Herforingjastjórnin hugðist endurheimta stöðugleika í Grikklandi en stjórnarfar hennar einkenndist af harðræði, pyntingum og Grikkjum í útlegð.

Vöxtur varð í efnahag Grikklands og ákveðinn stöðugleiki en það var á kostnað skerts tjáningarfrelsis. Dagblöð í landinu voru ritskoðuð og stjórnarandstæðingar handteknir og fangelsaðir.

Stjórnsemin var svo víðtæk að skólastjórum landsins var skipað að sjá til þess að nemendur sæktu kirkju alla sunnudaga og reiðiköst í umferðinni gátu leitt til bílprófsmissis í fjóra mánuði.

Fyrstu stóru mótmælin gegn herforingjastjórninni urðu er laganemar mótmæltu herkvaðningu. Andstaðan jókst næstu mánuði og í nóvember breyttist námsmannaverkfall í uppreisn gegn stjórninni. Verkamenn og bændur streymdu til Aþenu til að styðja við námsmennina sem höfðu girt sig af við Polytechnic-háskólann.

> Það leit þannig út á tímabili að það myndi sjóða upp úr en svo gerðist það ekki.



Spessi ljósmyndari

Upp úr sauð þegar hermenn á skriðdreka óku niður hlið háskólans snemma að morgni 17. nóvember 1973. Mótmælendur höfðu þá sagt að til stæði að steypa herforingjunum af stóli. Talið er að nær 40 hafi látið lífið þennan dag en opinber rannsókn staðfesti aðeins 24 dauðsföll.

Íslenski ljósmyndarinn Sigurþór Hallbjörnsson, Spessi, var við mótmælin. Spessi sem er nú í Aþenu segir að atvikið hafi lengi verið talin niðurlæging fyrir Grikki.

Haldin eru mótmæli árlega til að ítreka að slíkir atburðir megi aldrei verða aftur í „vöggu lýðræðis“. Minningarmótmælin hafa einnig verið blóðug. Til að mynda létust tveir í mótmælum árið 1980.

Mótmælaganga endar við bandaríska sendiráðið, en það voru bandarísk stjórnvöld sem studdu við bakið á herforingjastjórninni. Segir Spessi að Bandaríkjamenn séu ekki í miklum metum hjá Grikkjum á þessum degi. Hundruð óeirðalögreglumanna voru fyrir framan brynvarðar rútur sem girtu af sendiráðið örlagadaginn fyrrnefnda 1973.

Spessi segir sér hafa verið ráðlagt að vera með gasgrímu. Hann hafi séð marga blaðamenn og ljósmyndara með hjálma og allan búnað.

„Hefðu þeir skotið af táragasi þá ætlaði ég mér að fá lánaðan úðabrúsa sem vinnur á móti gasinu, en vandinn er að þá getur maður ekki andað. Ég var samt meira viðbúinn að hlaupa í burtu. Það leit þannig út á tímabili að það myndi sjóða upp úr en svo gerðist það ekki.“ ■





POTTURINN STEFNIR Í
105
MILLJÓNIR
þægilegt í appinu
inná lotto.is
eða næsta sölustað
Lottó
LEIKURINN OKKAR



EINSTAKT VERÐ

## NAXOS OG VEGA

Ný og gullfalleg sófa- og borðstofuborð úr gegnheilum marmara. Marmari þykir tignalegastur allra steina en hver marmari hefur sinn karakter. Einstök hönnun sem fáanleg er með svörtum eða hvítum lökkuðum marmara. Borðin eru unnin úr sjálfbærum og umhverfisvænum verksmiðjum sem tryggja hámarksgæði og endingu.

### VEGA
Sófaborð. 140 × 70 cm. Hvítur eða svartur marmari.
**95.992 kr.** ~~119.990 kr.~~

### VEGA
Sófaborð. 90 × 90 cm. Hvítur eða svartur marmari.
**79.992 kr.** ~~99.990 kr.~~



### VENICE
3ja sæta sófi. Dökkgrár eða svartur. 184 × 85 × 89 cm. **151.992 kr.** ~~189.990 kr.~~



### VENICE
2ja sæta sófi. Dökkgrár eða svartur. 156 × 85 × 89 cm. **103.992 kr.** ~~129.990 kr.~~



### VENICE
Stóll. Dökkgrár eða svartur.
**91.992 kr.** ~~114.990 kr.~~

EINSTAKT VERÐ



### NAXOS
Borðstofuborð. Hvítur eða svartur marmari.
Ø130 × 75 cm.
**239.992 kr.** ~~299.990 kr.~~



### CRESTON
Borðstofustóll. Svartur, grár, sand eða Rose.
Einstaklega þægilegir með pokagormum í setu.
**31.992 kr.** ~~39.990 kr.~~



### NEW WILSON
Borðstofustóll, svart birki.
**21.592 kr.** ~~26.990 kr.~~



### ONTORIO
Borðstofustóll, beinhvítur eða grár.
**27.192 kr.** ~~33.990 kr.~~

# 20%

# AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM OG ÖLLU JÓLASKRAUTI



**NORDAL PICO**
Kertastjaki fyrir 4 kerti.
Ø27 × 13 cm.
15.992 kr. ~~19.990 kr.~~



**NOLA**
Sófaborð. Ø90 cm. Svört eða reyklituð eik.
59.992 kr. ~~74.990 kr.~~

25%



**COUVIN**
Glerskápur úr svörtu birki.
120 × 42 × 210 cm.
194.993 kr.
~~259.990 kr.~~



**CORE**
Glerskápur.
90 × 40,3 × 190 cm.
103.992 kr.
~~129.990 kr.~~



**OTTOWA**
Borðstofustóll. Grátt PU leðurlíki, grátt eða grænt velvet.
23.992 kr. ~~29.990 kr.~~




## Höllin mín

Yfir 20.000 manns hafa nú þegar skoðað blaðið

*Skannaðu QR-kóðann til að lesa blaðið*

HÚSGAGNA HÖLLIN

## Flótti frá Twitter og framtíðin er óljós

ninarichter@frettabladid.is



Elon Musk, nýr eigandi Twitter

**TÆKNI** Samfélagsmiðillinn Twitter er í ótryggri stöðu og spurningar verða sífellt háværari varðandi getu fyrirtækisins til að halda áfram rekstri. Hundruð starfsmanna hafa sagt upp störfum síðustu daga eftir póst sem eigandi fyrirtækisins, Elon Musk, sendi starfsmönnum á miðvikudag.

Í póstinum setti eigandinn starfsfólkinu þá kosti að vinna langa vinnudaga af mikilli elju eða láta af störfum. Hann bað fólkið vinsamlegast að halda áfram að fylgja stefnu fyrirtækisins og forðast að ræða trúnaðarupplýsingar tengdar fyrirtækinu á samfélagsmiðlum, við fjölmiðla eða annars staðar.

Öllum skrifstofum fyrirtækisins var í framhaldinu læst fram á mánudag.

Meðal þeirra sem hafa sagt upp störfum eru lykilpersónur úr starfsliði fyrirtækisins sem séð hafa um rekstur mikilvægra kerfa. Samkvæmt heimildum The Washington Post er nokkur hluti kerfa alfarið án eftirlits sem stendur.

Fjöldi notenda hefur hafið undirbúning og flutning yfir á önnur og sambærileg kerfi og er samfélagsmiðillinn Mastodon meðal þeirra sem oftast eru nefndir í því samhengi.

Þá hafa margir þegar afritað gögn og yfirgefið miðilinn. Þar á meðal eru frægir einstaklingar með gríðarlegan fjölda fylgjenda, meðal annarra fyrirsætan Gigi Hadid, sem lokaði reikningi sínum eftir tíu ár á miðlinum. ■







Mótmæli gegn forsætisráðherra Taílands voru áberandi meðan á ráðstefnunni stóð. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ráðstefna APEC enn eitt dæmi um valdaskipti í Asíu

Alþjóðleg ráðstefna um samstarf Asíu- og Kyrrahafsríkja fór fram í Bangkok í Taílandi í vikunni og var þetta í fyrsta sinn sem ráðstefnan var haldin með eðlilegu sniði síðan heimsfaraldurinn skall á. Fjarvera Joe Biden Bandaríkjaforseta á ráðstefnunni veitti Xi Jinping tilvalið tækifæri til að stela senunni.

helgisteinar@frettabladid.is

**ALÞJÓÐAMÁL** Ráðstefna APEC-ríkjanna er árlegur viðburður þar sem stjórnarleiðtogar tuttugu og eins Kyrrahafsríkis mæta og ræða stjórnmála- og viðskiptatengd málefni sín á milli. Hlutverk ríkjanna er meðal annars að skapa nýja markaði fyrir hrávöru og landbúnaðarvörur utan Evrópu.

Frá því að ráðstefnan í ár byrjaði þann 16. nóvember hafa mótmæli og stjórnmálaspenna einkennt ráðstefnuna í taílensku höfuðborginni. Íbúar í Bangkok hafa haldið stöðug mótmæli gegn forsætisráðherra landsins, Prayuth Chan-ocha, í nokkur ár frá því að hann tók við embættinu undir neyðarlögum valdaráns sem átti sér stað árið 2014.

Í september á þessu ári ákvað hæstiréttur Taílands að framlengja valdatíma Prayuth fram til næstu kosninga. Mótmælendur hafa nýtt ráðstefnuna til að vekja athygli á gremju sinni og mættu þeir tugþúsundum lögreglu- og hermanna á götum borgarinnar meðan á ráðstefnunni stóð.

Stjórnarleiðtogar neyddust einnig til að funda vegna fregna um að Norður-Kóreumenn hefðu skotið á loft langdrægri eldflaug sem gæti borið kjarnorkuvopn alla leið til Bandaríkjanna. Japönsk stjórnvöld sögðu að eldflaugin hefði lent innan efnahagslögsögu þeirra og sögðu bandarísk yfirvöld eldflaugaskotið vera blygðunarlaust brot á fjölda ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Varaforseti Bandaríkjanna, Kamala Harris, fundaði meðal annars með forsætisráðherrum Japans og Suður-Kóreu, en hún er stödd á ráðstefnunni í stað Joe Biden sem sagðist ekki geta mætt sökum brúðkaups hjá barnabarni sínu.

Fjarvera Joe Biden á ráðstefnunni setur Bandaríkin í erfiða stöðu gagnvart þjóðum innan Sambands Suðaustur-Asíuríkja. Hún styrkir þann hugsunarhátt að Bandaríkin líti ekki lengur á Asíu sem efnahagslegt forgangsatriði og að bandarísk áhrif á svæðinu muni halda áfram að dvína. Samkvæmt rannsókn um stöðu Suðaustur-Asíu sem gerð var af ISEAS-háskólanum í Singapúr töldu 76,7 prósent aðspurðra Kína vera áhrifamesta efnahagsveldi álfunnar.

**76,7%**

**Suðaustur-Asíubúa telja Kína vera áhrifamesta efnahagsveldi álfunnar.**

Í opnu bréfi til æðstu leiðtoga ráðstefnunnar gagnrýndi Xi Jinping það sem hann kallaði „kalda-stríðshugsun, valdagræðgi og aflokunarstefnu“, lýsandi orð sem stjórnvöld í Peking hafa oft bendlað við Bandaríkin.

„Kyrrahafssvæðið er ekki bakgarður neins og ætti heldur ekki að vera vígvöllur fyrir valdasamkeppni. Tilraunir til að heyja nýtt kalt stríð verða aldrei leyfðar af okkar fólki á okkar tíma,“ segir Xi og bætir við að allar tilraunir til að valda tjóni á iðnaði og aðfangakeðjum muni aðeins skemma fyrir efnahagssamstarfi ríkjanna. ■



ICELANDAIR

# Vildarbörn 2022



## Ellefu börn og fjölskyldur þeirra fengu ferðastyrk Vildarbarna Icelandair

Starfsemi Vildarbarna Icelandair byggir á hugmyndum og starfi Peggy Helgason, eiginkonu Sigurðar Helgasonar, sem lengi var forstjóri Flugleiða og stjórnarformaður Icelandair Group. Peggy hefur um árabil unnið sem sjálfboðaliði á barnadeildum sjúkrahúsa í Reykjavík og stutt fjölskyldur fjölda veikra barna með ýmsum hætti.

Hún situr í stjórn Vildarbarna Icelandair og er Sigurður formaður stjórnarinnar. Vigdís Finnbogadóttir er verndari sjóðsins.

Markmið sjóðsins er að gefa langveikum börnum eða börnum sem búa við erfið skilyrði, og fjölskyldum þeirra, tækifæri til þess að fara í draumaferð sem þau ættu annars ekki kost á.

Líkt og við úthlutun styrkjanna undanfarið afhentu Sambíóin börnunum bíómiða.

Sjóðurinn Vildarbörn er fjármagnaður með beinu fjárframlagi Icelandair, frjálsum framlögum félaga í Saga Club Icelandair sem geta gefið af Vildarpunktum sínum, með söfnun myntar um borð í flugvélum Icelandair og söfnunarbaukum á Keflavíkurflugvelli og söluskrifstofu Icelandair. Einnig koma til frjáls framlög og viðburðir.

Í hverjum styrk frá sjóðnum felst skemmtiferð fyrir barnið og fjölskyldu þess, og er allur kostnaður greiddur: flug, gisting, dagpeningar og aðgangseyrir að sérstökum viðburði sem barnið óskar sér.

Vildarbörn Icelandair

# Velþóknun



**Sigmundur Ernir Rúnarsson**
ser
@frettabladid.is

Frjálsir fjölmiðlar eru í dauðafæri við að afhjúpa aumasta afturhaldið í Katar á næstu vikum með því að halda sínu striki sem gestir og gangandi í fasistaríkinu við Persaflóa – og hvika þar hvergi frá gildum ýtrustu lýðréttinda.

Núna reynir nefnilega á fulltrúa tjáningarfrelsisins í þessu arabíska undralandi – og spurningin er á að giska áleitin; ætla þeir að bugta sig fyrir yfirgangi þessa afturhaldssama lögreglulríkis, ellegar að standa í lappirnar og sýna og segja frá endurteknum og ógeðfelldum mannréttindabrotum sem eru látin viðgangast í Katar?

Það er út af fyrir sig ískyggilegt að forkólfar knattspyrnuforystunnar í heiminum hafi látið kaupa sig til að klappa upp karlpungaveldi af þessu tagi. Fyrir vikið láta þeir sig hafa það að hampa þeirri nöturlegu nesjamennsku sem viðgengist hefur í þessu íhaldspokaveldi á Arabíuskaga í árafjöld. En úr því sem komið er ber frjálsum fjölmiðlum að segja skilmerkilega frá því – og það með skilmerkilegum hætti – hvað sú sama forysta er að sætta sig við.

Og það er ekkert minna en níðingsskapur af verstu gerð, ekki einasta ömurleg og ítrekuð árás á kvenfrelsi og fjandsamleg fóbía gagnvart hinsegin fólki, heldur framgangur af því tagi gagnvart almenningi að ekki verður jafnað við siðmenntuð ríki á seinni öldum.

Allt leikur hér raunar á reiðiskjálfi. Þær þjóðir heims sem barist hafa hvað harðast fyrir sjálfsögðum mannréttindum minnihlutahópa af öllu tagi um áraraðir ætla nú að efna til langvarandi skemmtunar í landi sem færir sömu baráttu aftur um aldir.

Eða verður það svo?

Það er af þessum sökum sem eftir verður því tekið hvort fjölmiðlafólk frá öðrum menningarsvæðum en Arabíu, sem gerir sig gestkomandi í Katar á næstu tuttugu og átta dögum, ætlar að leggjast í meðvirkni uppi á þægilegum hótelherbergjum sínum, milli þess sem það heimsækir dýrustu knattspyrnuleikvanga íþróttasögunnar sem eru þeir fyrstu sinnar tegundar með háþróuðum kælikerfum svo leikmennirnir inni á vellinum lifi leikinn af í mollunni.

Og áhugamenn um tjáningarfrelsi, kvenfrelsi og baráttufólk fyrir jöfnum rétti hinsegin fólks á borð við aðra í samfélaginu munu einnig bera sig eftir því hvaða fyrirtæki muni helst og lengst setja markaðspeninga sína í auglýsingar á þessum vettvangi. En allt það fólk mun einmitt spyrja sig – og það eðlilega: Eru þessi fyrirtæki að taka þátt í veislunni með velþóknun? ■

> Núna reynir nefnilega á fulltrúa tjáningarfrelsisins í þessu arabíska undralandi.




## Gunnar




## Mín skoðun

# Þetta er ekki hótun



**Sif Sigmarsdóttir**

Íslenskur sjávarútvegur er gjarnan sagður í fremstu röð á heimsvísu. Nýjustu fréttir benda til þess að atvinnugreinin sé í fremstu röð á fleiri sviðum en fiskveiðum.

Egill Örn Jóhannesson er framkvæmdastjóri bókaútgáfunnar Forlagsins. Í aðdraganda jóla árið 2019 fékk Egill óvænta heimsókn á skrifstofuna til sín – ekki þó frá jólasveininum.

„Hann bara dúkkaði hér upp í miðri jólavertíð,“ sagði Egill í viðtali við Stundina um innlit Jóns Óttars Ólafssonar, starfsmanns sjávarútvegsfyrirtækisins Samherja. „Þá var ég svo grunlaus að ég hélt að hann væri að koma að bjóða mér handrit.“

Þeir Egill og Jón ræddu um daginn og veginn. Þegar Jón kvaddi var Egill engu nær um erindi heimsóknarinnar. Það skýrðist nokkrum dögum síðar.

Egill fékk boð á fund á skrifstofu Samherja. Þar var honum ráðlagt að innkalla eina af bókum Forlagsins, Ekkert að fela: Á slóð Samherja í Afríku, þar sem þrír þekktir blaðamenn skrifuðu um meintar mútugreiðslur Samherja í Namibíu.

Egill aðhafðist ekkert. Þann 22. desember fékk hann tölvupóst frá Jóni Óttari þar sem látið var að því liggja að ef Forlagið innkallaði ekki bókina biði fyrirtækisins kostnaðarsöm málaferli í London. „Googlaðu bara English defamation law [enska meiðyrðalöggjöf] og hvað málflutningsmaður QC kostar á klukkutímann. Þetta er ekki hótun … bara að aðstoða þig að taka upplýsta ákvörðun.“

**Vondi karlinn**

Rússneski stjórnarandstæðingurinn Alexei Navalny komst í heimsfréttirnar árið 2020 þegar eitrað var fyrir honum með taugaeitrinu Novichok. Hann lifði af og í janúar árið 2021 mælti hann með bók. Bókin var eftir breska blaðamanninn Catherine Belton og fjallaði um hvernig stétt rússneskra oligarka hefði sölsað undir sig eigur ríkisins.

Nokkrum vikum síðar höfðuðu fjórir rússneskir auðmenn og rússneskt olíufyrirtæki fimm meiðyrðamál gegn Belton og útgefanda hennar fyrir enskum dómstólum.

„Þetta er ekki hótun.“ Uppátæki útsendara Samherja á sér þó nafn. Það gengur undir skammstöfuninni SLAPP sem stendur fyrir „strategic lawsuit against public participation“, eða „skipulögð lögsókn til hindrunar almennri umræðu“. Markmið stefnanda í slíkum málsóknum er ekki að hafa sigur fyrir dómi heldur að þagga niður í gagnrýnisröddum með því að kaffæra andstæðinga í lögfræðikostnaði og fæla aðra frá því að taka þátt í umræðunni. Lagaumhverfi á Englandi þykir einkar vel til þess fallið og eru enskir dómstólar vinsæll vettvangur til ímyndargæslu, sér í lagi meðal rússneskra oligarka.

„Flest útgáfufyrirtæki hefðu látið undan þrýstingi og innkallað bókina,“ sagði Catherine Belton en hún og útgefandi hennar ákváðu að verjast málsóknunum. Það tókst að bjarga bókinni. Belton sat þó uppi með reikning upp á 1,5 milljónir punda, eða 250 milljónir íslenskra króna.

Ný rannsókn sýnir að stjórnendur stærstu útgerðarfyrirtækja á Íslandi eru óánægðir með starfsumhverfi sitt. Er ástæðan m.a. neikvæð umræða um greinina og mikill tími sem helga þarf áróðri vegna hennar. „Maður upplifir sig bara sem vonda karlinn,“ sagði Daði Hjálmarsson, sem situr í stjórn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, um niðurstöðurnar.

Á Þorláksmessu 2019 barst Forlaginu bréf frá lögmönnum Samherja um mögulega málshöfðun. Bókin hefur ekki verið innkölluð.

Samherji daðrar við flókna aðferð til ímyndarsköpunar sem aðeins er á færi fólks og fyrirtækja í fremstu röð á heimsvísu. En til er einfaldari aðferð til að virðast ekki vondi karlinn. Hún gengur undir heitinu orsök og afleiðing: Hætti stjórnendur að haga sér eins og rússneskir oligarkar mun fólk hætta að líta á þá sem rússneska oligarka. ■

> Hætti stjórnendur að haga sér eins og rússneskir oligarkar mun fólk hætta að líta á þá sem rússneska oligarka.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Margverðlaunaðar mjólkurvörur

INTERNATIONAL FOOD CONTEST,
HERNING, DANMÖRKU 2022




2 HEIÐURSVERÐLAUN | 3 GULL | 9 SILFUR | 8 BRONS






Besta mjólkurvaran í flokki neysluvara – Ísey skyr Crème brûlée

Heiðursverðlaun í skyrflokki – Ísey skyr Crème brûlée

Heiðursverðlaun




Gullverðlaun




Silfurverðlaun




Silfurverðlaun







Bronsverðlaun




Bronsverðlaun

Vörur Mjólkursamsölunnar hlutu 22 verðlaun í alþjóðlegri fagkeppni mjólkurfyrirtækja sem haldin var í Danmörku á dögunum. Eigendur og starfsfólk Mjólkursamsölunnar eru með eindæmum stolt af góðum árangri á alþjóðavettvangi en ekki síður af þeim frábæra hópi fagfólks sem íslenskur mjólkuriðnaður býr yfir á öllum sviðum.




# RAFMAGNAÐUR

## BMW X5 PHEV MEÐ 80 KM DRÆGNI* Á RAFHLÖÐU

BMW X5 Plug-in Hybrid, með einstöku xDrive fjórhjóladrifi og stærri rafhlöðu sem skilar þér af öryggi allt að 80 kílómetrum á rafmagninu einu saman. Fáguð innrétting og óviðjafnanlegur glæsileiki, ásamt 394 hestöflum veita þér hina einu sönnu BMW upplifun sem gerir hverja ferð að spennandi ævintýri.
Komdu í reynsluakstur í dag.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

4 ÁRA ÁBYRGÐ**

**Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.bmw.is

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Fjölskyldufjör

## Dagskrá á laugardag




Opið hús í dag í Skútuvogi
**Sýningarhús**
Ráðgjafar verða á staðnum frá kl. 13-17. Fáðu tilboð í draumahúsið

Skútuvogur
Maja Ben
**Litaráðgjöf**
kl. 12-15 í dag

Skútuvogur
**Jólalandið**
er á sínum stað í Blómavali



Vefverslun
**Sendum um land allt**
husa.is

FROST
**Seríur og jólaljós**
**25%**
**afsláttur** alla helgina



25%
FROST
Ljósahringur
26 cm, 100 Micro Led. 14500997
**4.343 kr**
~~5.790 kr~~



33%
FROST
Aðventuljós
7 ljósa, hvítt, rautt eða svart. 14500401-3
**1.990 kr**
~~2.990 kr~~



25%
Frostrós
50 Led, hvítt ljós. 2703008
**2.768 kr**
~~3.690 kr~~



25%
FROST
Skrautsería
20 Led með glærum kapli. 14500375
**743 kr**
~~990 kr~~



25%
Rafhlöðusería
40 hjörtu, rautt. 14500803
**1.868 kr**
~~2.490 kr~~



25%
FROST
Stjarna
50 ljósa. 14500421
**1.387 kr**
~~1.849 kr~~



25%
Ljósatré
Gyllt. 2703591
**9.742 kr**
~~12.990 kr~~



25%
FROST
Hjarta
43 cm, 200 Led. 14500412
**6.593 kr**
~~8.790 kr~~


Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.


Skútuvogur
og Akureyri
Jólasveinar
skemmta
kl. 14 í dag
blómaval
HÚSASMIÐJAN
JÓLIN FYRIR ÞIG
Tendrum
ljósin á
jólatrénu
okkar
Jólasveinar skemmta og tendra ljósin
í Skútuvogi og á Akureyri kl. 14 í dag



BIRNADROFN@FRETTABLADID.IS

# Dýrt að fá aðstoð

Hálfdán Árnason var átján ára þegar hann lenti í bílslysi, hann keyrði á fjórtán ára stúlku með þeim afleiðingum að hún lést. Hálfdán segir sögu sína í þessu tölublaði, hvernig hann vann í sjálfum sér til að öðlast hamingju að nýju og hætta að kenna sjálfum sér um. Hálfdán hefur unnið í áfallinu síðan árið 2006 með sálfræðingum, geðlæknum og öðrum innan heilbrigðiskerfisins.

Hann talar um að slík þjónusta ætti ekki að kosta neitt, Björgvin Páll Gústavsson talar um vanlíðan ungmenna og hversu mikilvægt það er að leita sér aðstoðar ef manni líður illa. Hvernig á fólk að leita sér aðstoðar þegar því líður illa þegar tími hjá sálfræðingi kostar 15–20 þúsund krónur og bið eftir tíma hjá geðlækni er margir mánuðir eða ár?

Björgvin Páll nefnir að á Íslandi svipti að meðaltali þrjár manneskjur sig lífi í hverjum mánuði. Það eitt og sér ætti líklega að vera nægileg ástæða til að endurskoða kostnað vegna sálfræðiþjónustu eða biðlista til geðlækna, raunverulega gera eitthvað í málunum. Á meðan ástandið er enn svona minni ég alla sem líður illa og vilja aðstoð á Píeta samtökin og Rauða krossinn. Þar er hægt að fá aðstoð allan sólarhringinn, hún kostar ekkert. ■

**„Hvernig á fólk að leita sér aðstoðar þegar því líður illa þegar tími hjá sálfræðingi kostar 15–20 þúsund krónur?**

## Við mælum með



**Le Kock**
Hamborgararnir á Le Kock í Tryggvagötu eru ekkert eðlilega góðir og það sama má segja um stemninguna á staðnum. Við mælum sérstaklega með Trump Tower Smash-borgaranum, hann færðu með lauk, súrum gúrkum, káli, tvöföldum osti, trufflu-tómatssósu, sinnepi og mæjónesi. Kartöflurnar á Le Kock eru líka geggjaðar og ólíkar því sem maður er vanur. Chipotle-kartöflurnar með beikoni, chipotle-sósu, gvakamóle, hvítlaukssósu og vorlauk bráðna til að mynda í munni.

**Pósthús-mathöll**
Íslendingar virðast vera sólgnir í mathallir og ber því að fagna opnun þeirra nýjustu, Pósthúsimathöll. Höllin er staðsett í Pósthússtræti og er einstaklega falleg, hönnuð af Leifi Welding sem er einnig einn af eigendum mathallarinnar. Í Pósthúsi-mathöll er fjöldi veitingastaða, sem dæmi má nefna nýjan stað veitingamannsins Sigga Hall. ■



# Minnast Nínu með hiphop-djammi

**Hiphop-djamm til minningar um Nínu Geirsdóttur verður haldið á sunnudag. Nína lést nýlega en hún á stóran þátt í íslenskri hiphop-sögu. Nína rak verslanirnar Jónas á milli og Exodus.**

birnadrofn@frettabladid.is



Jónas á milli var merkt að framan með þessu flotta graffítí. MYNDIR/AÐSENDAR

Ég sá á Instagram að Nína væri dáin og það tók á mig,“ segir taktkjafturinn Bjartur Guðjónsson, betur þekktur sem Beatur. Hann stendur fyrir hiphop-djammi til minningar um Nínu Geirsdóttur sem lést nýlega.

Nína stofnaði verslunina Jónas á milli árið 1992 og síðar Exodus. Í upphafi var Jónas á milli verslun sem seldi ýmsa hluti tengda ólíkum menningarheimum en síðar hóf Nína að selja fatnað tengdan hiphop-menningu.

Árið 1996 skall stór hiphop-bylgja á Íslandi, allir vildu klæðast fötunum sem Nína seldi í Jónasi á milli og Exodus, baggy-buxum, Southpole, Enyce og Tribal svo dæmi séu tekin. Fatastílnum sem um ræðir var gefið samheitið skopparaföt, þau sem þeim klæddust voru skopparar og því nettari sem skopparinn var því „vanari“ var hann sagður vera.

Í grein sem birtist í DV í ágúst árið 2005 var Nína kölluð „mamma allra íslenskra skoppara“. Þar segir hún velgengni Jónasar á milli og Exodus, hiphop-strákunum í Reykjavík að þakka. Hún tekur fram hversu vænt henni þykir um strákana, að það hafi verið æðislegt að sjá þá vaxa úr grasi. Beatur er einn þessara stráka.

„Nína var bara svo mögnuð kona. Hún talaði við mig eins og ég skipti máli og það skipti mig miklu meira máli en ég gerði mér grein fyrir þá,“ segir Beatur. „Ég var bara þrettán ára „chubby“ strákur sem vissi ekkert hvað hann vildi, nema að ég vildi vera töff og hún hjálpaði mér með það.“

Beatur segir að í Jónasi á milli og síðar Exodus hafi Nína boðið alla velkomna og tekið öllum opnum örmum. Þar hafi hún skapað suðupott hiphop-menningar á Íslandi. „Þarna var ég að byrja sem taktkjaftur, hún hvatti mig áfram alveg eins og alla hina krakkana, hún lét mig alltaf finna að henni þætti vænt um mig og það var svo mikið pepp fyrir mig á þessum tíma og ég þurfti á því að halda,“ segir hann.

„Þetta var bara geggjaður staður að vera á. Hún hjálpaði manni að velja fötin, hvað passaði saman og svona og þarna eyddi ég bara mjög mörgum klukkustundum, og öllum mínum peningum,“ segir Beatur.

Hann segir að allir þeir sem hann hafi leitað til varðandi minningardjamm til heiðurs Nínu hafi tekið vel í hugmyndina og viljað vera með. Viðburðurinn fer fram á morgun á milli klukkan 13 og 18 á Mikka ref á Hverfisgötu, í húsinu við hlið hússins sem hýsti Exodus. Þar koma fram goðsagnir íslensku hiphop-senunnar, ásamt því að hver sem er getur gripið í míkrófóninn. ■

**„Nína var bara svo mögnuð kona. Hún talaði við mig eins og ég skipti máli og það skipti mig miklu meira máli en ég gerði mér grein fyrir þá.**



Beatur á unglingsárunum í fötum frá Jónasi á milli.



Beatur segir Nínu hafa reynst sér vel á hans yngri árum. Á morgun mun hann ásamt fleirum minnast hennar með djammi á Mikka ref.

■ Í vikulokin

# Skýrslan sem bíður og greinargerðin sem enginn fær að sjá



**Ólafur Arnarson**

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um sölu á 22,5 prósenta hlut ríkisins í Íslandsbanka dregur upp mynd sem í besta falli sýnir getuleysi, vankunnáttu og sleifarlag þeirra sem sáu um þá sölu. Ábyrgðin á verkinu hvílir hjá fjármálaráðherra en hann hyggst hrista hana af sér. Af slíku hefur hann áralanga reynslu.

Í þetta sinn ætlar hann að fórna forstjóra og stjórnarformanni Bankasýslunnar. Raunar er sanngjarnt að þeir axli sína ábyrgð því að klúður þeirra er margvíslegt. Þeir geta hins vegar ekki axlað ábyrgð þess sem pólitíska ábyrgð ber á ferli sem var klúður frá byrjun.

Núna blasir við hvers vegna svo miklu máli skipti að skýrslan kæmi ekki fram í dagsljósið fyrr en að landsfundi Sjálfstæðismanna afstöðnum. Óvíst er að landsfundarfulltrúar hefðu treyst sér til að endurnýja umboð formannsins sem ber óskipta ábyrgð á því að valdir einstaklingar fengu að kaupa hluti í útboðinu, en ekki einungis viðurkenndir gagnaðilar á markaði, þvert gegn ráðleggingum ráðgjafa Bankasýslunnar.

Önnur skýrsla hefur ekki vakið eins mikið umtal og sú um bankasöluna. Í maí 2020 skilaði Ríkisendurskoðun skýrslu um starfsemi Lindarhvols, sérstaks félags sem fjármálaráðuneytið stofnaði til að annast sölu á ákveðnum eignum sem þrotabú gömlu bankanna skiluðu til ríkisins.

Þessi skýrsla er enn óafgreidd tveimur og hálfu ári eftir að hún kom inn í þingið. Helsta ástæðan fyrir því er að forseti Alþingis situr eins og ormur á gulli á greinargerð fyrrverandi setts ríkisendurskoðanda um málið og neitar að afhenda þingnefndum og fjölmiðlum þrátt fyrir að forsætisnefnd hafi í apríl síðastliðnum samþykkt að afhenda Viðskiptablaðinu greinargerðina.

Greinargerð fyrrverandi ríkisendurskoðanda um Lindarhvol dregur upp dökka mynd af starfsemi félagsins, ólíkt skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem sumir kalla hvítþvott. Hversu lengi ætlar forseti Alþingis að sitja á greinargerð sem búið er að samþykkja að gera opinbera? Hversu lengi láta þingmenn bjóða sér slíka háttsemi af hálfu forseta? ■

**„Hversu lengi láta þingmenn bjóða sér slíka háttsemi af hálfu forseta?**




*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti.

Tax free* af snyrtivörum, leikföngum, raftækjum, skóm, heimilisvörum og fatnaði.
17. – 21. nóvember.

HAGKAUP



Hálfdán segist hafa orðið var við breytingar til batnaðar varðandi andleg veikindi á Íslandi. Nú sé frekar tekið tillit til þeirra sem eru andlega veik. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ég áttaði mig ekki strax á að þetta hefði verið slys

**Hálfdán Árnason lenti í bílslysi árið 2006, hann blindaðist af sól og keyrði á unga stúlku sem lést. Hálfdán var lengi að átta sig á að um slys var að ræða og að hann bæri ekki ábyrgð á dauða hennar. Honum fannst hann ekki eiga skilið að lifa en er nú hamingjusamur.**



Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

Hálfdán Árnason var átján ára þegar hann lenti í bílslysi, hann keyrði á 14 ára stúlku sem var að ganga yfir gangbraut með þeim afleiðingum að hún lést. Í skýrslu rannsóknarnefndar umferðarslysa um slysið segir að svo virðist sem hvorugt hafi séð til hins, að um slys hafi verið að ræða.

„Ég mun aldrei gleyma þessum degi,“ segir Hálfdán, sem nú er 35 ára gamall. „Ég man alveg hvað ég var að gera og bara allt, en samt man ég engin smáatriði sem tengjast slysinu, það er eins og ég hafi einhvern veginn blokkað þau út,“ segir hann.

Hálfdán var að keyra á Bæjarbraut í Garðabæ þegar slysið varð. Hann var á leiðinni í klippingu. „Hún er svo að ganga yfir gangbrautina, ég sé hana ekki og hún sér mig ekki,“ segir Hálfdán. Aðkoma að gangbrautinni var að mati rannsóknarnefndarinnar varhugaverð, síðan slysið varð hafa aðstæður þar verið lagaðar. Sett hafa verið upp gönguljós og aðkomuleiðin hefur verið lagfærð.

„Það er ömurlegt að svona alvarlegt atvik þurfi til þess að aðstæður séu lagaðar,“ segir Hálfdán.

„Ég vissi strax að þetta væri alvarlegt, ég fór út úr bílnum og kallaði á hjálp. Svo komu þarna tvær konur og ég fann strax að ég hafði gert eitthvað hræðilegt, þær byrjuðu strax að skamma mig og þetta var bara hræðilegt,“ útskýrir hann.

„Svo kom þarna önnur kona og hún hélt svolítið utan um mig og mig vantaði það svo mikið. Ég veit samt að fólk veit ekkert hvernig það á að vera eða bregðast við í svona aðstæðum. Ég frétti það til dæmis seinna að einn lögreglumaðurinn var nýbyrjaður að vinna sem lögga og fer svo strax í svona útkall, það er örugglega hræðilegt,“ segir Hálfdán.

Hann var færður á lögreglustöð þar sem teknar voru blóðprufur, hann segist strax hafa fundið til mikillar sektarkenndar og álitið að andlát stúlkunnar væri sér að kenna. „Það voru allir einhvern veginn svo reiðir við mig, ég var settur strax í blóðprufu og ég skil það alveg, en ég er með rosalega sprautuhræðslu og man að ég sagði: Plís, má ég leggjast niður, annars líður bara yfir mig. En það hlustaði enginn á mig heldur var bara horft á mig eins og ég væri í einhverju rugli eða að það væri eitthvað að mér.“

Niðurstöður allra prófa sýndu fram á að Hálfdán var ekki undir áhrifum áfengis eða vímuefna þegar slysið varð. „Ég er bara mjög feginn að það var ekkert þannig, þá hefði þetta orðið enn þá erfiðara, ef að einhver ákvörðun sem ég hefði tekið meðvitað hefði getað haft áhrif á þetta slys. Ég var að dæma sjálfan mig og það sem ég hafði gert nógu mikið,“ segir hann.

## Vildi ekki lifa

Stúlkan var færð á sjúkrahús eftir slysið þar sem hún barðist fyrir lífi sínu í nokkra daga áður en hún lést. Þá daga segir Hálfdán hafa verið erfiða en að að stóri skellurinn hafi komið þegar hann fékk fréttir af andláti hennar.

„Ég var bara búinn að vera heima þessa daga sem hún var á spítalanum og það var fullt af fólki búið að koma í heimsókn, vinir mínir og svona. Þeir voru líka oft búnir að biðja mig að koma út og þarna segi ég loksins já, ætlaði bara aðeins að kíkja með þeim út,“ segir Hálfdán.

„Svo þegar ég er að labba út í bíl þá kallar pabbi á mig og ég sný við, þá segir hann mér að hún sé dáin.“

Hálfdán segist ekki hafa búist við því að stúlkan myndi deyja, hann hafi haldið í vonina og trúað því að henni myndi batna. „Ég vonaði það svo mikið, en þarna kom stóri skellurinn,“ segir hann.

„Þegar pabbi kallaði á mig þá vissi ég strax hvað hann væri að fara að segja mér. Næstu mánuðir voru svo bara í algjörri móðu og ég kenndi sjálfum mér um, hugsaði aldrei um að þetta hefði verið slys, bara að ég hefði gert þetta,“ segir hann.

„Ég lokaði mig af og fannst ég ekki eiga rétt á neinu. Ég man að einu sinni var ég að spila tölvuleik þar sem spýtukarlar voru að kasta spýtum hver í annan og mér fannst ég ekkert mega spila svona leiki. Ég sem var nýbúinn að drepa manneskju að spila svona tölvuleik, það er ógeðslegt að segja þetta, en svona leið mér,“ segir Hálfdán.

Við tók langur tími þar sem Hálfdáni leið illa og hann hugsaði um að taka sitt eigið líf. „Ég bara gat ekki meira og mér fannst ég ekki eiga skilið að lifa, hún var dáin og það var mér að kenna, þannig leið mér, en samt var eitthvað sem stoppaði mig í því að framkvæma þetta, sem betur fer, ég gat ekki gert fjölskyldunni minni og vinum það,“ segir hann.

Hálfdán segir foreldra sína hafa staði þétt við bakið á sér eftir slysið. „Þau sögðu mér til dæmis ekki frá því að ég þyrfti að fara fyrir dóm fyrr en bara sama dag og ég átti að mæta. Þau vissu bara að ég gat ekki tekið meira á mig,“ segir hann, en Hálfdán missti bílprófið og fékk skilorðsbundinn dóm.

## Opnari umræða

Alveg frá því að slysið átti sér stað hefur Hálfdán unnið mikið í sjálfum sér og reynt hvað hann getur til að líða betur. Líðanin hefur verið upp og niður og segir hann að undanfarin ár hafi orðið mikil hugarfarsbreyting á því hér á landi hvernig litið er á andleg veikindi.

„Þetta var þannig að ekkert var talað um þetta. Núna er umræðan miklu opnari og fólk er hvatt til þess að tala um það hvernig því líður, loksins er það að verða þannig að litið er á andleg veikindi eins og önnur veikindi,“ segir hann.

Í langan tíma eftir slysið var Hálfdán óvinnufær, hann var í skóla en átti erfitt með að mæta og halda sér við efnið. Hann kláraði þó listnámsbraut í Iðnskólanum í Hafnarfirði og vinnur nú sem tónlistarmaður og málari.

„Það tók mig sex ár að klára nám sem ætti að taka þrjú ár. Ég stóð »

> „Mér fannst ég ekki eiga skilið að lifa, hún var dáin og það var mér að kenna, þannig leið mér.

ILVA

FRÍ HEIMSENDING ÞEGAR KEYPTAR ERU SMÁVÖRUR FYRIR 9.900 KR. EÐA MEIRA

# BLACK FRIDAY

## 20 - 50%

## AF ÖLLUM VÖRUM

VEFVERSLUN - WWW.ILVA.IS - ALLTAF OPIN -

*Gildir ekki af öllum sérpöntunum










**ILVA Garðabæ**, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30, helgar 11-18

**ILVA Akureyri** Mánudaga - föstudaga 11-18:30,
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

ILVA

» mig alveg vel en ég féll alltaf á mætingu,“ segir hann.

Spurður að því hvort ekki hafi verið tekið tillit til aðstæðna hans í skólanum segir hann svo ekki hafa verið. „Ég fann alveg að fólk var með mér í liði, fann til með mér og svona, en það var samt ekki tekið tillit til þess. Fólk var mikið að segja mér að ég ætti að gera þetta og hitt og þá myndi mér líða betur. Ég þyrfti til dæmis að sofa meira, eins og ég hafi ekki vitað það,“ segir Hálfdán, en í mörg ár átti hann í miklum erfiðleikum með svefn.

„Sama hvað ég gerði þá gat ég ekki sofið, ég var með áfallastreitu og kvíða og ég hugsaði endalaust um þetta og sá fyrir mér,“ segir hann. „Og þegar maður sefur ekki þá verður allt annað verra, maður hættir að átta sig á því hvað er orsök og hvað er afleiðing, þó að ég hafi alltaf vitað að ástæðan fyrir því að mér leið svona var þetta slys, sem ég áttaði mig ekki strax á að hefði verið slys.“

Hann segir þó að samtal hans við einn mann hafi breytt miklu og hjálpað honum að komast á þann stað sem hann er á í dag. „Ég hitti mann sem hafði lent í því sama og ég. Hann sagði mér að þetta yrði í lagi, ég gæti lifað góðu lífi,“ útskýrir Hálfdán.

„Það voru svo margir búnir að segja mér að þetta yrði allt í lagi og ég veit að það kom frá góðum stað en ég hugsaði bara: Þú veist ekkert um það. En þessi maður vissi það. Hann var eldri en ég og átti fjölskyldu og lifði góðu lífi, það gaf mér einhverja von og ég trúði honum,“ segir Hálfdán.

„Ég sá líka að hann gat verið glaður en ég átti svo erfitt með það og þegar það gerðist þá skammaðist ég mín fyrir það. Það var eiginlega eitt það versta við þetta allt. Mér leið alltaf svo illa en í þessi fáu skipti sem ég varð glaður eða leið vel, þá hélt ég að fólk sæi mig og hugsaði bara með sér hvort ég væri ekki með sál. Hvernig maður sem hefði gert það sem ég gerði gæti brosað,“ útskýrir Hálfdán.

**Lifir fyrir þau bæði**

Núna er Hálfdán hamingjusamur, hann á tvö börn, kærustu og tvö stjúpbörn og nýtur lífsins. Spurður að því hvað það hafi verið sem breyttist og varð til þess að honum fór að líða betur segir Hálfdán það margþætt.

„Það var auðvitað fjölskyldan mín og vinir og það sem þessi maður sem ég nefndi áðan sagði hjálpaði mér mikið. En annað sem bjargaði mér var það hvernig foreldrar hennar hugsuðu til mín,“ segir hann, og á þar við foreldra stúlkunnar sem lést í slysinu.

„Þau voru svo skilningsrík, ég sjálfur hef ekki talað mikið við þau en ég hef heyrt að þau vilji það besta fyrir mig,“ segir Hálfdán og þakklætið leynir sér ekki. „Það besta sem ég heyrði var að nú væri ég að lifa fyrir hana líka og þá væri mikilvægt að ég ætti gott líf,“ bætir hann við.

„Ég veit að ef þau hefðu brugðist öðruvísi við þá hefði þetta verið enn þá erfiðara fyrir mig. Ég var farinn að geta sagt það út á við að þetta hefði verið slys, en ég trúði því ekki sjálfur. Það tók mig mjög langan tíma að trúa því í alvörunni,“ segir Hálfdán.

Þá segir hann tónlist hafa átt stóran þátt í því að hann lifði af. „Oft gat ég ekki hitt fólk í marga daga, lokaði mig bara af og spilaði á bassann. Ég fann einhverja ró og hugleiðslu í því að spila og semja tónlist, tónlistin gaf mér gleði sem ég fann hvergi annars staðar,“ segir Hálfdán.

„Ég vildi auðvitað mest af öllu að ekkert af þessu hefði gerst, að þetta slys hefði aldrei orðið, en það jákvæða sem kom út úr þessu er að ég er búinn að læra mikið á sjálfan mig og lífið. Ég er næmari og er orðinn enn betri tónlistarmaður, af því að ég náði oft að færa tilfinningar mínar yfir í tónlistina og fá útrás



Hálfdán hefur á árunum síðan slysið varð unnið mikið í sjálfum sér og segist nú vera sterkari en áður og þekkja sjálfan sig vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

þar,“ segir Hálfdán, en hann er nú á tónleikaferðalagi um Holland.

**Löng refsing**

Hálfdán var lengi hjá sálfræðingi, sem hann ber vel söguna. Hann segir mikla synd að ekki sé tekinn frekari þáttur í kostnaði vegna sálfræðiþjónustu hér á landi. „Þetta er svo mikilvægt og var það fyrir mig, ætti í rauninni að vera frítt,“ segir hann.

„Ég man alltaf eftir því þegar ég var einu sinni hjá sálfræðingnum mínum og ég hafði verið mjög langt niðri og hún segir við mig: Hálfdán, þú ert í rauninni búinn að vera í fangelsi í tíu ár, er þetta ekki komið gott af refsingu? Menn fara í fangelsi fyrir að drepa einhvern af ásettu ráði og eru jafnvel lausir eftir þennan tíma, af hverju mátt þú ekki losna?“ útskýrir Hálfdán.

„Þetta setti hlutina í ákveðið samhengi fyrir mig og ég varð tilbúnari til að takast á við það sem hafði gerst og vinna úr því af alvöru.“

Þarna fékk Hálfdán tækifæri til að fara í VIRK og vinna í sjálfum sér, það tækifæri segir hann eiga hlut í því að bjarga lífi hans. „Ég hafði eins og ég sagði ekki getað unnið, og af því ég gat það ekki þá átti ég lítinn pening og það er mjög dýrt að vinna í sjálfum sér og batna af andlegum veikindum,“ útskýrir hann.

„Þarna fékk ég að vinna við það að vinna í sjálfum mér, ég fékk pening og tíma og áður en sálfræðingurinn benti mér á þetta þá vissi ég ekki að þetta væri til, ég væri ekki hérna á þessum stað ef ég hefði ekki fengið að gera þetta,“ segir Hálfdán.

**Var líka fórnarlamb**

Alþjóðlegur minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa er á morgun. Dagurinn er haldinn til að minnast þeirra sem látist hafa í umferðinni, leiða hugann að ábyrgð hvers og eins í umferðinni og þakka þeim viðbragðsaðilum sem veita hjálp og björgun. Í ár er lögð sérstök áhersla á öryggi óvarinna vegfarenda, ásamt því að leiða hugann að þeim sem hafa orðið valdir að umferðarslysum.

Spurður um mikilvægi þess að leiða hugann að fólki sem lendir í aðstæðum eins og hans, segir Hálfdán það afar mikilvægt. „Ég fann alveg að langflestir skildu að þetta væri slys og ekki mér að kenna, löngu áður en ég skildi það. Auðvitað voru einhverjir sem voru ótrúlega reiðir út í mig og ég skil



Háfdán spilar á bassa og kennir börnum tónlist, Hann segir tónlistina eiga stóran hluti í því að hann fann hamingjuna að nýju. MYND/KRISTINN R. KRISTINSSON

> Hún segir við mig: Hálfdán, þú ert í rauninni búinn að vera í fangelsi í tíu ár, er þetta ekki komið gott af refsingu?

það alveg, ég heyrði seinna af því að hópur ungra stráka hefði ætlað að lemja mig,“ segir hann.

„Ég skildi þá vel og vildi helst bara fara beint til þeirra og láta þá lemja mig, ég ætti það skilið en núna veit ég að þetta er ekki svona einfalt. Þeir elskuðu hana og voru að hugsa vel til hennar og enginn veit hvernig maður á að vera í svona aðstæðum,“ heldur Hálfdán áfram.

„Núna veit ég að ég var líka fórnarlamb í þessu slysi og ég hefði líka þurft að fá að heyra það strax. Ég er sterk manneskja og enn þá sterkari af því ég lenti í þessu, ég er búinn að vinna í sjálfum mér og þekki mig vel,“ segir hann.

Hálfdán á sem fyrr segir tvö börn, ellefu ára strák og sjö ára stelpu. „Það að þau viti hvað gerðist getur kannski útskýrt fyrir þeim af hverju mitt líf hefur verið eins og það er. Ég varð lífhræddur eftir þetta. Keyrði ekki í mörg ár, varð lofthræddur og rosalega flughræddur, af því ég vissi hvað gæti gerst, hvernig allt gæti breyst,“ segir hann.

Hálfdán segist þó reyna að yfirfæra kvíðann og hræðsluna ekki á sín börn. „Ég verð bara að passa þau og kenna þeim að fara varlega. Lífið er bara svona, allt getur gerst og maður veit aldrei hvenær eða hvernig. Ég er búinn að vera hálfa ævina að vinna úr þessu og núna ætla ég að njóta þess að vera hamingjusamur,“ segir Hálfdán. ■

*Ef þér eða einhverjum sem þú þekkir líður illa skaltu leita þér hjálpar. Píeta samtökin eru opin allan sólarhringinn s: 552 2218, einnig Hjálparsími Rauða krossins s: 1717, einnig er hægt að fá aðstoð í netspjallinu á 1717.is*

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 19. nóvember 2022

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is



Ísabella Leifsdóttir stýrir kerta-smiðju í dag á Bókasafni Garðabæjar.

## Rusl verður gull

starri@frettabladid.is

Bókasafn Garðabæjar býður upp á kertasmiðju í dag þar sem fjölskyldur geta sameinast um að gera falleg kerti, bæði til heimilisnota og í jólapakkann.

Ísabella Leifsdóttir sér um að leiðbeina þátttakendum en hún hefur lengi gert kerti undir merkinu Pink Upcycling. Hún segir kertagerðina vera afar gefandi verkefni.

„Það gefur mér mikið að sjá rusl verða að gulli. Eins og sjá má á Instagram-síðu Pink Upcycling þá uppvinn ég ýmislegt, allt frá því að gera listaverk úr plastrusli yfir í að gera upp brotna gull- og silfurskartgripi. Ég geri bæði inni- og útikerti en það er yndislegt að horfa á útikertin loga í skammdeginu.“

Kertagerðin í dag er fremur einfalt verkefni. „Við bræðum kertastubba og höfum til ílát og kveiki sem við hellum vaxi í. Þátttakendur þurfa í sjálfu sér ekki að koma með neitt með sér en það er velkomið að taka með sér ílát, potta, glös og dósir og svo auðvitað kertastubba ef þeir eru til heima við.“

Ísabella mun sýna kertin sín og aðrar vörur á jólamarkaði sem haldinn verður á Garðatorgi 26. nóvember ásamt fleira handverksfólki.

Kertasmiðja hefst klukkan 13 og stendur til 14.30 og er opin öllum.

Bókasafn Garðabæjar er staðsett við Garðatorg í Garðabæ. ■






Fimmta þáttaröðin af hinum geysivinsæla þætti Leitin að upprunanum er nú í sýningum á Stöð 2 og hefur fengið fólk bæði til að brosa og gráta. Margt óvænt hefur gerst í þáttunum. MYND/VILHELM GUNNARSSON

# DNA-próf gjörbreytti leitinni

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir hefur nóg fyrir stafni um þessar mundir. Þættir hennar, Leitin að upprunanum, hafa vakið mikla athygli en tveir eru eftir í þessari þáttaröð. Næsta föstudag hefst síðan Idolið á Stöð 2 þar sem Sigrún er kynnir ásamt Aroni Mola. 2

elin@frettabladid.is

Leitin að upprunanum kallar fram bæði bros og tár hjá áhorfendum enda er þátturinn algjör tilfinningarússíbani. Auk þess geta gerst óvæntir hlutir sem koma Sigrúnu og viðmælanda hennar stórkostlega á óvart ekki síður en áhorfendum. Þátturinn síðasta sunnudag var einmitt þannig. Viðmælandinn, Ása Nishanthi Magnúsdóttir, var ættleidd frá Srí Lanka árið 1985 og hefur leitað blóðmóður sinnar í mörg ár. Þær Sigrún töldu sig hafa fundið hana en DNA-rannsókn leiddi annað í ljós. Hins vegar breyttist sagan því vinkona Ásu, Harpa Sif Ingadóttir, sem einnig er ættleidd frá Srí Lanka, fann sína móður án þess að vera að leita að henni.

**Fölsk ættleiðingargögn**

Hollensk heimildarmynd um ættleiðingar barna frá Srí Lanka upplýsti árið 2017 að börn hefðu verið seld með svikum til ættleiðinga í Evrópu. Allt að ellefu þúsund börn kunna að hafa verið seld til evrópskra fjölskyldna með fölskum pappírum. Yfirvöld á Srí Lanka hafa viðurkennt svikin og höfðu í hyggju að setja upp DNA-gagnagrunn til að hjálpa börnunum að finna blóðmæður sínar og systkini. Ekki hefur enn verið staðið við það enda fátækt mikil í landinu. Ása er eitt þessara barna en mynd sem hún átti og taldi vera af lífmóður sinni reyndist vera milliliður í sölu. DNA-rannsóknin leiddi þó í ljós að konan á myndinni væri móðir Hörpu sem er fædd á sama ári og Ása. Um framhaldið á því máli fjallar þátturinn annað kvöld. Sagan er lygileg og erfið fyrir Ásu.

**Óvænt niðurstaða**

„Hverjar eru líkurnar á að svona gerist?“ spyr Sigrún. „Maður ræður engu um hvað gerist og hvenær,“ bætir hún við. Þegar Sigrún er spurð hvort ekki sé löng og flókin vinnsla við þættina, svarar hún því játandi. „Þetta er algjört maraþonhlaup. Ég var í fæðingarorlofi þegar þetta mál tók sig upp aftur. Allt í einu var ég komin í fulla vinnu af því að það urðu vendingar í máli sem hafði verið á borðinu hjá mér í fimm ár,“ segir hún en Ása var í eldri þáttaröð. Leit hennar bar ekki árangur þá.

„Í þessu tiltekna máli var ég mjög upprifin yfir því að við værum búin að finna móður Ásu. Ég hafði verið miður mín að það hefði ekki tekist þegar hún kom fyrst fram í þættinum. Öll önnur mál höfðu gengið upp fram að því og viðmælendur fundið fjölskyldur sínar. Það tekur langan tíma að fá niðurstöður úr DNA-rannsókn og ferlið getur verið mjög flókið. Sérstaklega þegar heimsfaraldur er í gangi. Það ratar ekki allt á skjáinn sem við erum að vinna að,“ útskýrir Sigrún. „Það er bara einn aðili í Srí Lanka sem hefur leyfi til að taka DNA-próf og koma því úr landi. Vegna Covid var mjög erfitt að koma því frá landinu og við urðum að fá hjálp frá ferðamönnum og beita alls kyns krókaleiðum,“ segir hún. „Síðan bíður maður með öndina í hálsinum eftir að fá niðurstöðuna. Ég var reyndar fullviss um að við fengjum staðfestingu á því að þetta væri móðir Ásu, sem síðan reyndist ekki vera. Eiginlega missti ég málið yfir þessari niðurstöðu. Þetta hvarflaði ekki að mér,“ segir hún.

Í þessari vinnu hefur Sigrún kynnst viðmælendum sínum náið. „Þetta verða vinir manns enda erum við í mjög miklum samskiptum. Við erum í tökum mánuðum saman og förum í ferðalag saman. Ég ver meiri tíma með



Sigrún Ósk er kynnir í Idol-þáttunum sem fara í loftið næsta föstudag. Sigrún segir að margt hæfileikaríkt fólk muni birtast á skjánum í þáttunum. MYND/VILHELM



Ása, hjálparhellan Auri og Sigrún í Srí Lanka. Sigrún segir að Srí Lanka sé frábært land og þangað myndi hún vilja fara í frí.

> **Í þessu tiltekna máli var ég mjög upprifin yfir því að við værum búin að finna móður Ásu. Ég hafði verið miður mín að það hafi ekki tekist þegar hún kom fyrst fram í þættinum.**

viðmælendum en mörgum vina minna meðan á vinnunni stendur. Stundum grínast ég með að ég vel engan þann í þáttinn sem ég nenni ekki með til útlanda,“ segir Sigrún og hlær. „Ósjálfrátt tekur maður inn á sig það sem þau eru að upplifa og þá er agalegt að geta ekki ráðið útkomunni.“

**Menningarsjokk**

Í þáttunum fer Sigrún með viðmælendum sínum á framandi slóðir og heimsækir heimili í hverfum þar sem fátækt er mikil. Hún segist hafa ferðast mikið áður en hún hóf vinnu við þessa þætti og búið erlendis en þetta sé allt öðruvísi. „Ég held að það séu ekki margir Íslendingar sem upplifa að koma heim til fólks sem býr við þessar aðstæður. Þetta er oft algjört menningarsjokk bæði fyrir mig og viðmælanda minn. Stundum fær maður skrítna tilfinningu þegar maður kemur aftur á hótelið þar sem við búum og síðan í húsið sitt heima á Íslandi. Það kemur upp hálfgert samviskubit yfir því hvað við höfum það gott. Þetta á enn meira við um viðmælendur mína. Þau hafa mörg talað um þetta samviskubit. Það er reyndar þekkt hjá ættleiddum börnum frá framandi slóðum að sum fá þessa sektarkennd vegna þess hversu gott uppeldi þau hafa fengið í allsnægtum.“

Þegar Sigrún er spurð hvort hún fylgist með viðmælendum sínum eftir þættina svarar hún því játandi. „Ég gerði þátt í fyrra um það hvernig sambandið sé við ættingja eftir að þeir hafi fundist. Það kom í ljós að samskiptin voru alla vega, stundum engin yfir í að vera nánast daglega. Tungumálaörðugleikar geta sett strik í reikninginn. Ég get nefnt dæmi um Juan Gabriel Rios Kristjánsson sem kom fram í fyrsta þættinum í þessari seríu. Hann breytti nafni sínu og hóf spænskunám til að vera undirbúinn ef hann fyndi fjölskyldu sína í Kólumbíu. Það sýnir hversu djúp þessi þrá getur verið. Mér finnst svo skiljanlegt að fólk vilji vita um uppruna sinn. Þau hafa mörg orðað það þannig að þetta sé eins og púsl sem vantar,“ segir hún.

**Srí Lanka meiri háttar land**

Þetta er fimmta þáttaröð af Leitinni en Sigrún vill hvorki játa því né neita hvort þær verði fleiri. „Ég segi alltaf að þetta sé sú síðasta en svo kemur alltaf eitthvað upp sem krefst fleiri þátta,“ segir hún. „Það er mikil pappírsvinna í kringum þættina og ferðalögin krefjast sömuleiðis alls kyns gagna. Síðan er alltaf talsvert vinna að finna einhvern í viðkomandi landi sem getur aðstoðað okkur. Auri Hinriksson hefur hjálpað okkur í Srí Lanka og er alveg ótrúleg. Hún er búin að búa á Íslandi í 40 ár og varð áttræð fyrir skömmu. Auri leitar ættingja fyrir fólk í mörgum löndum og fær beiðnir víða frá.“

Sigrún hefur ferðast til þó nokkurra landa í þáttunum og farið á suma staði nokkrum sinnum. Þar á meðal er Srí Lanka sem hún hefur miklar mætur á. „Srí Lanka er ofarlega á blaði yfir þá staði sem mig myndi langa til að heimsækja í frítíma,“ segir hún. „Það eru forréttindi að fá að starfa við þættina. Þetta hefur verið ótrúlegur tími og ég hef kynnst svo mörgu. Mig hefði aldrei órað fyrir því í upphafi að þáttaraðirnar yrðu fimm. Það er ótrúlega skemmtilegt hversu vel það hefur gengið að finna upprunann,“ segir Sigrún, sem hefur hlotið tvenn Edduverðlaun og blaðamannaverðlaun fyrir þættina auk fjölmargra tilnefninga.

**Leitin að idolinu**

Undirbúningur fyrir Idolið er nú á lokasprettinum enda styttist í sýningu. Forval var um allt land og mikill fjöldi sem vildi vera með. Um eitt hundrað manns komust síðan í dómaraprufur í þáttunum. Beinar útsendingar hefjast þó ekki fyrr en eftir áramótin þegar lokasprettur keppninnar fer í gang. Aðeins örfáir komast þangað. Sigrún segist ekki öfunda dómarana því þarna sé að koma fram heill hópur af nýjum snillingum á tónlistarsviðinu. „Þessi unga kynslóð er líka miklu vanari því að koma fram fyrir myndavélar heldur en þeir sem eldri eru. Kynslóð sem er vön að vera á samfélagsmiðlum,“ segir hún. Dómnefndin er skipuð þeim Bríeti, Birgittu Haukdal, Herra hnetusmjöri og Daníel Ágústi.

Idolið var síðast á dagskrá Stöðvar 2 árið 2009 en þá voru þeir Simmi og Jói aðalkynnar keppninnar. Sigrún og Aron koma í þeirra stað núna. Sigrún var einnig kynnir í þáttaröðinni Allir geta dansað. Hún segir að þótt starf kynnisins sé ekkert ólíkt þá sé öðruvísi að vera í Idolinu. „Þetta er mjög umfangsmikil framleiðsla, margir sem koma að vinnunni. Upptökur hafa gengið ótrúlega vel, Aron kemur sterkur inn og þetta er búið að vera mjög skemmtilegt. Ég hef ekki öfundað dómnefndina í sínum störfum. Þetta er ekki einfalt val. Það er því gaman að sjá hvað dómnefndin er með ólíkar skoðanir.“

**Hlakkar til aðventunnar**

Auk þess að vera í upptökum á Idolinu hefur Sigrún verið í annasömu starfi við að klippa og ganga frá Leitinni að upprunanum. „Það getur verið snúið að koma öllu þessu efni fyrir í örfáum þáttum,“ segir hún.

Sigrún er gift og þriggja barna móðir. Það yngsta er ársgamalt en hin níu og tólf ára. Fjölskyldan býr á Akranesi og var nýlega að stækka við sig. „Við höfum verið að byggja svo það hefur verið mikið að gera. Auk þess var erfitt að fara burt frá þessum litla í heila viku í senn, en sem betur fer á ég dásamlegan mann og fjölskyldu. Desember verður rólegur hjá mér og ég hlakka mikið til að njóta aðventunnar, skreyta, baka og syngja jólalög. Ég elska þennan árstíma,“ segir Sigrún, sem fær ótrúlegan fjölda pósta frá fólki sem langar að leita upprunans. „Á tímabili fékk ég svo mikið að mér tókst ekki að svara öllum sem var mjög leiðinlegt. Þetta gerðist eftir þátt þar sem við leituðum að bandarískum föður sem hafði verið í hernum hér heima. Það eru greinilega margir í þeim sporum. Annars þykir mér óskaplega vænt um hversu góð viðbrögð þættirnir hafa fengið og það heldur mér sannarlega við efnið.“ ■

**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Jón Þórisson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:**
**Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652,
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654,
**Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

# Miklu betri líðan með OsteoStrong

Edda Gustafsson bjó í New York og Kaupmannahöfn í 34 ár en flutti heim fyrir nokkrum árum. Laxveiði á hug hennar og að henda öngli í sjó. Edda nýtur þess að stunda OsteoStrong og finnst frábært hvað hún finnur mikla breytingu með stuttri vikulegri ástundun.

„Ég byrjaði að æfa hjá OsteoStrong vorið 2020 og varð strax mjög spennt. Þetta var eitthvað fyrir mig, einfaldleikinn heillaði mig. Fjögur tæki og síðan heim,“ segir Edda. „Ég sá sannfærandi myndband á netinu og smellti mér í prufutíma. Ég minntist á þetta við vinkonu mína sem var til í að koma með mér sem gerði þetta enn skemmtilegra. Ég hef prófað ofboðslega mörg tæki í gegnum tíðina en það sem mér líkar best er að hafa leiðbeinanda sem fylgist með að æfingin sé rétt gerð. Það skiptir auðvitað mestu máli,“ segir hún.

**Styrkir líkamann**

„Annað sem mér finnst frábært við OsteoStrong og gerir að verkum að maður nennir að mæta: það þarf ekki að skipta um föt eða vera í einhverjum leggings og svitna, heldur mætir maður bara, tekur á og búið. Þetta tekur svo stuttan tíma. Ég hef náttúrlega talað fyrir þessu æfingakerfi úti um allan bæ, ég finn mun, vinir mínir sjá hann líka auk þess sem líkamleg geta mín hefur styrkst mikið. Ég finn hvernig líkaminn styrkist eftir hvert skipti og tækin hjá OsteoStrong geta sömuleiðis sýnt árangurinn. Þannig getur maður fylgst með styrktaraukningunni. Það gleður mig að sjá muninn, ekki bara finna hann,“ segir Edda og bætir við: „Ég er með vefjagigt og gáttatif í hjarta þannig að ég get alls ekki stundað hvaða íþrótt sem er. Það er mjög mikilvægt fyrir mig að fara ekki fram úr mér því þá verða verkirnir lamandi. Ég hef mjög oft lent í því að fara út að ganga og fá í framhaldinu mikla verki, stundum svo mikla að ég næ ekki að labba heim. Eftir æfingar í OsteoStrong upplifi ég ekki nein eftirköst þótt ég taki á því. Ég fann fljótt hvernig verkirnir í líkamanum hjöðnuðu við ástundun sem lætur manni líða svo miklu betur andlega,“ segir Edda, sem hefur glímt við vefjagigt frá því um tvítugt. Með aldrinum hefur sjúkdómurinn versnað. „Gigtin hverfur aldrei en með því að stunda æfingar hjá OsteoStrong get ég haldið verkjunum í skefjum og mér líður betur,“ segir hún.

**Frábært starfsfólk**

„Vinkona mín, sem hefur komið með mér í OsteoStrong, fór á heilsustofnun í Austurríki í tvær vikur um daginn. Þar er allt mælt hátt og lágt í heilsumatinu og sagði hún lækninum að hún stundaði OsteoStrong á Íslandi. Hann var ánægður með það og hvatti hana til að halda því áfram. Læknirinn í Austurríki var greinilega með puttann á púlsinum,“ segir Edda. „Það var skrítið að flytja aftur til Íslands eftir búsetu í útlöndum svona mörg ár. Mjög mikilvægt er fyrir mig að geta farið reglulega til útlanda og þá er OsteoStrong frábær staður. Starfsfólkið er sveigjanlegt við mig og það er ekkert mál að leggja meðlimakortið inn ef maður þarf þess,“ segir Edda, sem flutti aftur á æskuslóðirnar í Vesturbænum. Hún var í KR á yngri árum og stundaði sund í Vesturbæjarlauginni. „Ég er því svolítið rótgróinn Vesturbæingur.“

Edda, eins og margir aðrir, dró sig út úr æfingum í Covid en byrjaði aftur fyrir nokkrum mánuðum. „Vá, hvað ég þurfti á því að halda,“ segir hún. „Ég var fljót að ná því upp sem ég hafði misst niður og fann fljótt mun. Ég sagði vinkonu minni hversu gigtarverkirnir hefðu minnkað og hversu fljótt það gerðist. Hún hafði sjálf fundið mikinn mun. Við ætlum að stunda OsteoStrong áfram vinkonurnar, pössum upp á hvor aðra og höldum okkur við efnið. Ég sagði líka við manninn minn að þetta væri eitthvað sem ég ætlaði ekki að hætta að stunda,“ segir hún. „Ég elska laxveiði, það er toppurinn, en ég er líka alveg til í að fara bara út á sjó. Veiði er mín besta slökun og hefur verið það síðan ég henti fyrst öngli í Þingvallavatn sem barn. Nú hlakka ég til að standa enn lengur við árnar næsta sumar þegar ég verð búin að safna enn meiri styrk í skrokkinn,“ segir hún. ■



Edda Gustafsson segist ekki upplifa nein eftirköst eftir æfingar í OsteoStrong. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

OsteoStrong er byltingarkennt æfingakerfi sem hjálpar fólki á öllum aldri að styrkja sig. Þjálfarar leiðbeina fólki og gæta þess að æfingarnar séu rétt gerðar.






OsteoStrong er á tveimur stöðum í Reykjavík, Hátúni 12 og Ögurhvarfi 2.

> Ég finn hvernig líkaminn styrkist eftir hvert skipti og tækin hjá OsteoStrong geta sömuleiðis sýnt árangurinn. Þannig getur maður fylgst með styrktaraukningunni.

**Meðlimir geta átt von á að:**

- Auka styrk um 73% á ári að meðaltali.
- Auka jafnvægi um 77% á fimm skiptum.
- Minnka líkur á meiðslum.
- Bæta líkamsstöðu.
- Minnka verki í baki og liðamótum.
- Lækka langtíma blóðsykur.
- Auka beinþéttni.

**Bylting í æfingum**

OsteoStrong er byltingarkennt æfingakerfi sem hjálpar fólki á öllum aldri að styrkja sig. Meðlimir OsteoStrong mæta einu sinni í viku og ná í 20 mínútna heimsókn að þétta vöðva, sinar, liðbönd og bein, bæta árangur og fyrirbyggja meiðsl.

**Frír prufutími**

**Það er boðið upp á fría prufutíma á föstudögum í Ögurhvarfi 2 og á fimmtudögum í Hátúni 12. Hægt er að bóka sig á osteostrong.is eða í síma 419 9200.**

Stöðvar OsteoStrong eru í Hátúni 12, 105 Reykjavík og í Ögurhvarfi 2, 203 Kópavogi. Frían prufutíma má bóka á osteostrong.is og í síma 419 9200.

# Hárlosvandamálið er úr sögunni

**Fanney Dóra Veigarsdóttir byrjaði að prófa að taka inn Pure Omega-3 frá Good Routine eftir að hafa upplifað mikið hárlos. Árangurinn kom henni virkilega á óvart en hún hefur ekki þurft að losa hár úr hárburstanum sínum í tvo mánuði.**

Fanney Dóra eignaðist barn fyrir 19 mánuðum síðan og missti mikið hár í kringum brjóstagjöfina. Hún bjóst við að það myndi lagast með tímanum en hárlosið hélt bara áfram. Þá talaði hún við vinkonu sína sem benti henni á að taka inn Pure Omega-3 frá Good Routine.

„Ég fór fyrst í blóðprufu, en ég er mikill stuðningsmaður þess að láta athuga hvaða vítamín maður þarf áður en maður byrjar að taka inn bætiefni. Það kom í ljós að mig vantaði töluvert af vítamínum,“ útskýrir hún.

Í kjölfar blóðprufunnar byrjaði Fanney Dóra að taka inn Pure Omega-3 en hún ákvað að taka líka inn Synergize-Your-Gut fyrir magaflóruna og Daily-D3 d-vítamín, allt frá Good Routine.

„Það er svo mikið af alls kyns vítamínum á markaðnum og það er erfitt að átta sig á því hvað maður á að taka og hvað er betra en annað. Ástæðan fyrir því að ég valdi bætiefni frá Good Routine er að þegar vinkona mín sagði mér frá þessu merki þá leist mér svo vel á hvernig bætiefnin eru framleidd og hver innihaldsefnin eru,“ útskýrir Fanney Dóra.

„Það skiptir mig máli að það séu ekki innihaldsefni í þeim vítamínum sem ég tek sem ég þekki ekki eða get ekki auðveldlega fundið út hver eru.“

**Munurinn kom á óvart**

Eins og áður segir var Fanney Dóra búin að glíma við mikið hárlos, en hún var líka farin að sofa frekar illa og finna fyrir þreytu.

„Það eru komnir tveir mánuðir síðan ég byrjaði að taka inn þessi bætiefni og munurinn sem ég finn á mér hefur komið mér virkilega á óvart. Áður fyrr þurfti ég að hreinsa hár úr hárburstanum mínum að meðaltali annan hvern dag. En ég hef ekkert þurfa að gera það síðan ég byrjaði að taka Omega-3 fyrir að verða tveimur mánuðum,“

„Ég veit ekki hvort það er blanda af þessu þrennu, en læknar voru oft búnir að segja mér að taka inn Omega-3. Ég hef ekki fundið svona mikinn mun á mér áður þegar ég tek inn vítamín. Ég hef alveg fundið einhvern mun, en þetta er alveg sjáanlegur munur. Það er líka augljósara núna því ég var að breyta um háralit, ég var dökkhærð en er núna með rautt hár, svo ef ég sé hár liggja einhvers staðar þá sé ég það alveg á litnum hvort þetta eru gömul hár eða ný. Þetta er augljóslega að virka fyrir mig.“

**Kostir Pure Omega-3**

Pure Omega-3 frá Good Routine inniheldur hæsta styrka af Omega-3 fitusýrum í hverri skammtastærð (1430 mg). Hylkin samanstanda af ómega-3 fitusýrum í sínu náttúrulega og stöðuga þríglýseríðaformi sem tryggir upptöku í frumuhimnum.

Pure Omega-3 er framleitt með einkaleyfisvörðu tækniferli Flutex™, sem felur í sér fjögurra stiga sértækt hreinsunarferli. Það tryggir að þungmálmar og önnur mengunarefni eru fjarlægð án þess að notast sé við leysiefni, háan hita eða aðrar ágengar aðferðir sem gætu haft áhrif á gæði.

Mælt er með Pure Omega-3 til að tryggja heilbrigði hjarta, augna, taugakerfis, húðar, beina og liðamóta, til að viðhalda eðlilegu magni lípíða í blóðinu, styrkja ónæmiskerfið og koma í veg fyrir ofnæmisviðbrögð og stuðla að vellíðan þeirra sem neyta ekki nógu mikils af góðri fitu. Ráðlögð notkun eru tvö hylki á dag, tekin með mat eða vatnsglasi eða samkvæmt tilmælum sérhæfðs ráðgjafa. ■



Fanney Dóra segist aldrei hafa fundið eins mikinn mun á sér og eftir að hún byrjaði að taka inn Pure Omega-3 frá Good Routine. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




Ráðlögð notkun af Pure Omega-3 eru tvö hylki á dag með mat eða vatni.

> Ég hef ekki fundið svona mikinn mun á mér áður þegar ég tek inn vítamín. Ég hef alveg fundið mun, en þetta er alveg sjáanlegur munur.




Pure Omega-3 hylkin samanstanda af ómega-3 fitusýrum í sínu náttúrulega formi.

# Yfirgengileg klassík í gullhöll

**Björg Brjánsdóttir er menntaður þverflautuleikari með smekk fyrir klassískri tónlist jafnt sem popptónlist. Á mánudag frumflytur hún á Íslandi nýtt verk eftir Báru Gísladóttur á tónleikum í Hörpu.**

jme@frettabladid.is

„Báðir foreldrar mínir eru hljóðfæraleikarar og það var aldrei spurning hvort ég myndi læra á hljóðfæri, heldur hvaða. Ég er með kenningu um það hvernig ég heillaðist af þverflautunni, en ég held að Ari Eldjárn hafi verið sá sem vakti áhuga minn á hljóðfærinu. Ég var fjögurra ára og það kom eldri strákur í hvítum jakkafötum og spilaði í Stundinni okkar í sjónvarpinu. Þarna ákvað ég að ég skyldi verða þverflautuleikari,“ segir Björg og kímir.

Björg er menntuð í þverflautuleik í Noregi, Danmörku og í Þýskalandi og er sjálfstætt starfandi. „Ég vinn mikið með íslenskum tónskáldum við að flytja nýja tónlist. Einnig hef ég túrað með Björk undanfarin ár sem hluti af flautuhópnum Víbru,“ segir Björg.

**Lýðurinn trylltist**

Spurð um eftirminnilegustu tónleikana nefnir Björg tvenna. „Báðir voru ævintýri á ólíkan hátt. Annars vegar eru það tónleikar með Björk. Eftir að hafa spilað á mörgum stöðum var komið að O2 tónlistarhúsinu í London. Við okkur tók risastór áhorfendahópur. Ég held ég hafi aldrei séð svona margar manneskjur í einu. Þetta var alveg mjög súrrealísk og áhrifamikil tilfinning og lyfti tónleikunum upp.

Hinir tónleikarnir voru í Þýskalandi í pínulitlum smábæ. Ég spilaði fyrstu flautu í fyrsta sinn með atvinnuhljómsveit. Á dagskrá var sinfónía eftir Joseph Haydn (1732–1809) í lítilli gamaldags gullflúraðri höll, fyrir hóp af fastagestum klassísku senunnar. Það var mjög absúrd en dásamlegt að spila eina klassískustu músík veraldar í landi hinna klassísku hefða í smábæ í gullhöll. Vanalega er meiri fjarlægð á milli áhorfenda og flytjanda á klassískum tónleikum en popptónleikum. Áhorfendur létu hins vegar eins og þeir hefðu verið á tónleikum með uppáhaldspoppstjörnunni sinni. Það mætti segja að lýðurinn hafi tryllst,“ segir Björg og hlær.

Björg á sér marga drauma um að koma fram með ýmsum hljómsveitum. „Ég hef hvað lengst gengið með þann draum í maganum að fá að spila með Emilíönu Torrini. Ég man að þegar ég fór í blaðaviðtal 13 ára gömul var ég spurð að því hver væri uppáhaldstónlistin mín. Fyrst ætlaði ég að segja Emilíana, því ég hlustaði á fátt annað en hana og Belle & Sebastian. En ég tók það til baka og sagðist vera alæta á tónlist. Ég var svo hrædd um að Emilíana myndi lesa viðtalið og finnast ég vera asnaleg. Svo var það titillinn á viðtalinu, að ég væri alæta á tónlist.“



Þverflautuleikarinn Björg hefur tekið þátt í fjölbreyttum verkefnum, allt frá frumflutningi tónverka til tónleikaferðalaga með Björk. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Popp og klassík í bland**

Björg fylgist með í klassísku senunni og poppheiminum. „Tónlistaráhugi minn er tvískiptur. Suma tónlist hlusta ég á og greini út frá því sem ég hef lært og spilað sjálf, en stundum næ ég að taka inn tónlistina á hlutlausan hátt. Stundum getur einfalt popplag verið það besta í heimi. Við höfum öll einhverja tilfinningu fyrir sterkri lagasmíð og djúsí melódíu burtséð frá tónlistarmenntun eða engri.“

**Barnslega áhrifagjörn**

„Ég er áhrifagjörn og fæ oft barnslegt æði fyrir alls konar poppmúsík. Þegar ég finn eitthvað nýtt að hlusta á er það stanslaust í eyrunum á mér eftir á, uns ég er búin að taka út æðið. Sú hljómsveit sem ég hef hvað lengst hrifist af, allt frá fyrstu plötu, er Moses Hightower. Núna er ég með æði fyrir Unu Torfa og er spennt að fylgjast með hvað hún gerir næst.

Það er mikil gróska í gangi og ég fylgist ekki endilega með öllu í rauntíma. Það er eins og með annað menningarefni, stundum eru allir að tala um einhverja ákveðna hljómsveit, en það er ekkert verra að eiga hana inni eins og góða bók.“

**Tónleikar í Hörpunni**

Björg er spennt fyrir næsta verkefni. „Ég kem fram á kammertónleikum í Hörpu með Feima kammerklúbbi. Þetta verður Íslandsfrumflutningur Growl Power fyrir bassaflautu og rafhljóð eftir Báru Gísladóttur. Verkið var samið fyrr á árinu og er eitt af verkum hennar sem ég frumflutti í Mexíkó í byrjun árs. Bára skrifar mikið fyrir flautu og við höfum oft unnið saman. Hún býr til einstakan hljóðheim og í flutningnum nota ég röddina mikið með. Svo bregðast lifandi rafhljóð við flautunni. Ég held að áhugasamir verði þó bara að mæta og upplifa þetta sjálfir enda er erfitt að koma þessum hljóðheimi almennilega í orð. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00 á mánudagskvöldið,“ segir Björg að lokum. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job




**Framtíðin er spennandi hjá Norðuráli. Við erum leiðandi í framleiðslu á grænu áli og erum Umhverfisfyrirtæki ársins 2022. Við trúum því að framþróun grænnar álframleiðslu hafi raunveruleg áhrif á útblástur gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og að Ísland muni leika lykilhlutverk í þeirri þróun.**

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi og við erum að stækka enn frekar með gangsetningu nýrrar línu í steypuskála. Það er því að fjölga í teyminu okkar og við viljum gjarnan fá þig með okkur!

## Við leitum að jákvæðu og metnaðarfullu fólki í störf liðsstjóra á allir vaktir í steypuskála.

Liðsstjóri er hluti af stjórnendateymi steypuskálans og möguleikar á starfsþróun innan fyrirtækisins eru miklir.

Við hvetjum fólk af öllum kynjum til að sækja um starfið.
**Umsóknarfrestur er til og með 2. desember.**

Nánari upplýsingar um starfið, náms- og hæfniskröfur er að finna á www.nordural.is. Öllum umsóknum verður svarað og trúnaði heitið.

**Hreint ál úr íslenskri orku | nordural.is**

2022
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS

bsi ISO 9001 Quality Management | ISO 14001 Environmental Management | ISO 45001 Occupational Health and Safety Management | ÍST 85:2012 Jafnlaunavottun CERTIFIED

asi CERTIFIED PERFORMANCE

Jafnlaunaúttekt PwC 2020

JAFNVÆGISVOG FKA 2022 VIÐURKENNING




# Head of Arctic Private Tours

**Arctic Adventures is looking for an ambitious and passionate leader who is excited about creating a new exclusive travel brand within Arctic Adventures.**

### About the role

You will build a sales team specializing in private tours for individuals and groups as well as creating strong relationships with clients and stakeholders. You will be setting up processes, KPIs, data reporting, and implementing new technologies. This role is perfect for someone who is looking for a new challenge, more responsibility, and more room to grow.

### What we look for

- Ambition for creating a world-leading product
- Ability to prioritize, delegate and finish tasks
- Experience within the industry
- Works well in a team environment
- Excellent English-language skills

### What we offer

- Work for a growing company on a global scale
- Friendly, open and collaborative work environment
- Freedom and trust to shape the future of travel
- Help people to make memories

### How to apply

Apply for this job by sending a short explanation of why you want this role and a CV to renata@adventures.com

arctic adventures

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita **að þér?**

INNES



*Innnes ehf. er ein af stærstu matvöruheildverslunum landsins. Mörg vörumerki fyrirtækisins eru landsmönnum að góðu kunn. Félagið hefur á að skipa samhentum hópi starfsmanna sem tilbúinn er að þjóna viðskiptavinum eins og kostur er. Dreifingarmiðstöð og skrifstofur eru staðsettar við Korngarða 3 í Reykjavík. Í dreifingarmiðstöð félagsins eru vörur geymdar við bestu aðstæður í háhillugeymslum, frysti-og kæliklefum. Innnes starfrækir gæðakerfi samkvæmt matvælaöryggisstaðlinum ISO 22000, HACCP (GÁMES), Yum (Distribution food safety and quality audit) með tilliti til góðra starfshátta fyrir matvælafyrirtæki.*

*Starfsfólk Innnes leggur höfuðáherslu á þjónustulipurð og góð persónuleg samskipti við viðskiptavini. Hjá Innnes starfar öflug liðsheild sem er staðráðin í að vera fremst á sínu sviði á Íslandi.*

*Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Innnes – **www.innnes.is**.*

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarlegt kynningarbréf og starfsferilsskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Margrét Stefánsdóttir (margret@vinnvinn.is).**

# Gæða- og umhverfisstjóri

**Innnes ehf**. óskar eftir að ráða gæða- og umhverfisstjóra til að leiða vinnu fyrirtækisins á sviði gæða- og umhverfismála. Um er að ræða spennandi starf fyrir manneskju með metnað, leiðtogahæfileika og brennandi áhuga á gæða- og umhverfismálum. Starfið heyrir undir forstjóra í skipuriti Innnes.

Gæða- og umhverfisstjóri ber ábyrgð á rekstri gæðakerfis, gæðahandbók og stefnum, markmiðum og aðgerðum í gæða- og umhverfismálum. Í samvinnu við forstjóra mun gæða- og umhverfisstjóri taka virkan þátt í rýna og móta gæða- og umhverfisstefnu fyrirtækisins til framtíðar.

**Helstu verkefni:**

- Rekstur gæðakerfis samkvæmt ISO 22000, matvælaöryggisstaðli (vottað 2019).
- Umsjón og innleiðing á ISO 14001, umhverfisstjórnunarstaðli.
- Markmiðasetning og eftirfylgni.
- Skráning og þarfagreining verklagsreglna, ferla og verklýsinga.
- Umsjón með áhættugreiningu og eftirfylgni umbóta.
- Skráning og eftirfylgni ábendinga og kvartana frá viðskiptavinum.
- Umsjón með innri og ytri úttektum.
- Utanumhald á ýmsum breytinga- og umbótaverkefnum.
- Leiða umhverfisnefnd fyrirtækisins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Farsæl reynsla af gæðastarfi og þekking á umhverfismálum.
- Góð þekking og reynsla af gæðastöðlum, innleiðingu ferla og gæðaúttektum.
- Þekking og reynsla af verkefna- og breytingastjórnun og umbótavinnu.
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Jákvæð framkoma og góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Fagmennska og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð almenn tölvuþekking.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember nk.**

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF





# Liðsfélagi í mannauðs- og fræðslumálum

Askja leitar að öflugum starfsmanni í mannauðsdeild. Meginmarkmið starfsins er að stuðla að faglegri þjónustu við stjórnendur og starfsfólk í mannauðs- og fræðslumálum.

Starfsmaður mun vinna með framleiðendum Öskju að skipulagi og framkvæmd þjálfunar starfsfólks, jafnt á þjónustu- og sölusviði, ásamt því að styðja við mannauðsmál fyrirtækisins.

Askja er meðal stærstu bílaumboða landsins og vinnur með nokkrum af öflugustu bílaframleiðendum heims. Askja vinnur eftir umhverfisstaðli ISO 14001 og er með jafnlaunavottun.

Allar nánari upplýsingar er að finna á hagvangur.is þar sem sótt er um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með **29. nóvember nk.**

Umsjón með starfinu hefur Sverrir Briem, **sverrir@hagvangur.is**.

ASKJA

Askja leggur áherslu á að skapa menningu sem einkennist af gleði, samvinnu og sveigjanleika. Það gerum við með því að veita starfsfólki stuðning og skapa því umhverfi til að geta veitt viðskiptavinum afburðaþjónustu. Áhersla er lögð á opin og uppbyggileg samskipti, leitað er lausna og jákvæðni höfð að leiðarljósi. Öflugt starfsmannafélag er hjá Öskju og reglulegir viðburðir og skemmtanir.

Í anda jafnréttisstefnu Öskju hvetjum við öll áhugasöm, óháð kyni, til að sækja um.

**Sótt er um starfið á hagvangur.is**

hagvangur.is

HAGVANGUR

# Skrifstofustarf

Festa lífeyrissjóður óskar eftir starfsmanni í bókhald og almenna afgreiðslu á skrifstofu sjóðsins í Reykjanesbæ. Í boði er skemmtilegt starf á traustum vinnustað sem leggur áherslu á gott vinnuumhverfi og þægilegan starfsanda.

**Helstu verkefni**

- Færsla fjárhagsbókhalds
- Almenn þjónusta við sjóðfélaga og launagreiðendur
- Verkefni tengd skjalavistun
- Önnur almenn skrifstofustörf

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun, háskólamenntun er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Grunnþekking á bókhaldi
- Sjálfstæð og lausnamiðuð vinnubrögð
- Frumkvæði og þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum og samvinnu er mikilvæg
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði, pólskukunnátta er kostur

FESTA LÍFEYRISSJÓÐUR

Festa lífeyrissjóður þjónustar um 18 þúsund sjóðfélaga og rúmlega 10 þúsund lífeyrisþega, aðallega á Suðurnesjum, Vesturlandi og Suðurlandi. Rúmlega 2.700 launagreiðendur greiða til sjóðsins fyrir hönd starfsmanna sinna. Sjóðurinn rekur bæði samtryggingardeild og séreignardeild. Heildareignir sjóðsins nema um tæpum 250 milljörðum króna.

**Sótt er um starfið á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 6. desember nk.**

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, **sverrir@hagvangur.is**.

hagvangur.is

HAGVANGUR

# Fjármála- og rekstrarstjóri

*Með sameiningu Inkasso-Momentum varð til annað stærsta fyrirtækið á sviði kröfustjórnunar hérlendis.*

*Fyrirtækið umbreytir innheimtuþjónustu á Íslandi, gerir hana manneskjulegri og stuðlar að hugarfarsbreytingu gagnvart innheimtuferlinu hjá öllum sem það snertir með sérstakri áherslu á upplifun greiðenda og rafrænar lausnir. Fyrirtækið hefur sett sér skýr markmið þegar kemur að sjálfbærnimálum og vinnur að heilindum að því að hafa jákvæð áhrif í íslensku samfélagi.*

*Hjá Inkasso starfar fagfólk í innheimtu sem sér um yfir 70 þúsund kröfur í hverjum mánuði fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum og sveitarfélögum landsins. Fyrirtækið er í sókn og ætlar sér stóra hluti á sviði kröfustjórnunar og fjártækni á næstu árum.*

**Leitað er að metnaðarfullum og árangursdrifnum aðila sem vill taka þátt í spennandi uppbyggingu Inkasso – Momentum en félagið er annar stærsti aðilinn á sínu sviði á Íslandi.**

Fjármála- og rekstrarstjóri ber ábyrgð á fjármálum og daglegum rekstri Inkasso - Momentum. Viðkomandi mun eiga sæti í framkvæmdastjórn félagsins og taka virkan þátt í stefnumótun og framfylgni á henni ásamt því að taka þátt í hinum ýmsu umbótaverkefnum. Fjármála- og rekstrarstjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

**Viðkomandi ber ábyrgð á:**

- Yfirumsjón með daglegum rekstri og þróun á innri þjónustu.
- Framkvæmd og eftirfylgni markmiðasetningar og áætlanagerðar.
- Reikningshald, mánaðarleg uppgjör, árshluta- og ársuppgjör ásamt samskiptum við endurskoðendur.
- Greiningar á sviði fjármála, viðskipta og á hagræðingartækifærum í rekstri.
- Samningagerð við þjónustuaðila og birgja.
- Ábyrgð á regluvörslu og samskiptum við Fjármálaeftirlit Seðlabankans.
- Yfirsýn með fjárfestingum.

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**

- Háskólamenntun á sviði endurskoðunar, viðskiptafræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Árangursrík stjórnunarreynsla og leiðtogahæfileikar.
- Reynsla af störfum hjá endurskoðunarfyrirtæki eða af fjármálasviði, reynsla af sambærilegu starfi er æskileg.
- Mikil færni á sviði fjármála og rekstrar.
- Færni í markmiðasetningu, áætlanagerð sem og af umbótaverkefnum.
- Mjög góð þekking á Excel og BI greiningartólum ásamt færni í greiningarvinnu.
- Drifkraftur, jákvæðni og framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarlegt kynningarbréf og starfsferilsskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. nóvember nk.**

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

**Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Garðar Ó. Ágústsson (gardar@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

# Þjónusta og umsjón í BSRB-húsinu

*Um er að ræða lifandi og skemmtilegan vinnustað sem leggur áherslu á fjölskylduvænt og öruggt vinnuumhverfi. BSRB, Sameyki, Póstmannafélag Íslands, Landssamband lögreglumanna og Styrktarsjóður BSRB eru með skrifstofur í húsnæðinu ásamt ráðgjöfum frá Virk starfsendurhæfingu. Auk skrifstofuaðstöðu eru fundarsalir, mötuneyti og samkomusalur sem nýtast almennt til námskeiða og funda. Að jafnaði starfa hátt í 50 starfsmenn í BSRB-húsinu.*

Við leitum að drífandi og þjónustuliprum einstaklingi sem vill koma og starfa sem umsjónarmaður í BSRB-húsinu, Grettisgötu 89. Starfið felur m.a. í sér þjónustu, eftirlit með húsi og aðgengi og daglegu viðhaldi ásamt öðrum tilfallandi störfum.

**Starfssvið:**

- Þjónusta og samskipti við starfsfólk hússins.
- Umsjón með öryggiskerfi.
- Umsjón með fjarfundabúnaði og fundarsölum.
- Innkaup rekstrarvara og samskipti við birgja.
- Umsjón með viðhaldsverkefnum innanhúss.
- Samskipti við verktaka.
- Önnur verkefni í samráði við yfirmann.

**Hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur.
- Handlagni og lausnamiðuð nálgun á verkefni.
- Mjög góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sveigjanleiki.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Við hvetjum öll áhugasöm til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. nóvember nk.**

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

**Umsjón með umsóknum hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Garðar Óli Ágústsson (gardar@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Skipulagsstofnun

# Sviðsstjóri stefnumótunar og miðlunar

*Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnsýslu og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi. Stofnunin vinnur í víðtæku samráði við sveitarfélög, önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila.*

*Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um skipulag haf- og strandsvæða og laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana og heyrir undir innviðaráðuneytið.*

*Hjá stofnuninni ríkir góður starfsandi og í boði er góð starfsaðstaða. Nánari upplýsingar má finna á **www.skipulag.is**.*

**Skipulagsstofnun** óskar eftir að ráða sviðsstjóra stefnumótunar og miðlunar.
Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á að takast á við fjölbreytt verkefni, hefur áræði og þekkingu til að leiða verkefni og getu til að leysa verk á eigin spýtur og í samstarfi við aðra.

**Helstu verkefni:**

- Forysta og dagleg stjórnun sviðsins.
- Vinna að gerð og framfylgd landsskipulagsstefnu og strandsvæðisskipulags.
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð stofnunarinnar.
- Viðburðahald og útgáfa á vegum stofnunarinnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, svo sem á sviði skipulagsfræði, arkitektúrs eða hliðstæðum greinum.
- Þekking og reynsla af skipulagsmálum.
- Leiðtogahæfileikar, færni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.
- Frumkvæði, skapandi hugsun og metnaður.
- Nákvæmni og ögun í vinnubrögðum.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti og góð enskukunnátta.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. desember nk.**

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

**Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Margrét Stefánsdóttir (margret@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

# Vilt þú leiða dansinn?

STÆRSTI SKEMMTISTAÐUR Í HEIMI!

## Framkvæmdastjóri – tækni & nýsköpunar

Vilt þú vera fremst í röðinni inn í framtíðina með snjallari lausnir? Við leitum að öflugum þjálfara í skemmtana- og framkvæmdastjórn Nova til að leiða áframhaldandi uppbyggingu á stærsta skemmtistaði í heimi! Liðsfélagi sem sér glasið alltaf hálffullt og helst með búbblum í. Þarf að sjálfsögðu að hafa metnað í blóðinu, frumkvæði í fingrunum og jákvæðni í stoðkerfinu.

**Ábyrgðarsvið**

- Mótun stefnu, markmiða og framtíðarsýnar í uppbyggingu fjarskipta og tækniinnviða
- Stuðla að nýsköpun og þróun nýrra lausna í fjarskiptum og þjónustu
- Leiða öflugan hóp starfsfólks til árangurs í fjarskiptum, stafrænni þróun, nýsköpun og tækniþjónustu
- Ábyrgð á daglegum rekstri fjarskipta- og upplýsingatæknikerfa
- Samskipti og samningagerð við erlenda og innlenda birgja
- Áætlanagerð og eftirfylgni í tengslum við rekstur og fjárfestingar

**Hæfniskröfur**

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Árangursrík reynsla af stefnumótun
- Farsæl leiðtoga- og stjórnunarreynsla
- Reynsla og brennandi áhugi á nýsköpun
- Reynsla af alþjóðlegri samningagerð og samstarfi
- Framúrskarandi samskiptahæfni á íslensku og ensku

**Nánari upplýsingar á nova.is**

vinnvinn

**Umsóknarfrestur er til 27. nóvember.**

Nova er nú orðið eitt af stærstu og öflugustu fjarskiptafyrirtækjum landsins og hefur frá upphafi lagt áherslu á framsækna fyrirtækjamenningu með framúrskarandi starfsfólki. Í Nova liðinu eru 156 einstaklingar sem leggja sig fram við að veita góða þjónustu, hlúa að ánægju viðskiptavina og vera í forystu í tæknibreytingum og innleiðingu á nýjustu tækni í fjarskiptum. Nova er nú komið lengst í uppbyggingu 5G á Íslandi en fyrirtækið á og rekur sína eigin virku innviði vítt og breitt um landið.

Ánægðustu viðskiptavinirnir í 13 ár!

FYRIRTÆKI ÁRSINS 2022

NOVA

# Sérfræðingur á tækni- og viðhaldssviði

FRIÐRIK A. JÓNSSON ehf.

Friðrik A. Jónsson leitar að iðnmenntuðum einstaklingi í starf sérfræðings á tækni- og viðhaldssviði fyrirtækisins. Starfið felst í uppsetningum, viðgerðum og almennu viðhaldi á tækja- og tæknibúnaði.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Uppsetning á sjálfstýringum s.s. kortaplotter, radar , ljósabúnaði, fjarskiptabúnaði og fleiru
- Uppfærslur og uppsetning á tölvubúnaði, netkerfum, síma- og kallkerfum
- Lagna- og tengivinna innan- og utandyra
- Bilanaleit og viðgerðir á raf- og hugbúnaði
- Tækniieg ráðgjöf um val á búnaði fyrir viðskiptavini

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Iðnmenntun sem nýtist í starfi, t.d. rafeindavirkjun
- Almenn þekking á meðhöndlun efna og frágangi við uppsetningar
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund
- Aðlögunarhæfni, sveigjanleiki og jákvæðni
- Frumkvæði og lausnamiðuð hugsun
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði

Umsóknarfrestur er til og með **5. desember 2022.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Friðrik A. Jónsson ehf (FAJ) á sér viðskiptasögu síðan 1942. FAJ er í þjónustu á tæknibúnaði fyrir skip og báta með áherslu á siglingatæki, fiskileitartæki, fjarskiptatæki, ljósabúnað og annan rafeindatæknibúnað. FAJ flytur inn og selur mest af þeim tækjum, ásamt almennum rekstri á þjónustuverkstæði sem sér um uppfærslur, uppsetningar og viðgerðir á rafeindabúnaði.

Nánari upplýsingar má finna á **www.faj.is.**

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Svava Sandholt (sigridur@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

# Starf í stjórnstöð Atlantshafsbandalagsins

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

Landhelgisgæsla Íslands leitar að áhugasömum einstaklingi til starfa í stjórnstöð Atlantshafsbandalagsins á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli sem rekin er af Landhelgisgæslu Íslands.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Loftrýmiseftirlit, eftirlit með umferð á hafi og stuðningur við loftrýmisgæslu
- Samskipti við stjórnstöðvar Atlantshafsbandalagsins
- Eftirlit með fjargæslukerfum
- Skýrslugerð og greining gagna
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Nám sem nýtist í starfi
- Áhugi og geta til að starfa í fjölbreyttu tækniumhverfi
- Góð greiningarhæfni og lausnarmiðuð hugsun
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Reglusemi, snyrtimennska og stundvísi
- Sjálfstæði, nákvæmni og agi í vinnubrögðum
- Geta til að stunda vaktavinnu og vinna undir álagi
- Mjög góð enskukunnátta í ræðu og riti

Umsækjendur þurfa að standast kröfur Landhelgisgæslunnar um líkamlegt og andlegt atgervi. Einnig skal starfsfólk uppfylla skilyrði fyrir öryggisheimild sbr. varnarmálalög nr. 34/2008 og reglugerð nr. 959/2012.

Stefnt er að ráðningu frá janúar/febrúar 2023. Viðkomandi vinnur dagvinnu meðan á þjálfun stendur sem getur verið allt að 24 mánaða tímabil. Að því loknu er gert ráð fyrir að vaktavinna geti hafist og þá er unnið á 8 tíma þrískiptum vöktum. Kostur er ef viðkomandi býr á Suðurnesjum.

Landhelgisgæsla Íslands er löggæslustofnun sem hefur það hlutverk að sinna löggæslu og eftirliti sem og leit og björgun á hafsvæðinu umhverfis Ísland. Landhelgisgæslan annast einnig framkvæmd á varnartengdum rekstrarverkefnum í umboði utanríkisráðuneytisins sbr. varnarmálalög nr. 34/2008 og samning við utanríkisráðuneytið, þ.m.t. er rekstur öryggissvæða, mannvirkja, kerfa, stjórnstöðvar og ratsjár- og fjarskiptastöðva Atlantshafsbandalagsins.

Hjá Landhelgisgæslunni starfar rúmlega 230 manna samhentur hópur sem hefur að leiðarljósi slagorðið: **Við erum til taks!**

Gildi Landhelgisgæslunnar eru:
**Öryggi - Þjónusta – Fagmennska**.

Nánari upplýsingar um Landhelgisgæslu Íslands má finna á: **www.lhg.is.**

Umsóknarfrestur er til og með **5. desember 2022.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Umsóknir gilda í sex mánuði frá dagsetningu auglýsingar. Í ljósi ríkjandi kynjahlutfalls innan Landhelgisgæslunnar og jafnréttisáætlunar stofnunarinnar, eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

# Verkefnastjóri í útboðsgögnum og jarðvinnumælingum

GT Verktakar óska eftir að ráða öflugan liðsauka í starf verkefnastjóra í útboðsgögnum og jarðvinnumælingum.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Útboðsvinna og ábyrgð á skilagögnum
- Umsjón með jarðvinnumælingum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í verk- eða tæknifræði
- Mikil reynsla af sambærilegum störfum
- Góðir samskiptahæfileikar og lausnamiðað hugarfar
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli
- Mjög góð tölvufærni
- Frumkvæði og rík þjónustulund

Umsóknarfrestur er til og með **4. desember 2022.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

GT Verktakar ehf. var stofnað árið 2001. Fyrirtækið sérhæfir sig meðal annars í verkefnum sem snúa að malarflutningum, jarðvegsskiptum og vinnu við hvers kyns jarðvegsaðstæður. GT verktakar hafa unnið að nokkrum af þeim stærstu verkefnum á sviði jarðvinnuframkvæmda á Íslandi.

Nánari upplýsingar má finna á **www.gtv.is.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Svava Sandholt (sigridur@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir




# Verkefnastjóri á útleigusviði

Eik fasteignafélag óskar eftir að ráða drífandi og sjálfstæðan einstakling í starf verkefnastjóra á útleigusviði. Um er að ræða starf sem heyrir undir framkvæmdastjóra útleigusviðs fyrirtækisins. Leitað er að úrræðagóðum einstaklingi sem býr yfir framúrskarandi samskiptahæfni.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Þjónusta núverandi og verðandi viðskiptavini og veita faglega ráðgjöf
- Sýna eignir félagsins
- Samningagerð út frá þarfagreiningu viðskiptavina
- Skjalagerð leigusamninga
- Greina ný viðskiptatækifæri

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. viðskiptafræði
- Framúrskarandi samskiptahæfni, frumkvæði og rík þjónustulund
- Góð skipulagshæfni og tölvukunnátta
- Sjálfstæð og fagleg vinnubrögð
- Greiningarhæfni og nákvæmni
- Góð almenn íslensku- og enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með **4. desember 2022**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjenda sem nýtist í starfi. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

EIK

Eik fasteignafélag var stofnað árið 2002. Frá stofnun hefur félagið vaxið með áherslu á fjárfestingar í helstu viðskiptakjörnum höfuðborgarinnar og er á meðal stærstu fasteignafélaga landsins. Hlutabréf félagsins eru skráð á aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Félagið býður upp á framúrskarandi starfsaðstöðu og góðan starfsanda. Hjá félaginu starfa 34 starfsmenn með fjölbreytta menntun og reynslu á fasteignamarkaði. Markmið þess er að veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu og bjóða húsnæðislausnir í takt við mismunandi þarfir.

Sú viðleitni grundvallast á gildum félagsins: **fagmennsku, frumkvæði, léttleika og áreiðanleika.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Svava Sandholt (sigridur@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

# Alta stækkar hópinn

**Við leitum að áhugasömu fólki í öflugan ráðgjafahóp Alta, sem fæst við fjölbreytt, krefjandi, skemmtileg og þverfagleg verkefni.**

**Verkefni Alta snúa að þróun og hönnun byggðar, bæja og borga, gerð svæðis-, aðal-, ramma- og deiliskipulags, verndaráætlana, loftslagsmálum, náttúrumiðuðum lausnum, blágrænum innviðum, umhverfismati áætlana og framkvæmda, greiningum og notkun landupplýsinga, stefnumótun og samráði.**

Við leitum að umsækjendum sem hafa:

- Háskólamenntun með framhaldsgráðu.
- Forvitni og frumkvæði.
- Áhuga á að takast á við fjölbreytt verkefni og kynna sér nýjungar.
- Getu til að vinna úr fjölbreyttum sjónarmiðum og setja í samhengi.

Starfsreynsla við tengd verkefni er æskileg.

**Nánari upplýsingar um Alta á www.alta.is**

**Frekari upplýsingar veitir Halldóra Hreggviðsdóttir, framkvæmdastjóri Alta, á halldora@alta.is**

Umsóknarfrestur er til og með 5. desember. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Umsóknum skal skilað á starf@alta.is**

alta

MENNTASJÓÐUR **NÁMSMANNA**

# Spennandi störf í boði hjá MSNM

Menntasjóður námsmanna (MSNM) óskar eftir að ráða öfluga einstaklinga í störf hjá sjóðnum. Um framtíðarstörf er að ræða og eru verkefnin fjölbreytt og spennandi.

## Sérfræðingur í innheimtudeild

Við leitum að talnaglöggum einstaklingum í störf sérfræðinga í innheimtudeild.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Verkefni sem tengjast innheimtu lána
- Útgáfa og skuldbreyting ofláns- og vanskilaskuldabréfa
- Upplýsingagjöf vegna innheimtu
- Samskipti við lög- og milliinnheimtuaðila
- Tölfræðileg vinna og úrvinnsla úr innheimtukerfi sjóðsins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi s.s. lögfræðingur, viðskiptafræðingur, hagfræðingur
- Mjög góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Nákvæmni og greiningarhæfni
- Hæfni til að vinna undir álagi
- Frumkvæði, jákvæðni og öguð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku

## Starfsmaður í afgreiðsludeild

Við leitum að jákvæðum og drífandi einstaklingi í starf í afgreiðsludeild sjóðsins.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Móttaka viðskiptavina
- Svörun almennra fyrirspurna í móttöku sjóðsins
- Flokkun, skönnun og skráning skjala og tölvupósts
- Símsvörun á skiptiborði

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Stúdentspróf eða önnur sambærileg menntun
- Þjónustulund, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku

Umsóknarfrestur er til og með **5. desember 2022.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf (hvort tveggja á íslensku), þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra við Fræðagarð stéttarfélag. Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. **Nánari upplýsingar um MSNM má finna á www.intellecta.is og www.menntasjodur.is.**

Upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir





# VIÐ ERUM AÐ STÆKKA

Kerecis er það fyrirtæki sem vex hraðast í heiminum á sviði meðferðar á vefjaskaða og byggir tækni sína á hagnýtingu á roði og fitusýrum. Vörur Kerecis eru notaðar til að meðhöndla margskonar vefjaskaða, s.s. húð-vandamál, skurðsár, þrálát sár, brunasár, munnholssár sem og til að flýta fyrir gróanda og að styrkja vefi eftir skurðaðgerðir.

Kerecis hefur vakið athygli á heimsvísu og á félagið í samstarfi um þróun og notkun á tækni þess víða um heim m.a. við bandarískar varnarmálastofnanir.

## Kerecis sáraroð á þátt í bata þúsunda einstaklinga um allan heim árlega.

Rúmlega 400 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu á Ísafirði, í Reykjavík, Sviss, Þýskalandi og í Bandaríkjunum. Við leitum að öflugu fólki í eftirtalin störf.

### SKRIFSTOFUSTJÓRI
OFFICE ADMINISTRATOR

Skrifstofustjórinn sér til þess að hjólin geti snúist á skrifstofu Kerecis í Reykjavík ásamt því að aðstoða starfs-menn skrifstofu forstjóra með ýmis verkefni.

**Starfssvið**
- Umsjón daglegs rekstrar skrifstofu
- Umsjón bréfasamskipta og undirritun samninga
- Skjölun og frágangur skjala
- Ýmis almenn skrifstofuverkefni

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun er kostur
- Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta
- Þjónustulund og glaðleg framkoma

Upplýsingar veitir
Hrefna Briem
(hsb@kerecis.com)

### EIGANDI GAGNA
DATA OWNER

Eigandi gagna kafar niður í djúpið. Hann ber ábyrgð á gögnum og gagnagrunnum fyrirtækisins á heimsvísu ásamt öryggismálum og framþróun og rekstri upplýsingakerfa.

**Starfssvið**
- Skilgreina notkun og markmið allra gagnagrunna fyrirtækisins
- Tryggja að notkun gagnagrunnanna sé skilvirk
- Ferlabreytingar og tæknibreytingar til að auka skilvirkni
- Öryggi og rekstur allra gagnagrunna

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- 10 ára reynsla í umsýslu og rekstri gagnagrunna
- Hæfileikar til að skilja viðskiptalega ferla og tengsl þeirra við gagnagrunna fyrirtækisins
- Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð

Upplýsingar veitir
Aðalbjörg Guðmundsdóttir
(ag@kerecis.com)

### SÉRFRÆÐINGUR Í SKRÁNINGUM
REGULATORY AFFAIRS SPECIALIST

Sérfræðingurinn spáir í framtíðina. Styður við vöxt Kerecis og vinnur að skráningum á nýja markaði ásamt því að vinna að viðhaldsskráningum á mörkuðum sem fyrirtækið hefur þegar náð fótfestu á.

**Starfssvið**
- Umsjón með skráningum á ný markaðssvæði
- Umsjón með viðhaldi á markaðsleyfum
- Samskipti við dreifingaraðila og stofnanir
- Gerð skráningargagna

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Nákvæmni og gott auga fyrir smáatriðum
- Góð enskukunnátta
- Fagmennska og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af skráningarvinnu æskileg

Upplýsingar veitir
Klara Sveinsdóttir
(ks@kerecis.com)

### VÖRUSTJÓRI INNAN BRUNA- OG SKURÐLÆKNINGA
PRODUCT MANAGER BURN & SURGICAL

Vörustjórinn hefur yfirumsjón með vörulínum fyrir skurðaðgerðir og brunasár. Vinnur þvert á allar deildir fyrirtækisins og stýrir stefnumótun með það að markmiði að auka markaðs-hlutdeild með arðbærum hætti.

**Starfssvið**
- Heildarstefna fyrir skurðaðgerðir og brunasár
- Samþætting markaðs-, sölu og þróunarmála
- Skipuleggur og vinnur að markaðsstarfi
- Greining, þróun og markaðstengsl nýrra markaðs- og viðskiptatækifæra

**Hæfniskröfur**
- BS eða MS próf í verkfræði eða annað háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af starfi í alþjóðlegu umhverfi
- Reynsla úr lækningavörugeira kostur
- Sterkir samskipta- og leiðtoga-hæfileikar
- Góð enskukunnátta

Upplýsingar veitir
Guðmundur Óskarsson
(gosk@kerecis.com)

Staðsetning starfanna er í Reykjavík eða á Ísafirði.
Umsóknir berist fyrir lok dags 25. nóvember n.k. á alfred.is

**KERECIS.COM**

**KERECIS ÍSAFIRÐI**
SUNDSTRÆTI 38
400 ÍSAFJÖRÐUR
+354 419 8000

**KERECIS REYKJAVÍK**
LAUGAVEGUR 77
101 REYKJAVÍK
+354 419 8000

**KERECIS SVISS**
WEBEREISTRASSE 61
8134 ADLISWIL
+41 43 499 15 66

**KERECIS BANDARÍKIN**
2101 WILSON BLVD
SUITE 900
ARLINGTON
VIRGINIA 22201
+1 703 287 8752

kerecis

# Framkvæmdastjóri StayinVik

**StayinVik óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra með umfangsmikla rekstrarþekkingu eða reynslu af hótel- og veitingastarfsemi. Leitað er að starfsmanni sem hefur áhuga á fólki, rekstri og ferðaþjónustu.**

**HELSTU VERKEFNI:**

- Daglegur rekstur og umsjón með öllum starfsmannamálum fyrirtækjanna
- Ráðningar, innleiðing ferla, samningagerð og launamál
- Markmiðasetning, úttekt og mælingar
- Almenn gæðastjórnun innan félagsins
- Rekstrartengd verkefni tengd sölu, vörukaupum, bókunum og umsjón með starfsmannaíbúðum

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**

- Viðskipta- og rekstrarmenntun, hótelstjórnun eða mannauðsstjórnun er kostur
- Mikil reynsla af rekstri og mannauðsstjórnun
- Reynsla af hótel- og veitingageiranum er kostur
- Áhugi á rekstri og fólki
- Reynsla af gæðamálum er kostur
- Góð samskiptafærni og frumkvæði

StayinVik er staðsett í Vík í Mýrdal og rekur Hótel Vík, Vík Apartments, Vík cottage og Berg restaurant.

Vík í Mýrdal er sá staður á landinu þar sem ferðamannaiðnaðurinn hefur vaxið hraðast og uppbygging er mikil. Innviðir samfélagsins eru sterkir og eru fjölskyldur boðnar sérstaklega velkomnar.

Starfsmannafjöldi StayinVik er um 100 manns þegar mest er.

Nánari upplýsingar veitir Agla Sigríður Björnsdóttir hjá Ráðum ehf. agla@radum.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. nóvember nk.** Sótt er um starfið á heimasíðu Ráðum www.radum.is.

ráðum 10 ÁRA
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** | Sími 519 6770 | radum@radum.is



# Greiningarsérfræðingur í launaþjónustu

**Alcoa Fjarðaál leitar að jákvæðum og hæfileikaríkum einstaklingi í starf greiningarsérfræðings í launaþjónustu. Greiningarsérfræðingur sinnir launakeyrslum, greiningum á launakostnaði og upplýsingagjöf til starfsfólks og stjórnenda. Alcoa Fjarðaál er eitt stærsta iðnfyrirtæki landsins með um 540 starfsmenn á launaskrá og að jafnaði um 100 sumarstarfsmenn. Stefna fyrirtækisins er að vera eftirsóknarverður hátæknivinnustaður sem eykur lífsgæði með ábyrgri og hagkvæmri framleiðslu áls.**

**Ábyrgð og verkefni**

- Ýmis verkefni tengd launavinnslu
- Launatengd greiningarvinna og skýrslugerð
- Upplýsingagjöf til starfsfólks og stjórnenda
- Viðhald og þróun ferla í launavinnslu
- Afleysing leiðtoga launaþjónustu

**Menntun, hæfni og reynsla**

- Hagnýt háskólamenntun, t.d. á sviði viðskiptafræði
- Þriggja ára starfsreynsla í launavinnslu eða fjármálum
- Góð þekking á gagnavinnslu og skýrslugerð í Excel
- Nákvæmni, skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum og upplýsingamiðlun
- Gott vald á íslensku og ensku

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sunna Jóhannsdóttir, leiðtogi launaþjónustu, í tölvupósti á netfangið sunna.johannsdottir@alcoa.com eða í síma 843 7950. Í samræmi við jafnréttisstefnu Alcoa Fjarðaáls og lög nr. 150/2020 eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Hægt er að sækja um starfið á **alcoa.is**. **Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 28. nóvember.**

Fjarðaál
alcoa.is

Alcoa



# Framkvæmdastjóri álframleiðslu

**Alcoa Fjarðaál leitar að jákvæðum og drífandi stjórnanda í starf framkvæmdastjóra álframleiðslu. Hlutverk framkvæmdastjóra er að leiða og þróa teymi um 300 starfsmanna í kerskála, skautsmiðju, umhverfisvöktun og kersmiðju. Framkvæmdastjóri stýrir áætlanagerð, fylgir árangursmælikvörðum eftir, stuðlar að umbótum og ber ábyrgð á öryggismálum í álframleiðslu.**

---

**Ábyrgð og verkefni**

- Gerð framleiðslu- og fjárhagsáætlana fyrir álframleiðslu
- Þróun mannauðs og stjórnunarhátta í teymunum
- Bregðast við frávikum í árangursmælikvörðum
- Stuðla að stöðugri og markvissri umbótavinnu
- Ábyrgð á öryggismálum og viðbrögðum við öryggisatvikum
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð framkvæmdastjórnar
- Tryggja árangursríka samvinnu við önnur teymi og ferli
- Samskipti og upplýsingagjöf innan fyrirtækisins og í erlendu samstarfi

**Menntun, hæfni og reynsla**

- Háskólamenntun á sviði verkfræði eða viðskipta, framhaldsmenntun er kostur
- Fimm ára farsæl reynsla af stjórnun, helst í framleiðslu
- Hæfni til að byggja upp öfluga liðsheild og vinnustaðarmenningu
- Frumkvæði, lausnamiðað viðhorf og umbótavilji
- Sterk öryggis- og umhverfisvitund
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Gott vald á íslensku og ensku

---

Frekari upplýsingar um starfið veitir Smári Kristinsson, framkvæmdastjóri mannauðsmála, í tölvupósti á netfangið smari.kristinsson@alcoa.com eða í síma 843 7728. Í samræmi við jafnréttisstefnu Alcoa Fjarðaáls og lög nr. 150/2020 eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Hægt er að sækja um starfið á **alcoa.is**. **Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 28. nóvember.**

Fjarðaál
alcoa.is

Alcoa

# Lyftaramaður – Akureyri

**Útgerðarfélag Akureyringa leitar að vönum lyftaramanni til starfa á Akureyri**

## Lyftaramaður

**Starfssvið**
Alhliða lyftaravinna á framleiðslusviði ÚA

**Menntun**
Lyftarapróf og reynsla af störfum á lyftara

**Annað**
Metnaður fyrir framleiðslu
Geta til að starfa sjálfstætt
Jákvæðni að fyrirrúmi

**Nánari upplýsingar veitir Jakob Atlason í síma 660 9110**

Vinsamlega skilið skriflegum umsóknum til Önnu Maríu Kristinsdóttur, Starfsmannastjóra Samherja hf, Glerárgötu 30, 600 Akureyri eða með tölvupósti á netfangið anna@samherji.is fyrir 9. desember 2022

Útgerðarfélag Akureyringa er dótturfyrirtæki Samherja hf. Samherji er eitt öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki Evrópu, með fjölbreytta starfsemi víðsvegar um heim. Samherji hefur á að skipa hæfu og framtakssömu starfsfólki og stjórnendum, öflugum skipaflota, miklum aflaheimildum og fullkomnum fiskvinnslum í landi.

Samherji hefur á undanförnum árum fjárfest í landvinnslu í Eyjafirði og byggt þar upp tvær af fullkomnustu fiskvinnslum landsins. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við nýjar áskoranir í heimi sjálfvirkni og tækniframfara.

SAMHERJI
ICE FRESH SEAFOOD




# Deildarstjóri framkvæmdadeildar

Kópavogsbær auglýsir eftir umsóknum í starf deildarstjóra framkvæmdadeildar. Um er að ræða stjórnunarstarf á framkvæmdadeild sem hefur umsjón með öllum nýframkvæmdum Kópavogsbæjar. Viðkomandi þarf að hafa metnað og reynslu til að stýra stórum framkvæmdum á vegum sveitafélagsins.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar og greiðsluáætlunar vegna framkvæmda og reksturs framkvæmdadeildar.
- Yfirumsjón með undirbúningi og hönnun framkvæmda.
- Yfirumsjón með eftirliti framkvæmda og útboðsverka.
- Yfirumsjón með kostnaðarstýringu hönnunar og framkvæmda.
- Sér um útboðslýsingar vegna verkframkvæmda framkvæmdadeildar.
- Gerð samninga vegna verkframkvæmda framkvæmdadeildar og hefur yfirumsjón með samningum við hönnuði og verktaka.
- Mótun og uppfærsla verkferla framkvæmdadeildar.
- Yfirumsjón með úttektum framkvæmda sem undir hann heyra og ákveður hvenær verksamningar eru uppfylltir og verki lokið.
- Ábyrgð á að mæli- og hæðablöð séu rétt.
- Ábyrgð á að landupplýsingakerfi sé uppfært og í samræmi við það sem í raun er.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólanám (Dipl. Ing í verkfræði, byggingatæknifræði eða sambærilegt)
- Reynsla í rekstri og verkefnastjórnun.
- Góð verkkunnátta og víðtæk reynsla í að stjórna stærri framkvæmdum.
- Góð leiðtogahæfni
- Góð tölvukunnátta
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Þekking á lögum og reglum sem starfinu tilheyra
- Góð mannleg samskipti og samstarfshæfni.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, ensku og norrænu tungumáli.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttafélags.

Nánari upplýsingar veitir Ásthildur Helgadóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, í síma 441-0000.

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar í gegnum ráðningarkerfið Alfreð.

Umsóknarfrestur er til 28. nóvember 2022.

Kópavogsbær
kopavogur.is

ráðum ráðningarstofa

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

Fjallabyggð

# Forstöðumaður Íþróttamiðstöðva Fjallabyggðar

**Fjallabyggð auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns Íþróttamiðstöðva Fjallabyggðar.**

Leitað er eftir kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi til að leiða starfsemina. Forstöðumaður hefur umsjón með húsnæði íþróttamiðstöðva, tækjum og innanstokksmunum. Starfsstöðvar eru á Siglufirði og í Ólafsfirði. Í Ólafsfirði er íþróttahús, líkamsrækt og 25m útisundlaug og á Siglufirði er íþróttahús, líkamsrækt og 25m innisundlaug. Forstöðumaður heldur utan um daglegan rekstur og mannahald, skipuleggur vaktir fyrir starfsmenn og sinnir öðrum tilfallandi verkefnum. Forstöðumaður annast fjárhagslegt eftirlit íþróttamiðstöðva, áritun reikninga, eftirlit með útgjaldaliðum og ber ábyrgð á því að reksturinn fari ekki fram úr áætlun. Hann tekur virkan þátt í fjárhagsáætlunargerð og sér um skil á skýrslum og uppgjöri rekstrar.
Næsti yfirmaður forstöðumanns er deildarstjóri fræðslu-frístunda- og menningarmála.

Starfshlutfall er 100%, þar af 40% í skipulögðum vöktum á starfsstöðvum íþróttamiðstöðva.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi s.s. háskólamenntun, iðnmenntun eða önnur menntun.
- Leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar, sjálfstæði í vinnubrögðum og metnaður í starfi.
- Góð kunnátta í íslensku.
- Reynsla, þekking og stjórnun á sviðinu er kostur.
- Góð tölvukunnátta og hæfni til að innleiða tæknibreytingar s.s. sjálfvirk kerfi.
- Þekking á stýribúnaði sundlauga og búnaði tengdum íþróttamiðstöðvum er kostur.
- Bílpróf.

Viðkomandi þarf að gefa heimild til upplýsingaöflunar í sakaskrá.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. janúar 2023.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Ríkey Sigurbjörnsdóttir deildarstjóri fræðslu- frístunda og menningarmála, netfang: rikey@fjallabyggd.is s. 464 9116 og 844 5819.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsferil og nöfnum tveggja umsagnaraðila (starfsferilskrá) ásamt kynningarbréfi um viðkomandi skal skilað rafrænt, á Rafræn Fjallabyggð.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember 2022.**

Öllum umsóknum er svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Upplýsingar um Fjallabyggð er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins https://www.fjallabyggd.is/
og á Fjallabyggð fagnar þér https://www.fagnar.is/

intellecta.is
RÁÐNINGAR


intellecta

Fjarskiptastofa

Hlutverk Fjarskiptastofu er að stuðla að netöryggi ásamt hagkvæmri, öruggri og aðgengilegri fjarskiptaþjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Hjá Fjarskiptastofu starfa um 40 manns, aðallega sérfræðingar við úrlausn verkefna á sviði netöryggis, tæknimála, viðskipta og laga sem tengjast hlutverki stofnunarinnar.

# Ábyrgur og öflugur skjalastjóri

Skjalastjóri tekur þátt í starfsvettvangi sem er að eflast og breytast og bjóðast góð tækifæri til frekari þróunar í starfi í sveigjanlegu og kviku vinnuumhverfi. Lögð er áhersla á fjölskylduvænan vinnustað til að viðhalda jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Leiðir þróun skjalastjórnunar stofnunarinnar bæði í GoPro og öðrum kerfum, t.d. Sharepoint og Teams
- Ber ábyrgð á eftirfylgni og þróun skjalastefnu og verklagi við skjalastjórnun
- Móttaka innsendra erinda og skráning í skjalavistunarkerfi
- Umsjón með réttri skráningu útsendra bréfa í skjalavistunarkerfi
- Frágangur og skil rafrænna gagna og pappírs til Þjóðskjalasafns Íslands
- Ber ábyrgð á og hefur umsjón með að skjalamál séu í samræmi við reglugerðir og lög
- Þróar áfram notendahandbók og sinnir ráðgjöf, stuðningi og fræðslu til starfsmanna um skjalamál
- Tekur þátt í stafrænum þróunarverkefnum og öðrum samstarfsverkefnum
- Tekur þátt í öðrum verkefnum sem tilheyra Rekstrarsviði eftir atvikum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í upplýsingafræði með áherslu á skjalastjórn eða annað sambærilegt háskólapróf sem nýtist í starfi er skilyrði
- Þekking og reynsla af skjalastjórn og notkun rafrænna skjalakerfa s.s. GoPro er kostur
- Hæfni til að vinna með stafrænar lausnir
- Frumkvæði, metnaður, nákvæmni og lausnamiðuð hugsun í starfi
- Góð tölvukunnátta
- Þekking á TEAMS og Microsoft skýjalausnum er kostur
- Þekking og reynsla af verkefnastýringu er kostur
- Góð samstarfshæfni, jákvætt viðhorf og sveigjanleiki í samskiptum eru nauðsynlegir eiginleikar

**Frekari upplýsingar um starfið:**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Krafist er sakavottorðs. Umsækjandi sem ráðinn er þarf að gangast undir og standast bakgrunnsskoðun og öryggisvottun Ríkislögreglustjóra.
**Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember nk.** Umsóknir óskast fylltar út á Starfatorgi.
Fjarskiptastofa hvetur einstaklinga af öllum kynjum til að sækja um starfið. Litið er svo á að umsókn gildi í 6 mánuði frá dagsetningu hennar, nema umsækjandi ákveði umsókninni skemmri gildistíma.
**Nánari upplýsingar veitir Hrefna Ingólfsdóttir – hrefna@fjarskiptastofa.is**

---

thor ice

# Störf í þróunar- og framleiðsludeild

Thor Ice Chilling Solutions ehf. leitar að nokkrum metnaðarfullum og duglegum einstaklingum í þróunar- og framleiðsludeild fyrirtækisins. Viðkomandi aðilar munu koma að þróun og uppsetningu á kælilausnum fyrirtækisins. Thor Ice hefur nýlokið fjármögnun sem leidd var af Alfa Framtak og stefnir í sókn á næstu mánuðum. Því eru spennandi tímar framundan og mikil tækifæri til þátttöku í vexti til framtíðar.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Þróun og uppsetning á vélum og kælilausnum
- Vinna við framleiðslu og samsetningu búnaðar
- Hönnun véla og búnaðar
- Stýringar og hugbúnaður, t.d. PLC forritun

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. vélstjóri, tæknifræðingur, hugbúnaðarsérfræðingur
- Þekking á kælimiðlum kostur, sérstaklega ammoníaki
- Þekking og reynsla af forritun á PLC kerfum er kostur
- Góð samskiptahæfni, frumkvæði og sveigjanleiki
- Sjálfstæð og fagleg vinnubrögð, lausnamiðuð hugsun og jákvæðni

Thor Ice Chilling Solutions ehf. er tæknifyrirtæki sem hefur þróað einstakar tæknilausnir sem kæla matvæli, fækka skaðlegum örverum, minnka sóun, auka nýtingu og draga úr vatns- og rafmagnsnotkun við matvælaframleiðslu. Búnaðurinn er þegar kominn í notkun hérlendis sem erlendis. Nánari upplýsingar má finna á **www.thorice.is**.

Nánari upplýsingar um störfin má finna á **www.intellecta.is**. Umsóknarfrestur er til og með **5. desember 2022**. Umsókninni þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Svava Sandholt (sigridur@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

# BYGGINGARFULLTRÚI Á SNÆFELLSNESI

**Sameiginlegt umhverfis- og skipulagssvið Stykkishólms og Helgafellssveitar, Grundarfjarðarbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps leitar að kraftmiklum byggingarfulltrúa til að halda utan um byggingarmál og verklegar framkvæmdir.**

Byggingarfulltrúi starfar náið með skipulagsfulltrúa, sem jafnframt er sviðsstjóri og næsti yfirmaður. Starfsaðstaða er í Ráðhúsunum í Stykkishólmi og Grundarfirði en auk þess kallar starfið á ferðir í Eyja- og Miklaholtshrepp.

Ítarlegar upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðum sveitarfélaganna og **alfred.is**

**Nánari upplýsingar um starfið veitir:**
Kristín Þorleifsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs
í netfangið kristin.thor@stykkisholmur.is og/eða síma 433 8100.

- **Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember 2022**
- **Reiknað með að viðkomandi geti hafið störf 1. febrúar 2023 eða skv. samkomulagi**
- **Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skilað í ráðningakerfi ALFRED.IS**






# VERKEFNASTJÓRI

***Við hjá RAFMENNT leitum að lausnarmiðuðum verkefnastjóra til starfa við endur- og símenntun á sviði smáspennu***

### *Helstu verkefni*

- Starfsmaður skipuleggur endur- og símenntun á svið smáspennu
  - *Fylgist með nýjungum á sviði smáspennu*
  - *Fylgist með nýjungum á rafrænum samskiptum*
  - *Þróun námskeiða*
  - *Greinir þörf fyrir endur- og símenntun*

### *Hæfniskröfur*

- Reynsla af störfum á sviði smáspennu
- Skipulagshæfni og frumkvæði í starfi
- Góð samskiptahæfni
- Reynsla að verkefnastjórnun og teymisvinnu
- Þekking á endur- og símenntun kostur
- Gott vald á íslensku og ensku

### *Menntunarkröfur*

- Krafa er um formlega menntun á rafiðnaðarsviði
- Kennsluréttindi kostur

**RAFMENNT** hefur það hlutverk að bjóða fræðslu og styðja fræðslutengd verkefni með það að markmiði að uppfylla fræðsluþörf á sviði rafiðnaðar og svara þannig þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Við erum 10 manns sem störfum hjá **RAFMENNT** við fjölbreytt störf sem snúa að menntun og endurmenntun félagsmanna.

Umsóknir skulu sendar til framkvæmdastjóra sem veitir nánari upplýsingar um starfið á netfangið **thor@rafmennt.is.**
Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.

***Umsóknarfrestur til og með 27. nóvember***

**RAFMENNT**
*fræðslusetur rafiðnaðarins*

**rafmennt.is**

Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • sími 540 0160

# Við leiðum fólk saman

HAGVANGUR

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Laust starf hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

# Þróunarstjóri mannvirkjaskrár

Vilt þú starfa á nútímalegum vinnustað sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu, miðlun og stafræna þróun?

## Um mannvirkjaskrá HMS

Í mannvirkjaskrá er meðal annars að finna upplýsingar um stærðir og eiginleika bygginga, hönnuði þeirra og byggingaraðila ásamt framvindu á byggingartíma. Til staðar er fjöldi spennandi þróunartækifæra til að efla mannvirkjaskrá og rekjanleika mannvirkjagerðar til framtíðar, til dæmis varðandi móttöku rafrænna hönnunargagna og vistun mikilvægra upplýsinga á borð við orkunýtingu, vottanir, tjón, viðhald og fleira sem gerist á líftíma mannvirkja.

**Umsóknarfrestur er til 1. desember 2022**

**Nánari upplýsingar**
***Guðjón Steinsson***, gudjon.steinsson@hms.is
Sótt er um starfið á www.hagvangur.is

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Hafa yfirsýn yfir og leiða faglega þróun mannvirkjaskrár til framtíðar.
- Leiða samskipti og samstarf við hagaðila sem styður við virkni og þróun mannvirkjaskrár.
- Sinna fræðslu- og kynningarstarfi um mannvirkjaskrá, þróun hennar og rekstur.
- Verða sérfræðingur í stærðar- og hlutfallsútreikningum mannvirkja.
- Vinna náið með hugbúnaðarteymi við þróun viðmóts nýs skráningarkerfis mannvirkja.
- Sinna fræðslu- og kynningarstarfi um viðmót og virkni nýs skráningarkerfis mannvirkja.
- Koma að vinnu við gerð og endurskoðun laga og reglugerða sem tengjast mannvirkjaskrá.

## Þekking og hæfni:

- Háskólamenntun á byggingarsviði, s.s. byggingarfræði, tæknifræði, verkfræði eða arkitektúr.
- Brennandi áhugi og góð þekking á tölvu- og gagnavinnslu á sviði mannvirkjagerðar.
- Reynsla af byggingarframkvæmdum og/eða mannvirkjahönnun.
- Framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfni.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Framsýni, sköpunargleði og þrautseigja.
- Reynsla á sviði verkefnastjórnunar er æskileg.
- Gott vald á íslensku og ensku.

Borgartúni 21, 105 Reykjavík - Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki - Hafnarstræti 107, 600 Akureyri

**hms.is**




**Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík**
**Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is**

**RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Menntaskólinn í Kópavogi er framhaldsskóli sem kennir samkvæmt áfangakerfi og býður upp á kennslu til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, ásamt kennslu á iðn- og verknámsbrautum á matvælasviði og í leiðsögn. Um 100 starfsmenn starfa við skólann og nemendur eru um 900.

# Sálfræðingur / félagsráðgjafi

**Gefandi starf í skemmtilegu umhverfi.**
**Menntaskólinn í Kópavogi auglýstir eftir sálfræðingi eða félagsráðgjafa í 50% til 100% stöðu frá áramótum.**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- stuðningur við nemendur með félagskvíða, ofsakvíða, áfallastreitu, depurð, þunglyndi og almennar raskanir sem hafa áhrif á líðan
- ráðgjöf í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa skólans
- stuðningur og ráðgjöf við forráðafólk ólögráða nemenda
- aðkoma að könnunum og rannsóknum á líðan og lífsstíl nemenda
- leiðbeiningar til kennara og annars starfsfólks ef upp koma viðkvæm erfið mál
- fagleg forysta í erfiðum málum, ef upp koma, er varða ofbeldi, áreitni, fíknivanda o.fl

**Mikilvægt er að viðkomandi:**
- hafi full réttindi í viðkomandi grein
- eigi auðvelt með að vinna með ungu fólki í líflegu umhverfi framhaldsskólans
- hafi framúrskarandi samskiptahæfni
- sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og hafi góða skipulagshæfni
- hafi góða íslenskukunnáttu í ræðu og í riti

Hafa ber í huga að það er ekki verið að leita að meðferðaraðila, heldur stuðningsaðila sem getur leiðbeint og komið málum í viðeigandi farveg hjá fagaðilum.

Í skólanum er framúrskarandi aðstaða fyrir nemendur og starfsfólk, mötuneyti er frábært og starfsandi góður. Vinnutími getur verið sveigjanlegur skv. samkomulagi.

Laun fara skv. kjarasamningi Fræðagarðs.

Umsóknum skal skilað í gegnum Starfatorg, www.starfatorg.is, og skal náms- og starfsferilsskrá fylgja með innsendri umsókn ásamt sakavottorði og þeim gögnum í viðhengi sem umsækjendur telja skipta máli í ráðningarferlinu, skulu innsend gögn vera á íslensku.
Einungis innsend gögn verða lögð til grundvallar ráðningu og ráða vali þeirra sem verða kallaðir í starfsviðtal.
Í samræmi við jafnréttisáætlun skólans er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um starfið.

**Umsóknarfrestur er til miðnættis 25. nóvember 2022.**

TENGI

# VÖRUHÚSASTJÓRI ÓSKAST

Tengi leitar að öflugum, metnaðarfullum og reynslumiklum vöruhúsastjóra til að sjá um vöruhús fyrirtækisins í Kópavogi.

Vöruhúsastjóri hefur umsjón með skipulagningu á vöruhúsi ásamt daglegum rekstri vörulagers, starfsmannamálum, ábyrgð á vörumóttöku, vörudreifingu og stýringu vörubirgða. Við leitum að manneskju, 25 ára eða eldri, með mikla skipulagshæfileika, sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði. Reynsla af sambærilegu starfi er skilyrði.

## Starfssvið

- Ábyrgð á vöruflæði og daglegum rekstri vöruhúss
- Umsjón með móttöku og afhendingu á vörum ásamt skráningu og tiltekt á vörum
- Mannaforráð
- Önnur tilfallandi verkefni

## Hæfniskröfur

- Skipulagshæfileikar, sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Reynsla af verkstjórn
- Lyftararéttindi kostur
- Góð tölvufærni, reynsla af Navision er kostur
- Þjónustulund og góð mannleg samskipti
- Sveigjanleiki og stundvísi

Umsóknarfrestur er til **07. desember** n.k. - um er að ræða framtíðarstarf.

Áhugasamir eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is. Hanna Birna Jóhannesdóttir ráðgjafi hjá HH Ráðgjöf hefur umsjón með ráðningu í starfið og veitir frekari upplýsingar í síma **561 5900** eða í tölvupósti **hannabirna@hhr.is**.

Tengi er stofnað árið 1981 og sérhæfir sig í ráðgjöf og sölu á hreinlætistækjum og pípulagningaefni. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Kópavogi en fyrirtækið er einnig með starfsstöðvar á Akureyri og Selfossi.

Hlutverk Tengis er að auðvelda viðskiptavinum val á gæðavörum á sviði hreinlætistækja og lagnaefnis sem studdar eru af framúrskarandi þjónustu. Tengi er metnaðarfullur vinnustaður þar sem rík áhersla er lögð á jákvæðan starfsanda og sterka liðsheild.
Tengi er Fyrirtæki ársins hjá VR fyrir árið 2022 og Framúrskarandi fyrirtæki Creditinfo 2022.

**www.tengi.is** | Kópavogi 414 1000 | Akureyri 414 1050 | Selfossi 414 1040

Framúrskarandi fyrirtæki — VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2022





Erum við að leita **að þér?**




Erum við að leita **að þér?**



# Störf við að móta nýtt fyrirkomulag
## tekna af samgöngum til framtíðar

**Við leitum að lausnamiðuðum sérfræðingum með áhuga á að taka þátt í að móta samgöngugjöld framtíðarinnar.**

Fjármála- og efnahagsráðuneytið og innviðaráðuneytið áforma að setja á fót verkefnastofu um samgöngugjöld og flýtifjármögnun samgönguinnviða. Vegna orkuskipta í vegasamgöngum fara hefðbundnar skatttekjur ríkissjóðs af ökutækjum og eldsneyti þverrandi. Þá hafa stjórnvöld áform um að flýta samgönguframkvæmdum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, einkum í jarðgangagerð.

Í ljósi þessa leggja ráðuneytin áherslu á að mótuð verði heildstæð framtíðarsýn um breytt fyrirkomulag gjaldtöku af ökutækjum, eldsneyti og afnotum vegakerfisins sem geti orðið sjálfbært til langrar framtíðar. Verkefnastofunni er ætlað að vinna að úrlausnarefnum á þessu sviði í samstarfi við sérfræðinga ráðuneytanna og sérstaka samráðsnefnd um málefnið. Markmiðið er að allir helstu þættir í nýju kerfi samgöngugjalda verði gangsettir fyrir árslok 2024.

**Meðal helstu verkefna:**

- Skoða mismunandi leiðir til tekjuöflunar af umferð.
- Meta áhrif á ólíka hópa.
- Greiningar- og sviðsmyndavinna.
- Mat á tæknilegum lausnum og útfærslum.
- Samráð og kynningar á nýju fyrirkomulagi.

**Fjölbreytt menntun og reynsla getur nýst í starfinu t.d. á sviði hagfræði og fjármála, þróunar og uppbyggingar samgangna, orkuskipta, umhverfis- og skipulagsmála, verklegra framkvæmda, verkefnastjórnunar og verkfræði. Störf í verkefnastofunni eru tímabundin til allt að tveggja ára.**

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður.
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af stefnumótun og breytingarstjórnun.
- Greiningarhæfni, lausnamiðuð og sjálfstæð vinnubrögð.
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar.
- Góð hæfni í að tjá sig í ræðu og riti.
- Reynsla af áhrifamati og greiningum er kostur.
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.
- Þekking á samgöngumálum og/eða tækniþróun er kostur.

Nánari upplýsingar veita Guðrún Ögmundsdóttir skrifstofustjóri, **gudrun.ogmundsdottir@fjr.is** og Ragnheiður Valdimarsdóttir mannauðsstjóri, **ragnheidur.valdimarsdottir@fjr.is** Einnig eru frekari upplýsingar á **starfatorg.is. Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember.**

**Stjórnarráð Íslands**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

**Stjórnarráð Íslands**
Innviðaráðuneytið



Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

BÚUM BETUR
BYGG

# Verkvit, fagmennska og vilji til verka

Sótt er um störfin á:
www.alfred.is

Nánari upplýsingar veitir
Elva Dögg Pálsdóttir
mannauðsstjóri:
elva@bygg.is



Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. leitar að starfsfólki með menntun og réttindi í mannvirkjagreinum til þess að starfa í fjölbreyttum verkefnum við:

- Verkefnastjórn
- Byggingarstjórn
- Verkstjórn

**Byggingarfélag Gylfa og Gunnars** var stofnað árið 1984 og hefur síðan þá fengið fjölda viðurkenninga fyrir fallega hönnuð hús og frágang lóða. Bygg hefur byggt í kringum 4.000 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu sem og tugþúsundir fermetra af atvinnuhúsnæði.

Bygg hefur fjölmörg verkefni í pípunum á komandi árum.

Hjá fyrirtækinu starfa um 160 manns og fjöldi undirverktaka. Bygg hf. er þekkt fyrir traust og örugg vinnubrögð, vandaðan frágang og efndir á umsömdum afhendingartíma.

JAFNLAUNAVOTTUN 2021-2024

Framúrskarandi fyrirtæki

---

SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

## Heilsuleikskólinn Suðurvellir í Vogum óskar eftir að ráða leikskóla-kennara/starfsmann í fullt starf frá og með 2. janúar 2023

Suðurvellir er þriggja deilda leikskóli sem vinnur eftir viðmiðum Heilsustefnunnar. Virðing og umhyggja eru leiðandi hugtök í leikskólanum og áhersla er lögð á gæði í samskiptum. Yfirmarkmið leikskólans er að auka gleði og vellíðan barna með áherslu á næringu, hreyfingu og list-sköpun í leik og starfi.

Allar nánari upplýsingar veita María Hermannsdóttir leik-skólastjóri og Ragnhildur Hanna Finnbogadóttir aðstoðar-leikskólastjóri í síma 4406240.

**Umsóknarfrestur er til 27. nóvember n.k.** og sótt er um starfið á heimasíðu leikskólans https://sudurvellir.leikskolinn.is

Vakin er athygli á að starfið hentar einstaklingum óháð kyni.

UMHYGGJA SAMVINNA GLEÐI VIRÐING

---


# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is


---

## RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

## RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

## RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



RÍKISKAUP AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI

**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta



# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

**Stjórnendaleit**

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

**Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga**

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Almennar ráðningar á markaði**

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Sveigjanleg nálgun**

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

**Matstæki**

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverði nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

**Ráðgjöf við starfslok**

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

SÍMEY

# RÁÐGJAFI / VERKEFNASTJÓRI

SÍMEY leitar að **öflugum** starfsmanni til að leiða og vinna að **fjölbreyttum** verkefnum á sviði **fullorðinsfræðslu**.
Ert þú fær í **samskiptum**, getur sýnt **frumkvæði** að úrlausnum verkefna, unnið **sjálfstætt** og ert jafnframt góður liðsmaður í **teymisvinnu**?

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Náms- og starfsráðgjöf
- Upplýsingamiðlun og ráðgjöf varðandi fræðslu- og starfsþróunarmöguleika
- Skipulagning og framkvæmd raunfærnimats
- Ráðgjöf, mat á hæfni og greining fræðsluþarfa á vinnumarkaði
- Þróun, skipulag og eftirfylgd námsleiða
- Upplýsingagjöf og samskipti við þátttakendur, stofnanir og hagsmunaaðila
- Þróun, utanumhald og umsjón með gæðum og verkefnum á sviði einstaklingsráðgjafar og raunfærnimats
- Fjölbreytt teymis og verkefnavinna með starfsmönnum SÍMEY

**Hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, svo sem á sviði kennslu og ráðgjafar, gerð er krafa um leyfisbréf náms- og starfsráðgjafa
- Reynsla sem nýtist í starfi
- Þekking og farsæl reynsla af ráðgjöf, samstarfi og samskiptum við atvinnulíf og hagsmunaaðila
- Þekking á fullorðinsfræðslu og íslenskum vinnumarkaði er kostur
- Almenn tölvukunnátta og gott tæknilæsi
- Mjög gott vald á Íslensku, ágæt færni í ensku og önnur tungumálakunnátta kostur
- Sjálfstæði, frumkvæði, rík skipulagshæfni og geta til að fylgja verkefnum eftir og klára
- Ríkir hæfileikar til samstarfs og samskipta
- Geta til að vinna í fjölbreyttu starfsumhverfi með margar hugmyndir og verkefni í einu

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar er sjálfseignarstofnun og starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr.27/2010 og er vottaður fræðsluaðili með leyfi Menntamálastofnunar og Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis til að annast framhaldsfræðslu.
SÍMEY er samstarfsaðili Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og fræðslusjóðs framhaldsfræðslunnar.
Hlutverk SÍMEY er að efla símenntun og auka samstarf milli atvinnulífs og skóla, og styrkja þannig samkeppnishæfni fyrirtækja og stofnana á svæðinu.
SÍMEY stuðlar að því að einstaklingar á Eyjafjarðarsvæðinu hafi aðgang að hagnýtri þekkingu á öllum skólastigum.
Gildi SÍMEY eru Tækifæri - Styrkur - Traust - Sveigjanleiki

Umsóknarfrestur er til og með **2. desember 2022.**

**Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.**

Sótt er um starfið á **www.mognum.is.**
Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda ásamt leyfisbréfi og afriti af prófskírteinum.

Nánari upplýsingar veita Sigríður Ólafsdóttir; sigga@mognum.is og Telma Eiðsdóttir; telma@mognum.is.

MÖGNUM


**Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár**

hagvangur.is

HAGVANGUR

## Skipulagsauglýsingar

*Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar breytingar á eftirfarandi deiliskipulagstillögum:*

**Breyting á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar**
Breytingin er í nokkrum liðum og fjallar m.a. um breytta aðkomu að hafnarsvæðinu, skilgreindar eru nýjar lóðir og breytingar á lóðamörkum.

Skipulagsgögn
**Breyting á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði fisk- og seiðaeldis í landi Innstu Tungu Tálknafirði**
Breytingin fjallar um breytta aðkomu að athafnasvæði Tungusilungs, breytt skipulagsmörk og skilgreining á nýrri vatnslögn.

Skipulagsgögn
Tillögurnar verða til sýnis á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps að Strandgötu 38 frá og með mánudeginum fra 14. nóvember 2022 til 2. janúar 2023. Þær verða einnig til sýnis á heimasíðu Tálknafjarðarhrepps, www.talknafjordur.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við til 2. janúar 2023. Skila skal athugasemdum á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, Strandgötu 38, 460 Tálknafirði.

***Skipulagsfulltrúi Tálknafjarðarhrepps***
***Óskar Örn Gunnarsson***

**Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu**

## Breyting á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 – skipulagslýsing í kynningu

### Breyting á vaxtamörkum við Rjúpnahlíð

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins auglýsir skv. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 lýsingu vegna breytingar á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040.

Breytingin varðar vaxtamörkum svæðisskipulags við Rjúpnahlíð í Garðabæ þar sem ætlun er að skipuleggja nýtt athafnasvæði fyrir plássfreka starfsemi. Breytingin er hluti af innleiðingu Garðabæjar á stefnumörkun gildandi svæðisskipulags. Unnið er að uppbyggingu þéttrar blandaðrar byggðar í grennd við miðbæ bæjarins við biðstöðvar Borgarlínu við Hafnarfjarðarveg. Ætlun er er að mæta þessari þróun með nýjum lóðum í Rjúpnahlíð fyrir atvinnufyrirtæki.

Lýsing er aðgengileg á www.ssh.is/svaedisskipulag. Þau sem telja sig eiga hagsmuni að gæta er gefinn kostur að senda ábendingar vegna lýsingar skriflega á netfangið ssh@ssh.is. Frestur til að skila ábendingum rennur út lok mánudagsins 12. desember 2022.

***Svæðisskipulagstjóri f.h.***
***svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins.***

# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Hljómskálagarðurinn - viðburðarsvæði 1. áfangi,** útboð nr. 15703

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
**Sími 411 1111**
Netfang: utbod@reykjavik.is

## Embassy – Housing

The American Embassy is seeking to lease a house/apartment in the Reykjavik area as soon as possible. Required size is 120 – 250 square meters, large living room, 2 full bathrooms, garage/inside parking and permission to keep pets.

Lease period is for minimum 3 years. Please send an e-mail to: sveinssonk@state.gov before **November 30th,** with information about the house and location (photos,street and house/apartment number) and phone number of the contact person showing the property.

## Sendiráð – Húsnæði

Bandaríska Sendiráðið óskar að taka á leigu hús/íbúð í Höfuðborgarsvæðinu eins fljótt og auðið er. Æskileg stærð 120 – 250 fermetrar, stór stofa, 2 baðherbergi með sturtu/baðkari, bílskúr/stæði í bílageymslu og leyfi til að hafa gæludýr.

Leigutími lágmark 3 ár. Vinsamlegast sendið tölvupóst á: sveinssonk@state.gov fyrir **30. nóvember,** með upplýsingum um eignina og staðsetningu (ljósmyndir,götuheiti og húsnúmer/íbúðarnúmer) og símanúmer þess sem sýna mundi eignina.

**EIGNAMIÐLUN**



**Vatnsendablettur 247** 203 Kóp.

Einbýli við Elliðavatn | 300,6 fm | 6 herb.



**Ólafur H. Guðgeirsson**
MBA Rekstrarhagfræðingur og
löggiltur fasteignasali
olafur@eignamidlun.is
663 2508

**Tilboð**

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**



**PANTIÐ** EINKASKOÐUN
hjá Jórunni í síma **845 8958**



## Hallgerðargata 5

**105 Reykjavík - íb. 206**

**Glæsileg 141 fm endaíbúð með óhindraða sjávarsýn**

- Glæsilegt alrými með fallegar vandaðar hnotu innréttingar
- Hjónasvíta með fataherbergi og baðherbergi
- 3 svefnherbergi, 2 baðherb.
- Geymsla 10,6 fm
- Tvennar svalir, suður svalir yfirbyggðar









Verð: **129,9 millj.**

**Jórunn Skúladóttir**
lögg. fasteignasali
**Sími: 845 8958**
jorunn@miklaborg.is

**MIKLABORG**

**569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

**FSRE**
AÐSTAÐA Í ALLRA ÞÁGU

## HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS Á SELFOSSI - LEIGUHÚSNÆÐI

**221122 Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir** f.h. ríkissjóðs óskar eftir að taka á leigu húsnæði fyrir **Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi. Miðað er við skammtímaleigu til 4 ára, fullbúið til notkunar, án lauss búnaðar.**

Um er að ræða **250 fermetra** hefðbundið skrifstofurými ásamt 200 fermetra geymslu. Kostur er ef skrifstofan verður staðsett í göngufæri við sjúkrahúsið á Selfossi. Geymslan má vera aðskilin frá skrifstofunni.

Frekari upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla verða aðgengilegar á www.utbodsvefur.is **mánudaginn 21. nóvember 2022.**

Við mat á hagkvæmni tilboða verður m.a. tekið tillit til leiguverðs, stærð húss og skipulags þess út frá fyrirhugaðri starfsemi, afhendingartíma, staðsetningu, aðkomu og bílastæðum.

Fyrirspurnir varðandi verkefnið **Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi - Leiguhúsnæði** skulu sendar á netfangið leiguhusnaedi@fsre.is.

Fyrirspurnarfrestur rennur út **29. nóvember 2022** en svarfrestur er til og með **2. desember 2022.**

Leigutilboð skal senda á leiguhusnaedi@fsre.is, eigi síðar en **kl. 13:00 fimmtudaginn 15. desember 2022.**

Merkja skal tilboðin; nr. **221120 – Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi - Leiguhúsnæði.**

Leiga á grundvelli þessarar auglýsingar er undanskilin lögum um opinber innkaup nr. 20/2016, sbr. a. lið 1. mgr. 11. gr.

**EIGNABORG**
FASTEIGNASALA

Hamraborg 12
200 Kópavogur
416 0500
www.eignaborg.is

**ÁRANGUR Í SÖLU FASTEIGNA**

**17. júnítorg 1** **210 Garðabær** **Verð: 79,9 m.**




## Íbúð – Stærð 116 fm

**Opið hús sunnudaginn 20. okt kl 15.00 - 15.30**

Stór og björt tveggja herbergja íbúð á fjórðu hæð í lyftuhúsi á vinsælum stað í Sjálandi Garðabæ. Rúmgóðar stofur og svefnherbergi. Útsýni er til austurs úr borðstofu. Svefnherbergi er rúmgott ásamt fataherbergi, gengið í gegnum fataherbergi inn á baðherbergi. Eigninni fylgir merk bílastæði í kjallara með tengi fyrir rafbíl.

**Húsið er fyrir 50 ára og eldri.**





**Upplýsingar veita:** Óskar Bergsson löggiltur fasteignasali 893 2499, oskar@eignaborg.is og
Hjálmar Óskarsson, nemi til löggildingar fasteignasala í síma 866 2945, hjalmar@eignaborg.is

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

# EIGNAMIÐLUN

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**



**OPIÐ HÚS**
21. nóv. 17:30-18:00

## Perlukór 8

203 Kópavogur

Einbýli ⟷ 291 fm 6 herb.

**215.000.000**



**Lárus Ómarsson**
Löggiltur fasteignasali
larus@eignamidlun.is
824 3934



**Guðlaugur Ingi Guðlaugsson**
Löggiltur fasteignasali
gudlaugur@eignamidlun.is
864 5464



**OPIÐ HÚS**
20. nóv. 14:00-14:30

## Álfaheiði 2e

200 Kópavogur

Fjölbýli – með bílskúr ⟷ 121 fm 4 herb.



**Þóra Birgisdóttir**
Löggiltur fasteignasali
thora@eignamidlun.is
777 2882

**87.900.000**



## Valhúsabraut 2

170 Seltjarnarnesi

Einbýli ⟷ 223,7 fm 6 herb.



**Sverrir Kristinsson**
Löggiltur fasteignasali
861 8511

**185.000.000**



**OPIÐ HÚS**
22. nóv. 17:15-17:45

## Heiðarhjalli 5

200 Kópavogur

Parhús ⟷ 268.5 fm 8 herb.



**Sverrir Kristinsson**
Löggiltur fasteignasali
861 8511

**147.000.000**

**OPIÐ HÚS**
23. nóv. 17:00-18:00



## Holtsgata 17

101 Reykjavik

Fjölbýli ⟷ 65,0 fm 2ja herb.

**49.900.000**



**Ólafur H. Guðgeirsson**
MBA Rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali
olafur@eignamidlun.is
663 2508

**OPIÐ HÚS**
21. nóv. 17:00-17:30



## Kristnibraut 87

113 Reykjavík

Fjölbýlishús - bílageymsla ⟷ 130 fm 4 herb.

**91.600.000**



**Daði Hafþórsson**
Löggiltur fasteignasali
dadi@eignamidlun.is
824 9096

**OPIÐ HÚS**
20. nóv. 14:00-14:30



## Baughús 48

112 Reykjavík

Einbýlishús ⟷ 257,6 fm 7 herb.

**149.800.000**



**Bjarni T. Jónsson**
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
bjarni@eignamidlun.is
895 9120






**OPIÐ HÚS** mánudaginn 21. nóvember kl. 16.00-16.30

# Hverfisgata 88
101 Reykjavík

**Nýtt 6 íbúða lyftuhús í miðbæ Reykjavíkur**

- **Byggt eftir eldri fyrirmynd** með öllum nútíma þægindum
- **Tvær 4ra herbergja** íbúðir
- **Tvær 3ja herbergja** íbúðir
- **Glæsileg 151 fm** íbúð á tveimur hæðum
- **Stæði** í lokaðri bílgeymslu
- **Tilbúið til afhendingar** í nóvember 2022

Verð frá: **81,9 millj.**

**Ólafur** Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

**Óskar** S. Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 6912312
osa@miklaborg.is

**MIKLABORG** 569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

---

**EIGNAMIÐLUN**



# Skálarimi
803 Selfoss

Einbýli með aukaíbúð | 200 fm | 6 herb.

**79.900.000**

**Ólafur H. Guðgeirsson**
MBA Rekstrarhagfræðingur og
löggiltur fasteignasali
olafur@eignamidlun.is
663 2508

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

---

BÚUM VEL



**SÉRHÆFÐ LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA MEÐ ÁHERSLU Á 60+**

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála
eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar
án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

**BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.**

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

---

**EIGNAMIÐLUN**



# Efstaleiti 12 - Breiðablik
103 Rvk

Fjölbýli | 138,6 fm | 4ra herb.

**99.000.000**

**Sverrir Kristinsson**
Löggiltur fasteignasali
861 8514

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

---

**EIGNAMIÐLUN**




# Skógarvegur 12a
108 Reykjavík

Fjölbýlishús | 111.7 fm | 3 herb.

**89.900.000**

**Unnar Kjartansson**
Löggiltur fasteignasali
unnar@eignamidlun.is
867 0968

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

---



# Sunnusmári 2, íbúð 0211
# 201 Kópavogur

**Bókið skoðun í síma 690 3111**

Glæsileg, vönduð og virkilega vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð ásamt stæði í bílageymslu í fallegu, nýju fjölbýlishúsi við Sunnusmára 2 í Kópavoginum. Húsið er virkilega vel staðsett í nýjum íbúðarkjarna. Gólfhiti - vandaðar innréttingar - kvartsteinn á borðplötu bæði í eldhúsi og á baðherbergi - gólfsíðir gluggar í stofu - sérstætt loftræsikerfi í íbúðinni - mynddyrasími. Íbúðin er laus til afhendingar við undirritun kaupsamnings.

**Verð 72,5 m kr.**

LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogi
Sími 512 4900

**Frekari upplýs. veitir Andri Sigurðsson,**
Lögg. Fasteignasali
í síma 690 3111 eða
andri@landmark.is

---

# Tjarnarbraut 4
**260 Njarðvík**




## 17 glæsilegar íbúðir í nýju lyftuhúsi á frábærum stað við Tjarnabraut

- Stærð frá **77 – 85 fm**
- **3ja** og **4ra** herbergja – gott skipulag
- Íbúðir **afhendast fullbúnar** með gólfefnum
- **Fallegar innréttingar** frá GKS
- Innbyggð **uppþvottavél** og **ísskápur** fylgja
- **Gólfhiti** og vélrænt útsog
- **Glæsilegt útsýni** af efri hæðum







**Óskar** H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is

**Ómar** Hvanndal
hdl. og aðst. fasteignas
Sími: 832 3200
omar@miklaborg.is

**MIKLABORG** | Með þér alla leið

Framúrskarandi fyrirtæki

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar


GARÐLIST
LEIGUM • SELJUM • SETJUM UPP • TÖKUM NIÐUR • GEYMUM
LJÓSASERÍUR
Í ÁSKRIFT
GARDLIST.IS
554-1989

# Ostar, kynlífstæki og kandífloss

**Nú er kominn tími til að skipuleggja alla föstu liðina sem fylgja jólaföstunni.**

brynhildur@frettabladid.is

Mörg eru byrjuð að leggja drög að aðventukrönsum og brátt koma súkkulaðidagatölin sívinsælu í búðir, oftar en ekki með tannkremi áfestu til að draga aðeins úr foreldrasamviskubitinu sem fylgir því að úða súkkulaði í börn fyrir morgunmat.

Að telja niður dagana frá fyrsta desember til jóla hefur verið gert svo árhundruðum skiptir í Þýskalandi, fyrst með því að merkja hvern dag með krítarstriki á vegg og seinna með myndum sem tengjast fæðingu Krists.

Á átjándu öld var farið að nota sérstök jólakerti til að mæla tímann, skipta því í 24 hluta og brenna bara einn hluta á dag og er sá siður við lýði enn í dag. Fyrsta jóladagatalið er frá árinu 1851 og það var úr tré og skartaði 24 myndum úr jólaguðspjallinu.

Farið var að prenta dagatöl árið 1902 en árið 1920 var það Gerhard Lang sem fann upp á því að setja hurðir eða glugga sem hægt er að opna og sjá hvaða mynd leyndist bak við. Þá voru einnig stundum biblíuvers við hlið myndanna.

Í kreppunni og alveg fram yfir seinni heimsstyrjöld var skortur á pappír svo dagatalsframleiðsla lagðist að mestu af. En í kringum 1950 tók maður að nafni Richard



Jóladagatöl bæta líf og glæða geð í drunganum í desember.



Sumar fjölskyldur föndra sín eigin dagatöl. Hér er fallegt jólatré úr klósettrúlluhólkum sem auðvelt er að lauma einhverju í. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Sellmar í Stuttgart upp þennan sið og hóf útflutning á myndadagatölum til Bandaríkjanna auk þess að sinna eftirspurn í Evrópu. Súkkulaðið bættist svo við árið 1958 og síðan hafa jóladagatöl markað hátíðleika aðventunnar og stytt börnum stundir í myrkrinu í desember.

Síðan um aldamótin síðustu hefur ekki eingöngu verið hægt að fá dagatöl með myndum eða súkkulaði heldur hafa stærstu leikfangaframleiðendur einnig stokkið á vagninn og nú er hægt að fá dagatöl frá Legó, Playmó eða Disney svo dæmi séu tekin.

Og nú geta fullorðnir einnig talið dagana niður til jóla því úrvalið af dagatölum sem eru ætluð þeim er jafnvel enn meira en fyrir börnin. Þar kennir ýmissa grasa, snyrtivöruframleiðendur láta gera litlar útgáfur af sínum vörum og steypa utan um falleg dagatöl, áfengisframleiðendur einnig, einkum gin og viskíframleiðendur og hægt er að fá dagatöl með 24 mismunandi tepokum eða kaffihylkjum.

Þá má fá dagatöl með litlum sultukrukkum, smáköku fyrir hvern dag og jafnvel mismunandi ostum eða þurrkuðu kjöti en þau dagatöl þarf væntanlega að



geyma í kæli. Aðdáendur ilmkerta, kandífloss og framandi krydda geta líka fengið dagatöl við hæfi og fylgja gjarna uppskriftir með þeim síðastnefndu.

Bjóraðdáendur fá oft mismunandi bjóra frá sínum nánustu og ekki má gleyma kynlífshjálpartækjadagatölunum sem hafa notið gríðarlegra vinsælda hérlendis undanfarin ár.

Löngum hafa fjölskyldur saumað eða föndrað eigin jóladagatöl, einhvers konar grind með pokum eða hólfum sem eru merkt með númerum, þar sem lítill glaðningur birtist á hverjum degi og getur sá bæði verið í formi sælgætis eða lítilla leikfanga. Einhverjar fjölskyldur baka piparkökudagatal, þar sem 24 mismunandi piparkökur eru skreyttar númerum og snæddar í réttri röð og aðrar bjóða upp á nýja tegund af morgunkorni á hverjum morgni í desember. Margar fjölskyldur hafa einnig tekið upp samverudagatal þar sem tekinn er frá tími dag hvern til að gera eitthvað saman eins og að baka, föndra, fara á skauta eða eitthvað annað skemmtilegt. Öll eiga dagatölin það sameiginlegt að efla hátíðleika aðventunnar og gera það bærilegra að þurfa að rífa sig á fætur í svartasta skammdeginu. ■

**Piparkökudagatöl svíkja ekki enda piparkökur með því jólalegra sem fyrirfinnst.**
















**Kristján** s: 867-3040 | **Guðbjörg G.** s: 899-5949 | **Garðar B.** s: 898-0255 | **Sólveig** s: 869-4879 | **Hallgrímur** s: 896-6020 | **Elísabet** s: 781-2100 | **Viktoría Larsen** s: 618-5741 | **Einar Örn** s: 823-4969 | **Sonata** s. 764-6334

# TRAUSTI fasteignasala

Vegmúla 4 | 108 Reykjavík | s.546-5050
trausti.is | trausti@trausti.is



**Kristín María** s: 837-1177 | **Ragnheiður** s: 788-3069 | **Halldór** s: 660-5312 | **Bára** s: 693-1837 | **Aðalsteinn Jón** s: 767-0777 | **Telma** s. 773-7223 | **Inga Reynis** s: 820-1903 | **Ragnar** s: 699-8282 | **Kristján Björn** s: 844-1450 | **Nína Björk** s: 820-0831

2022 Framúrskarandi fyrirtæki




## HRÍSATEIGUR 43 – 105 REYKJAVÍK

**OPIÐ HÚS Í DAG LAUGARDAG 19. NÓV. KL. 13:30-14:00**

Rúmgóð og björt 3ja herb. 86,8 fm. íbúð með sérinngangi í einu af vinsælustu hverfum Reykjavíkur. Eigninni hefur verið vel viðhaldið á undanförnum árum bæði að innan sem utan. Frábær staðsetning þar sem göngufæri er í alla þjónustu. **Nánari uppl. veita Kristján lgf. s. 867-3040 og Guðbjörg G. lgf. s. 899-5949.**
**Verð: 54,9 millj.**




## HVAMMABRAUT 14 – 220 HAFNARFJ.

**OPIÐ HÚS Í DAG LAUGARDAG 19. NÓV. KL. 13:00-13:30**

Björt og falleg 2ja hæða 111,1 fm. útsýnisíbúð á 3. og efstu hæð í góðu fjölbýli á eftirsóttum stað í Hafnarfirði. Nýlega var sameignin tekin í gegn og einnig er nýlega búið að mála húsið að utan. Eignin er miðsvæðis og frábærar gönguleiðir í næsta nágrenni.
**Nánari uppl. veitir Aðalsteinn lgf. s. 767-0777.**
**Verð: 59,9 millj.**




## SUÐURBRAUT 14 – 220 HAFNARFJ.

**OPIÐ HÚS Í DAG LAUGARDAG 19. NÓV. KL. 14:00-14:30**

Björt og falleg 3ja herb. 91,9 fm. íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli á frábærum stað miðsvæðis í Hafnarfirði. Skipt var um glugga að stærstum hluta 2015. Var stigagangurinn og öll sameign máluð og skipt um teppi 2018. Frábærar gönguleiðir í næsta nágrenni.
**Nánari uppl. veitir Aðalsteinn lgf. s. 767-0777.**
**Verð: 54,9 millj.**




## DREKAHRAUN 6 – 810 HVERAGERÐI

**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 20. NÓV. KL. 13:00-14:00**

Nýtt, vandað og fallegt 206,7 fm. 6 herb. timbureinbýlishús ásamt bílskúr á einni hæð í nýju hverfi sem er að rísa í Kambalandi í Hveragerði. Gólfhiti og vandaðar og fallegar flísar eru í íbúðarrými hússins, steypt gólf í bílsskúrnum. Lóðin er 690 fm. að stærð, er á frábærum stað og verður grófjöfnuð. **Nánari uppl. veitir Einar Örn lgf. s. 823-4969. Verð: 95,9 millj.**




## STUÐLABERG 66 – 221 HAFNARFJ.

**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 20. NÓV. KL. 13:00-13:30**

Einstaklega vel skipulagt og mikið endurnýjað 6-7 herb. 177,7 fm. parhús ásamt frístandandi bílskúr á frábærum stað í Setberginu í Hafnarfirði. Um er að ræða hús á tveimur hæðum auk rishæðar. Sólskáli og risherbergi er ekki inn í fermetratölu eignarinnar. **Nánari uppl. veita Guðbjörg G. lgf. s. 899-5949 og Inga lgf. s. 820-1903.**
**Verð: 119,9 millj**




## DRÁPUHLÍÐ 4 – 105 REYKJAVÍK

**OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 21. NÓV. KL. 17:15-17:45**

Falleg og björt 5 herb. íbúð á efri hæð ásamt fallegri aukaíbúð í risi, samtals 175,9 fm. Sérinngangur í stigagang sem þessar 2 íbúðir deila. Búið er að lagfæra húsið að miklu leyti að utan og þak endurnýjað. Dren var endurnýjað árið 2008. Suðursvalir. **Nánari uppl. veitir Aðalsteinn lgf. s. 767-0777.**
**Verð: 114,9 millj.**




## DALAÞING 30 – 203 KÓPAVOGUR

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 22. NÓV. KL. 17:30-18:00**

Glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innangengum bílskúr og tveimur aukaíbúðum, báðar með sérinngangi. Eignin stendur við enda á botnlangagötu í rólegu hverfi á frábærum stað með fallegu útsýni yfir Elliðavatn. Stór og skjólgóður sólpallur með heitum potti. Um er að ræða eign sem býður upp á mikla möguleika.
**Nánari uppl. veitir Guðbjörg lgf. s. 899-5949. Verð: Tilboð**




## BOÐAÞING 16 – 203 KÓPAVOGUR

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 22. NÓV. KL. 17:30-18:00**

Einstaklega vönduð og falleg 2ja herb. 90,8 fm. íbúð á 3. hæð við Boðaþing. Um er að ræða fallega eign í lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri. Fallegt útsýni. Stutt er í þjónusumiðstöð Hrafnistu en þangað er hægt að sækja í ýmsa þjónustu og félagslíf.
**Nánari uppl. veitir Sólveig lgf. s. 869-4879.**
**Verð: 69,9 millj.**




## STÍFLUSEL 9 – 109 REYKJAVÍK

**BÓKIÐ SKOÐUN**

Rúmgóð og björt 4ra herb. 113,1 fm. íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli. Miklar endurbætur hafa farið fram á húsinu að utan. Skjólgóðar suðursvalir. Snyrtileg sameign.
**Nánari uppl. veita Elísabet lgf. s. 781-2100 og Guðbjörg lgf. s. 899-5949.**
**Verð: 57,9 millj.**




## MÖRK 10 – 805 SELFOSS

**BÓKIÐ SKOÐUN**

Vorum að fá í sölu glæsilega 144 fm. sumarbústaði í Grímsnesinu, sem afhendist fullfrágengnir ásamt verönd og heitum potti.
**Nánari uppl. veita Ragnar s. 699-8282 og Kristján lgf. s. 867-3040.**
**Verð 79,9 millj.**




## ÁLHELLA – 221 HAFNARFJÖRÐUR

**BÓKIÐ SKOÐUN**

Nýtt á sölu, 30 fm. geymsluhúsnæði við Álhellu í Hafnarfirði. Vaskur með heitu og köldu vatni, lýsing í lofti, ofn til upphitunar, rafmagnstafla með 3ja fasa rafmagni, einn 3ja fasa rafmagnstengill við rafmagnstöflu, rafmagnstengill í lofti fyrir hurðaopnara, ljósarofi og rafmagnstengill nálægt hurð. **Nánari uppl. veita Ragnar s. 699-8282 og Kristján lgf. s. 867-3040. Verð: 10,9 millj.**



## MÖRK 12 – 805 SELFOSS

Glæsilegur 85 fm. sumarbústaður í Grímsnesinu, sem afhendist fullfrágenginn ásamt verönd og heitum potti.
**Nánari uppl. veita Ragnar s. 699-8282 og Kristján lgf. s. 867-3040.**
**Verð: 49,9 millj.**

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

BÍLABORG
BILABORG.IS



MMC ECLIPSE CROSS INVITE+ Plug in hybrid Nýskr. 03/2022, nýr bíll. Uppg drægni 54 km Verð 6.590 þús. Rnr.116791.



M.BENZ EQC 400 4 MATIC AMG Nýskr. 04/2021, ek. 6 þkm, vel búinn bíll. Uppgefin drægni 437 km Verð 10.990 þús. Rnr.116827.



FORD BRONCO SPORT First Edition 05/2021, ek 40 þkm, bensín, sjálfskiptur. Verð 7.990 þús. Rnr.124668.



RANGE ROVER VOUGE PLUG IN HYBRID Nýskr. 03/2020, ekinn 46 Þ.KM Bíll hlaðinn búnaði. Verð 16.900 þús. Rnr.122057.



VOLVO XC90 ULTIMATE T8 11/2022, nýr bíll Drægni 93 km, 455 HÖ, mjög vel búinn bíll með krók. Verð 13.990 þús. Rnr.124074.

**Bílaborg**
**Smiðshöfða 17 (Stórhöfðamegin), 110 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

SPARI bíll



Ónotaður 2022 Peugeot Boxer L3H2 Premium typa. Með 165 hö. vél sem kemur þér í gott skap í vinnunni. Þessi er með lúxus eins og fjaðrandi bílstjórasæti. Klæddur að innan. Dráttarkrókur. Og það mikilvægasta í dag hann er til afgreiðslu strax. Verð 6.200.000 án vsk.

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

### Bílar til sölu



Chevy Express 2003 V-8, 8 farþegar plús bílstjóri. Bensin, góð dekk, toppbíll. Hópferðaleyfisskoðun. Verð 1.250 þ Uppl. í s. 820-5181

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupum bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband**

## Þjónusta

### Málarar

**MÁLARAR.**
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 782 4540 / loggildurmalari@gmail.com

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Málningarvinna og viðgerðir innandyra. Unnið af meistara. Ágúst Þ. málarameistari S: 699-4464 malningarthjonusta@gmail.com

**REGNBOGALITIR EHF**
Getum bætt við okkur verkefnum. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Rúnar Múrari ehf
S. 774 3800
Innimálning
Parketlagnir
Gluggaskipti
Múrviðgerðir
Epoxy
Þakskipti
runarmur@gmail.com

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

vatnsvorn.is

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Herb. til leigu á svæði 108. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 892 3341

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
Vandaðir krossar á leiði!
3ja ára ábyrgð



JS LJÓSASMIÐJAN VÉLAVERKSTÆÐI SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-17

mýranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Heilsa

### Heilsuvörur






FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

## Skólar & Námskeið

### Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA**
Only 1-4 students per course ! Also Special Icelandic for Thais, Vietnamese and Chinese. Sérnámskeið: Íslenska f. Tælendinga, Víetnama og Kínverja. Einnig Sérnámskeið fyrir Heilbrigðisstarfsfólk/Also Special courses for Health Personnel. Enska fyrir Leiðsögumenn/ Icelandic for Guides. Start: 31/10, 14/11, 28/11, 12/12, 2/1, 16/1, 30/1, 13/2, 27/2.13/3. * 4 weeks x 5 workdays or/eða * 10 weeks/vikur x Sat&Sunlau&sun. AM & PM/f.h&e.h. Price/verð: 49.500.- Labour Unions pay back 50-90 % of price. Stéttarfélög endurgreiða 50-90% námsgjalds. www.iceschool.is - ff@icetrans. is - facebook.com/icetrans. IceSchool-Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5. 108, s. 8981175.




# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

gott cbd.is



Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA



# JÓLAFJÖR

## MEÐ SÖLKU SÓL

**Jólatónleikar fyrir börn og fjölskyldur þeirra**

**Eiríkur Rafn Stefánsson** stjórnar eigin útsetningum þekktra jólalaga og allir geta sungið með. Salka Sól verður sérstakur gestur ásamt barnakór.

- **4. DESEMBER**
- KL. 14.00
- **SILFURBERG**

**Miðasala á HARPA.IS og TIX.IS**

# Vildi alltaf vera fyrirmynd



Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is



Björgvin Páll ólst upp við erfiðar aðstæður. Hann deilir sinni sögu með börnum með þá von að hann geti hjálpað þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Handknattleiksmaðurinn Björgvin Páll Gústavsson gefur út barnabók fyrir jólin. Hann nýtur þess að vera fyrirmynd og útilokar ekki forsetaframboð í næstu kosningum.**

Bókin snýst svolítið um að gera fólki grein fyrir því að það eru allir eins og þeir eru út af einhverju. Það vill enginn vera óþekkur, það vill enginn vera lagður í einelti eða leggja í einelti, það vill engum líða illa,“ segir Björgvin Páll Gústavsson, handknattleiksmaður og rithöfundur. Hann gefur út nú fyrir jólin bókina Barn verður forseti.

Um er að ræða barnabók sem segir lífssögu Björgvins Páls á barnvænan hátt, en hann ólst upp við erfiðar aðstæður og var til að mynda um tíma á Barna- og unglingageðdeild (BUGL) þegar hann var lítill strákur.

„Ég hef áður gefið út mína sögu í bók en það hafði verið kallað eftir því að ég gerði það líka fyrir börn,“ segir Björgvin Páll. „Þarna stikla ég á stóru en segi sögu mína, stráksins sem beit kennarann sinn þegar hann var sex ára, var tekinn með hníf í skólanum þegar hann var átta ára og tólf ára stráksins sem fékk þá umsögn í sveit að hann væri barn sem erfitt væri að þykja vænt um.“

Björgvin segir markmið bókarinnar vera að auka vellíðan barna, í bókinni leyfi hann börnum að spegla sig í honum sjálfum og sögu hans. „Ég held að það sé mikilvægt fyrir börn og ungmenni í dag að heyra það frá einhverjum að þetta verði allt í lagi og ég held að það sé mikilvægt fyrir alla að eiga sér flottar fyrirmyndir, þegar ég var lítill átti ég margar fyrirmyndir, til dæmis Michael Jordan, Jón Pál og Vigdísi Finnbogadóttur,“ segir Björgvin Páll.

„Eins fylgdist ég mikið með landsliðum Íslands á mínu erfiðasta tímabili, þegar ég var á BUGL, þá fylltist ég miklu þjóðarstolti, var stoltur af því að vera Íslendingur,“ segir hann.

Björgvin Páll segir að strax þarna hafi hann langað að vera fyrirmynd fyrir aðra. „Mig langaði að verða góð fyrirmynd fyrir aðra, komast á þann stað að ég gæti verið fyrirmynd og það tókst mér með því að verða góður íþróttamaður og góð manneskja,“ segir hann.

**Gerðist hratt**

Björgvin Páll hafði lengi gengið með þá hugmynd í maganum að gefa út barnabók, hann hafi þó ekki stefnt á að gera það strax. „Svo kölluðu aðstæður á það að ég gerði þetta núna.“

Hann segir að í kjölfar mikillar umræðu um einelti og vanlíðan barna í samfélaginu, hafi hann ekki getað beðið lengur með að gefa út bókina. „Eins svipti einn einstaklingur innan fjölskyldunnar sig lífi og þá fannst mér ég verða að láta verða af þessu, þetta helltist bara yfir mig. Það eru að meðaltali þrjú sjálfsvíg í hverjum mánuði á Íslandi og börn eru að finna til meiri og meiri vanlíðunar, þetta er ekki hægt.“

Björgvin Páll setti stöðuuppfærslu á Facebook-síðu sína sem fékk mikil viðbrögð og var svohljóðandi: „Ef þig langar ekki að lifa lengur ... Heyrðu í mér! Bara ef þér líður eitthvað illa ... Heyrðu í mér! Það á enginn að burðast einn með sársauka ...“ Færslan náði til um 45 þúsund manns og í kjölfar færslunnar fékk Björgvin Páll fjölda skilaboða frá fólki úr ólíkum áttum. Skilaboðin sem hann fékk segir hann hafa verið enn meiri hvatningu til að gefa bókina út sem fyrst.

> **Það eru að meðaltali þrjú sjálfsvíg í hverjum mánuði á Íslandi og börn eru að finna til meiri og meiri vanlíðunar, þetta er ekki hægt.**

„Skilaboðin sem ég fæ þegar ég set eitthvað svona á netið eru allt frá því að einhverjum sé illt í tánni og upp í að fólk vilji ekki lifa lengur, ég er ekki sérfræðingur en ég reyni að beina fólki í rétta átt. Það eru til svo mörg úrræði og það er alltaf betra að tala við einhvern í stað þess að segja ekki neitt,“ segir hann.

„Ég held að fólk eigi auðvelt með að leita til mín af því að ég hef verið duglegur að berskjalda mig, tala opinberlega um mína vanlíðan. Ég svara öllum skilaboðum sem ég fæ og reyni að vera varkár. Stundum vísa ég fólki á Píeta og stundum bið ég fólk að deila sinni líðan með einhverjum sem er þeim nálægt. Það hefur gerst að ég hafi leitað uppi ættingja manneskju sem leitaði til mín, svo mikil var neyðin,“ segir Björgvin Páll.




Björgvin Páll gekk lengi með hugmynd að barnabók í maganum, hún er nú komin út, fyrr en hann gerði ráð fyrir.

„Útgáfa bókarinnar er svo búin að gerast mjög hratt. Ég hafði samband við útgáfufyrirtækið sem gaf út hina bókina mína og sagðist vilja gefa út barnabók fyrir jólin, þau spurðu bara hvaða jól og hlógu þegar ég sagði þessi jól,“ segir Björgvin Páll. „Svo bara fór allt á fullt og bókin fer í forsölu núna um helgina.“

**Útilokar ekki framboð**

Spurður út í nafnið á bókinni, Barn verður forseti, segir Björgvin Páll það áminningu um að öll getum við sett markið hátt og látið okkur dreyma um hvað sem er. „Sagan segir líka frá því hvernig framtíðin gæti litið út, hvort það þýði að ég fari í forsetaframboð eða ekki verður tíminn bara að leiða í ljós.“

*En langar þig að verða forseti?*

„Ég held að ég gæti orðið góður forseti. Ég tel að mér hafi tekist vel til í að vera ákveðin fyrirmynd og sameiningartákn. Ef ég yrði forseti gæti ég verið fyrirmynd fyrir miklu fleiri. Verið forseti allra barna, forseti íþrótta og allra þeirra sem standa höllum fæti,“ segir Björgvin.

„Mín orka þessa dagana fer hins vegar öll í að vera góður eiginmaður og pabbi, standa mig inni á vellinum og halda áfram að reyna að vera góð fyrirmynd og hjálpa öðrum að líða betur,“ segir Björgvin Páll.

„Handboltinn tekur mikinn tíma núna, ég stend í ströngu með Val fram að jólum og síðan eru næstu 20 mánuðir ansi þéttir ef allt gengur upp. Heimsmeistaramótið er í janúar og á næsta tímabili er Evrópumót og Ólympíuleikar, ef við komust þangað,“ segir hann. „Mér skilst að næstu forsetakosningar séu mánuði fyrir Ólympíuleikana, það væri reyndar mjög áhugavert að verða fyrsti forsetinn til að keppa þar,“ bætir Björgvin hlæjandi við. ■

***Ef þér eða einhverjum sem þú þekkir líður illa skaltu leita þér hjálpar. Píeta samtökin eru opin allan sólarhringinn s: 552 2218, einnig Hjálparsími Rauða krossins s: 1717, og hægt er að fá aðstoð í netspjalli á 1717.is.***

reitir.is

# Til hamingju með höllina!




Ný og glæsileg mathöll hefur verið opnuð í sögufrægu og svipmiklu húsi í miðborginni. Reitir óska veitingamönnum, Reykvíkingum og gestum þeirra til hamingju með Pósthús Foodhall.

REITIR
FASTEIGNAFÉLAG



Ruben, Estefania og Maria bíða þess að vera vísað úr landi eftir að hafa verið synjað um alþjóðlega vernd. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Sáu aldrei fyrir sér að vera í þessari stöðu



Guðmundur Gunnarsson
ggunnars@frettabladid.is

**Kólumbísk fjölskylda, sem sótti um vernd á Íslandi fyrir rúmu ári síðan, þráir ekkert frekar en að fá að tilheyra öruggu samfélagi. Þau lögðu á flótta frá heimalandinu eftir að hafa sætt pólitískum ofsóknum. Þau bíða nú brottvísunar frá Íslandi.**

Við sáum aldrei fyrir okkur að vera í þessari stöðu. Að þurfa að berjast fyrir lífi okkar. Það velur enginn að leggja það á börnin sín," segir Rubin Adrian Marin, sem lagði á flótta frá Kólumbíu í september á síðasta ári ásamt konu sinnu, Mariu Karolinu Pinzón, og níu ára dóttur, Estefaniu.

Maria tekur undir með Ruben og bætir við: „Stundum finnst mér þetta svo óraunverulegt allt saman. Að þetta sé okkar líf."

> Stundum finnst mér þetta svo óraunverulegt allt saman. Að þetta sé okkar líf.
>
> Maria Karolina Pinzón

**Ofsótt í eigin landi**

Ruben, Maria og Estefania flúðu frá heimalandinu vegna þess að þau tilheyra ört stækkandi hópi fólks í Kólumbíu sem sætt hefur ofsóknum vegna stjórnmálaskoðana sinna. Ruben og Maria eru vinstrisinnuð. Aðhyllast stefnu Colombia Humana, sem er sá stjórnmálaflokkur sem einna harðast hefur gengið fram í gagnrýni á kólumbísk stjórnvöld.

Fyrir fáeinum árum tóku þau ákvörðun um að láta pólitískar skoðanir sínar í ljós á samfélagsmiðlum. Aðallega til að benda á óréttlæti og spillingu í kólumbísku samfélagi. Í kjölfarið fóru þeim að berast líflátshótanir. Með tímanum urðu ofsóknirnar svo alvarlegri og hótanirnar grófari.

Ruben hefur margsinnis verið hótað lífláti. Maria segir að líf fjölskyldunnar hafi einkennst af stöðugum ótta síðustu árin í Kólumbíu. Þau heldu sig til hlés og reyndu að láta lítið á sér bera. Að lokum hafi þau ekki séð neinn annan kost í stöðunni en að hafa sig á brott.

**Spilling grasserar í Kólumbíu**

Ástandið er enda ekki gæfulegt í Kólumbíu. Samkvæmt greiningu bandaríska utanríkisráðuneytisins frá í fyrra á stöðu mannréttinda í landinu, einkennist stjórnkerfið af rótgróinni spillingu. Morð, ofbeldi og pólitískar ofsóknir eru daglegt brauð í Kólumbíu. Á síðustu árum hafa komið upp ótal hneykslismál tengd spillingu í opinberum stofnunum.

Mannréttindasamtökin Amnesty International hafa ítrekað lýst yfir áhyggjum af stöðu mála í Kólumbíu. Fólk sem vogar sér að gagnrýna stjórnvöld á á hættu að vera beitt ofbeldi. Þennan veruleika þekkja Ruben og Maria vel.

Maria segir þau hjónin vera á svörtum lista þekktra pólitískra öfgahópa. Hópa sem veigri sér ekki við að myrða þá sem þeir telja til pólitískra andstæðinga sinna.

Þau völdu Ísland vegna þess að þau fylgdust grannt með því hvernig tekið var á málum sem komu upp í tengslum við efnahagshrunið árið 2008. Og svo síðar þegar Panamaskjölin komu fram í dagsljósið.

„Við vitum að hið fullkomna land er ekki til. En úr fjarlægð komu Íslendingar okkur fyrir sjónir sem réttsýnt fólk og skynsamt," segir Maria.

**Þrá að skapa sér framtíð**

„Í okkar lífi höfum við alltaf lagt áherslu á að breyta rétt. Það skiptir okkur máli," bætir Ruben við.

„Þannig höfum við hagað okkar lífi. Bæði í Kólumbíu og hér. Við vitum að ef við viljum skapa okkur framtíð á Íslandi þá þurfum við að leggja mikið á okkur. Læra tungumálið og laga okkur að samfélaginu. Við trúum því að ef maður leggur sig fram og kemur fram af virðingu þá fái maður það þúsundfalt til baka," segir Ruben og bætir við að það sé erfitt að halda í þessi gildi þegar einu bréfin sem rata inn um lúguna séu tilkynningar um brottvísun og synjun um landvistarleyfi.

> Viltu segja í blaðinu að ég elski Hvassaleitisskóla og Ísland. Líka þegar það er kalt úti. Og að ég vilji ekki að lögreglan komi og taki mig.
>
> Estefenia, 9 ára

Frá því að fjölskyldan kom til Íslands fyrir rúmu ári síðan hefur Ruben farið um allt í leit að vinnu. Hann er verkfræðingur en segist aldrei hafa gert þá kröfu að fá vinnu við hæfi.

„Ég vil vinna fyrir mér. Það skiptir mig máli. Þess vegna hefur þetta verið mér svo erfitt. Ég fæ ekki vinnu vegna þess að mig skortir pappíra en fæ ekki pappíra vegna þess að ég er ekki með vinnu. Ef við værum frá Venesúela, nágrannalandi Kólumbíu, væri staða okkar önnur. Við erum í nákvæmlega sömu stöðu. Á flótta undan sömu grimmdinni. En vegna þess hvernig Kólumbía er skilgreind í kerfinu er staða okkar vonlaus. Mér hefur boðist að vinna svart en ég vil ekki gera það því ég vil borga mína skatta," segir Ruben.

„Hvað þýðir að vinna svart?" skýtur Estefania inn í. „Það er ólöglegt, elskan," segir Maria við dóttur sína.

**Bíða brottvísunar**

Fjölskyldan sér ekki fram á að draumurinn um að verða hluti af íslensku samfélagi muni nokkurn tímann rætast. Þeirra bíður nú brottvísun eftir að beiðni þeirra um vernd var synjað í annað sinn á grundvelli mats stjórnvalda á stöðunni í Kólumbíu. Það er álitið öruggt land.

„Sem fyrir okkur er mjög erfitt að skilja. Eftir allt sem við höfum gengið í gegnum," segir Ruben.

„Það eina sem við þráum er að vinna fyrir okkur og fylgjast með dóttur okkar vaxa úr grasi í öruggu umhverfi. Þar sem við þurfum ekki að óttast um líf okkar."

Þau vilja taka fram að allir sem þau hafa kynnst á Íslandi undanfarna fjórtán mánuði hafi reynst þeim einstaklega vel.

„Það er svo dásamlegt fólk á Íslandi. Alls staðar. Hjá Rauða krossinum, Reykjavíkurborg og í skóla dóttur okkar," segir Maria.

„Þið eruð svo brosmild og góð. Það er svo ótrúlega fallegt. Allir svo hjálplegir," bætir Ruben við.

Það eru bara kerfisveggirnir sem eru kaldir. Við skiljum ekki af hverju þeir þurfa að vera svona kaldir. Í landi þar sem fólkið er svona hjartahlýtt, segir Maria og fórnar höndum.

Estefania grípur af henni orðið og botnar frásögn foreldra sinna. „Mig langar bara að segja að ég elska Ísland. Viltu segja í blaðinu að ég elski Hvassaleitisskóla og Ísland. Líka þegar það er kalt úti. Og að ég vilji ekki að lögreglan komi og taki mig." ■

# Húsnæði óskast fyrir leikskóla

## Reykjavíkurborg óskar eftir að taka á leigu húsnæði fyrir leikskóla í borgarhlutunum Vesturbæ, Miðborg, Hlíðum og í Háaleiti-Bústöðum

Leitað er eftir **600 – 2.000 m²** húsnæði og **1.200 – 8.000 m²** aðliggjandi útileiksvæði til langtímaleigu, 3 – 15 ára með mögulegri framlengingu. Húsnæðið skal vera fullbúið til notkunar, en án lauss búnaðar. Gott aðgengi skal vera fyrir alla.

Fyrirspurnir varðandi verkefnið skulu sendar rafrænt í gegnum útboðskerfi Reykjavíkurborgar og verða svör birt þar. Fyrirspurnarfrestur rennur út 28. nóvember 2022 kl. 12:00 en svarfrestur er til og með 2. desember 2022 kl. 12:00.

**Leigutilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu, eigi síðar en 9. desember 2022 kl. 10:00.**

Nánari upplýsingar og skilyrði eru að finna á útboðsvef Reykjavíkurborgar
**https://utbod.reykjavik.is**

**Gögn sem fylgja skulu tilboði þurfa m.a. að innihalda eftirfarandi upplýsingar:**

- Afhendingartíma húsnæðis
- Staðsetningu, stærð og aldur húsnæðis
- Tillöguteikningar s.s. grunnmynd og útlit í 1:200 og afstöðumynd í 1:500
- Upplýsingar um lóðarstærð og hvernig aðgengi að húsnæði er frá lóð og útileiksvæði
- Fjölda bílastæða, aðkomu að lóð og byggingu
- Leiguverð per/m2 séreign og heildarleiguverð
- Húsgjöld
- Gildandi deiliskipulag svæðis þ.e. lóðar og aðlægra lóða
- Tilvísun í gildandi aðalskipulag

Reykjavík



HH
RÁÐGJÖF

# LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

## ATVINNUAUGLÝSING HJÁ HH RÁÐGJÖF KOSTAR AÐEINS *24.500 kr.**

**Á Atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.**

**» Ódýrt**

- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

**» Skilvirkt**

- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstar
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

**» Auðvelt í notkun**

- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttekur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

**Atvinnuauglýsingin þín birtist í Atvinnuappinu og á Atvinnuvef HH Ráðgjafar og dv.is**

*Verð er án vsk.

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is

# Bruno Schulz og týndi frelsarinn



Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Í dag eru áttatíu ár frá dauða pólska rithöfundarins og listamannsins Brunos Schulz. Messíasar, hans einu og ókláraðu skáldsögu, hefur verið leitað alla tíð síðan.

Þann 19. nóvember 1942, fyrir nákvæmlega 80 árum, var pólski rithöfundurinn Bruno Schulz skotinn til bana af nasistaforingja í Drohobych-gettóinu í Póllandi. Eftir Bruno liggja aðeins tvö smásagnasöfn og nokkrar teikningar, en engu að síður hefur einstök frásagnargáfa og ráðgátan um afdrif fyrstu og einu skáldsögu hans skráð nafn þessa hægláta gyðings á spjöld sögunnar og heimsbókmenntanna.

**Þrúgandi heimilislíf**

Bruno Schulz fæddist 12. júlí árið 1892 í Drohobych, fámennum bæ í héraðinu Galisíu, sem heyrði þá undir pólska konungsveldið en tilheyrir nú Úkraínu. Bruno var yngstur þriggja barna hjónanna Jacobs og Henriettu, kaupmanna af gyðingaættum. Jacob, faðir Brunos, rak litla vefnaðarvöruverslun sem hét eftir konu hans: Henrietta Schulz. Hann var heilsuveill maður sem þjáðist meðal annars af berklum og krabbameini og settu veikindin stórt strik í líf Schulz-fjölskyldunnar.

Bruno erfði sitthvað af taugaveiklun föður síns; sem barn var hann heilsuveill og sagt er að hann hafi vart hætt sér út á svalirnar á heimili sínu án þess að vera í fylgd móður sinnar. Henrietta, móðir Brunos, var að mörgu leyti andstæða eiginmanns síns, sterkbyggð og glaðlynd í skapi sem mildaði þrúgandi andrúmsloftið á heimilinu. Hún hafði þó stöðugar áhyggjur af syni sínum og eiginmanni; vafði Bruno í bómull og var allt að því einkahjúkrunarkona Jacobs.

**Sæluríki bernskunnar**

Þótt barnæska Brunos hafi ekki verið samfellt sumarland þá átti hún eftir að vera það tímabil í lífi hans sem hann endurheimsótti hvað mest þegar á leið og þegar á reyndi. Sögur Brunos eru allar að einhverju leyti byggðar á barnæsku hans, en sögumaðurinn er ungur drengur að nafni Joseph, sem minnir um margt á hinn hlédræga og dreymna Bruno.

Æsku Josephs er lýst sem goðsagnakenndum heimi þar sem hversdagslegir atburðir í lífi hans fá á sig eins konar dulrænan blæ og staðir í næsta nágrenni Drohobych umbreytast í heillandi og framandi töfraveröld. Fyrir Bruno var bernskan eins konar sæluríki og voru sögurnar leið hans til að endurvekja hana.

**Blessun og bölvun**

Bruno stundaði nám í arkitektúr í Lvív og Vínarborg á árunum í kringum fyrri heimsstyrjöld, en kláraði aldrei próf sökum lélegs heilsufars og ófriðarástandsins í Evrópu. Árið 1924 fékk hann starf sem kennari í teikningu og handíðum við Ríkisskóla Wladyslaw Jagiello konungs, sama skóla og hann hafði stundað nám við sem drengur, sem hann átti eftir að gegna til 1941.

Kennarastarfið var Bruno bæði blessun og bölvun að því leyti að það veitti honum fjárhagslegt öryggi en tók yfir mestallan tímann sem hann hefði annars getað nýtt til eigin listsköpunar. Engu að síður var það um þetta leyti sem listrænn ferill Brunos Schulz byrjaði að blómstra. Hann hélt fyrstu einkasýninguna á myndum sínum í Varsjá 1922 og tók þátt í sýningum í Vilníus, Lvív og Kraká á næstu árum.



Bruno Schulz skildi aðeins eftir sig tvö smásagnasöfn. MYND/WIKIPEDIA

**Skáldadraumar og útgáfa**

Árið 1930 kynntist Bruno skáldkonunni Deboru Vogel í gegnum sameiginlegan vin. Þau mynduðu djúpa vináttu í gegnum sameiginlegan áhuga á bókmenntum og listum og í gegnum Deboru byrjaði skáldaferill Brunos að blómstra. Í bréfum sínum til hennar byrjaði Bruno að bæta við löngum eftirmálum sem innihéldu uppköst að smásögum.

Debora tók bréfunum vel og hvatti Bruno til að halda áfram með sögurnar, sem hann og gerði. Þegar smásögurnar voru farnar að taka á sig mynd safnaði Bruno þeim saman í handrit sem Debora hjálpaði honum að senda til rithöfundarins Zofiu Nalkowsku, sem var áhrifamikil manneskja í pólsku menningarlífi. Það var svo í gegnum Nalkowsku sem fyrsta smásagnasafn Brunos kom út undir árslok 1933 þegar höfundurinn var 41 árs að aldri. Bókin bar pólska titilinn Sklepy cynamonowe, sem á íslensku útleggst sem Kanilbúðirnar.

Bókin vakti þónokkra athygli í pólsku bókmenntasamfélagi og hlaut góðar viðtökur. Bruno fylgdi Kanilbúðunum svo eftir með öðru smásagnasafni 1937, Heilsuhæli undir merki stundaglassins. Þessum tveimur bókum er gjarnan safnað saman í eitt safn undir heitinu Krókódílastrætið, ásamt stökum smásögum Brunos. Árið 1938 var Bruno svo sæmdur stærstu viðurkenningu ferils síns, þegar hann hlaut hin virtu bókmenntaverðlaun Pólsku akademíunnar.

**Endurreisn á öld snilligáfunnar**

Um þetta leyti var Bruno þegar byrjaður að leggja drög að sinni fyrstu skáldsögu sem bar vinnutitilinn Messías. Messías átti að verða meistaraverk Brunos; eins konar holdgerving á þeirri grundvallarkenningu hugmyndafræði hans að koma frelsara gyðinga myndi færa mannkynið aftur til sæluríkis bernskunnar og endurreisa öld snilligáfunnar.

Bruno gekk þó hægt að koma skáldsögunni á blað og entist ekki aldur til að klára hana. Ekkert hefur varðveist af Messíasi og lítið er vitað um efni hennar eða innihald. Þó er vitað til þess að Bruno las upp úr frumdrögum handritsins fyrir nokkra vini sína á stríðsárunum og samkvæmt frásögnum viðstaddra hófst hún einhvern veginn á þessa leið: „Móðir mín vakti mig um morguninn og sagði: Jósef, Messías er að nálgast; fólk hefur séð hann í Sambor.“

**Undir verndarvæng nasista**

Þann 17. september 1939 réðust nasistar inn í Drohobych, seinni heimsstyrjöldin var hafin og Bruno þurfti að setja skáldadrauminn aftur á hilluna. Hann gerði sitt besta til að aðlagast breyttu skipulagi en ljóst var að lítið pláss var fyrir viðkvæman rithöfund af gyðingaættum í miðju stríði.



Bruno Schulz hélt fyrstu einkasýninguna á myndum sínum í Varsjá árið 1922, um það leyti sem hann teiknaði þessa sjálfsmynd. Ellefu árum síðar gaf hann út sína fyrstu bók. MYND/WIKIPEDIA



Bruno Schulz myndskreytti sjálfur smásögur sínar. MYND/WIKIPEDIA

Bruno fékk tímabundna náð hjá nasistayfirvöldum, hlaut stöðu „nauðsynlegs gyðings“ og var tekinn undir verndarvæng Gestapóforingjans Felix Landau. Sá var húsgagnasmiður frá Vínarborg sem þrátt fyrir að eiga föður af gyðingaættum var einn alræmdasti gyðingamorðingi Drohobych.

Landau fékk Bruno til að vinna fyrir sig ýmis störf, sem fólust meðal annars í því að skreyta barnaherbergi í villu Landau-fjölskyldunnar með veggmyndum byggðum á Grimmsævintýrum. Árið 2001 enduruppgötvaði þýskur heimildagerðarmaður þessar veggmyndir, en hluti þeirra var fjarlægður af starfsmönnum helfararsafnsins Yad Vashem og fluttur til Ísraels, sem olli alþjóðlegu hneykslismáli.

**Skotinn tvisvar í höfuðið**

Undir árslok 1941 var Bruno gert að yfirgefa heimili sitt og flytja inn í íbúð í gyðingagettói Drohobych. Fyrir flutningana skipti hann listaverkum sínum og óútgefnum sögum í nokkra pakka sem hann afhenti kaþólskum kunningjum. Lítið er vitað um þessa einstaklinga eða innihald pakkanna, en leiða má líkur að því að einhverjir þeirra hafi innihaldið handrit að nánast fullkláruðu smásagnasafni og frumdrög skáldsögunnar Messíasar.

Bruno þoldi illa við í gettóinu, heilsu hans hrakaði og hann skrifaði örvæntingarfull bréf til vina sinna í Varsjá, sem lögðu á ráðin um að bjarga honum frá Drohobych. Allt kom þó fyrir ekki því Bruno flæktist inn í deilur Felix Landau og annars Gestapóforingja sem hét Karl Günther. Landau, verndari Brunos, hafði nefnilega myrt gyðing undir verndarvæng Günthers.

> „Móðir mín vakti mig um morguninn og sagði: Jósef, Messías er að nálgast; fólk hefur séð hann í Sambor.
>
> Bruno Schulz

### Úr sögunni Kanilbúðirnar úr smásagnasafninu Krókódílastrætið

„Ég kom út í vetrarnótt sem tindraði af birtu himinsins. Þetta var ein af þessum heiðskíru nóttum þegar stjörnuhimininn er svo djúpur og víðfeðmur að engu er líkara en hann hafi sundrast í margar aðskildar hvelfingar sem nægðu til að þekja heilan mánuð vetrarnótta og auk þess tjalda til silfri og máluðum himinhnöttum fyrir öll næturfyrirbæri, ævintýri, uppákomur og kjötkveðjuhátíðir sem tíminn bæri í skauti sér.“

Í hefndarskyni skaut Günther Bruno Schulz tvisvar í höfuðið og myrti hann á götu úti 19. nóvember 1942, sama dag og Bruno hefði átt að flýja til Varsjár. Günther gortaði sig síðar af því við Felix Landau: „Þú drapst minn gyðing, ég drap þinn.“ Verndarvængur nasistans hafði reynst Bruno bjarnargreiði.

**Leitin að Messíasi**

Hvorki tangur né tetur hefur fundist af Messíasi, hinni ókláruðu skáldsögu Brunos Schulz, en leitin að bókinni hefur þó orðið fjölmörgum rithöfundum, blaðamönnum og fræðimönnum innblástur. Pólska skáldið Jerzy Ficowski, ævisagnaritari Brunos, flæktist í dularfullt mál á 9. áratug síðustu aldar sem innihélt óskilgetinn bróðurson Brunos Schulz, sænska sendiherrann í Varsjá og dularfullan aðila sem kvaðst hafa handritið að Messíasi í fórum sínum. Slóð bókarinnar hvarf þó jafnóðum og hún birtist og sumir efast jafnvel um að hún hafi nokkurn tíma verið til. Sú reyfarakennda frásögn er rekin í grein bandaríska rabbínans Niles Elliot Goldstein, „Chasing 'The Messiah' and Bruno Schulz's Long-Lost Novel“.

Árið 2019 urðu þau tíðindi að týnd smásaga eftir Bruno Schulz uppgötvaðist í skjalasafni í úkraínsku borginni Lvív. Bruno hafði birt söguna Undula, undir dulnefninu Marceli Weron í Świt, dagblaði olíuiðnaðarins í Drohobych. Sagan fjallar um masókískar fantasíur rúmfasts manns og er talin bera mörg af helstu höfundareinkennum Brunos Schulz.

Þótt Messías sjálfur reynist enn utan seilingar veitir uppgötvun söguna heittrúuðum aðdáendum Brunos Schulz sem bíða enn komu frelsarans, von.

*Greinin er að hluta byggð á þættinum Leitin að Messíasi sem birtist í útvarpsþáttaröðinni Listin að brenna bækur á Rás 1 2019.* ■





**6.590 KR.**

**Bakpoki með fartölvuvasa**
Léttur bakpoki með fimm hólfum



**12.114 KR.** TILBOÐ
Verð áður 14.290 kr.

**Harmony x-perience hlaupaskór**
Léttustu hlaupaskór sem 4F hefur framleitt.
Einstök X-Perience Foam tækni

**8.390 KR.**

**Hettupeysa**
Einstaklega þægileg og mjúk modal hettupeysa með rennilás



# 4F

# GOTT VERÐ PLÚS GÆÐI

**4F SMÁRALIND / 4FSTORE.IS**

4F NEO-DRY MEMBRANE

Sami jakki og á mynd





4F NEO-DRY MEMBRANE



**7.290 KR.**

**Mjúkar joggingbuxur**
Þægilegar og mjúkar modal joggingbuxur

**12.190 KR.**

**Fóðruð mjúk snjóbrettaskel 5.000 mm**
Létt, vindheld og með öndun

**5.690 KR.**

**Æfingasett fyrir börn**
Frábært fyrir hreyfinguna. Bolur, stuttbuxur og bakpoki

**8.574 KR.** TILBOÐ
Verð áður 14.290 kr.

**Mjúkur skeljakki 10.000 mm**
Léttur jakki með 4F NeoDry 10.000 MM tækni

4F NEO-DRY MEMBRANE







4F NEO-DRY MEMBRANE



**12.290 KR.**

**Skíðaúlpa fyrir börn**
Vönduð létt úlpa með 4F NeoDry 5.000MM og 4F GrowUp tækni

GROWUP SYSTEM

**3.890 KR.**

**Mjúk joggingpeysa fyrir börn**
Ævintýrapeysa frá 4F

**5.590 KR.**

**Rennd hettupeysa fyrir börn**
Vönduð hettupeysa úr bómull

**11.190 KR.**

**Skíðaúlpa fyrir börn**
Vatnsþolin með 4F NeoDry 5.000MM og 4F GrowUp tækni

GROWUP SYSTEM

# Þrjú hundruð ár í að jafnrétti náist

**Framkvæmdastýra UN Women segir það óumflýjanlegt að kynjajafnrétti muni nást, en hefur áhyggjur af því að það verði ekki árið 2030, eins og stefnt hefur verið að, heldur árið 2330. Hún segir áskoranirnar fram undan þrenns konar, átök, loftslagsvána og Covid.**



Lovísa Arnardóttir
lovisaa
@frettabladid.is



Sima Bahous tók við embætti framkvæmdastýru fyrir ári síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sima Sami Bahous tók við embætti framkvæmdastýru UN Women í fyrra og segir að fyrsta árið hafi verið verulega gefandi en á sama tíma hafi það verið erfitt. Sérstaklega með tilliti til heimsfaraldurs Covid, loftslagsvárinnar og átaka eins og eru í Úkraínu, Afganistan og annars staðar, sem hún segir að hafi að mörgu leyti markað stefnu stofnunarinnar síðasta árið.

„En ég tók við þessu starfi til að gera betur og það gefur mér mikla orku og hvatningu að vita að ég hafi tækifæri til að leiða svo mikilvæga stofnun og breytingar innan hennar.“

Spurð hvort margt hafi komið henni á óvart þetta fyrsta ár hennar í embætti, segir hún að það hafi ekkert endilega komið á óvart en að hún hafi ekki búist við því sem gerðist í Úkraínu.

Hún segist þó hafa lengi starfað í þróunaraðstoð og sé því vel meðvituð um þau málefni sem liggja fyrir og það sem getur komið upp á.

### Enn langt í land

UN Women er eina stofnun Sameinuðu þjóðanna sem vinnur alfarið í þágu jafnréttis og þar með talið kynjajafnrétti. Hún segir að enn sé langt í land að ná því.

„Við vorum langt frá því og Covid gerði það enn erfiðara. Það er misjafnt eftir löndum hversu langt þau eru komin og Ísland er eitt þeirra sem leiðir vegferðina,“ segir Sima og að það megi rekja til átaks kvennahreyfinga hér á landi og ýmissa bandamanna þeirra yfir langan tíma.

„En alþjóðlega er staðan ekki góð.“

Hún segir að eflaust viti margir að leiðtogar heimsins hafi lofað að ná kynjajafnrétti árið 2030 í tengslum við Sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna.

„En samkvæmt okkar útreikningum og miðað við þróun mála eins og hún er í dag, mun það ekki taka átta ár heldur 300 ár. Það er óásættanlegt og allir, sama hvar þeir eiga heima, ættu að skammast sín fyrir það. Þetta er ekki bara vandamál kvenna og stúlkna. Þetta er vandamál okkar allra,“ segir Sima og að það sé skylda okkar allra að bregðast við þessu.

Hún segir að án þess þá munum við aldrei geta tekist á við þær áskoranir sem eru fram undan og að ekki sé hægt að ná neinum framförum án þess að helmingi mannkyns, konum, sé lyft hraðar upp.

### Þrenns konar áskoranir

Spurð hverjar séu stærstu áskoranirnar fram undan þá segir hún það þrenns konar. Þær varði átök um allan heim, loftslagsvána og svo Covid-19.

„Það eru aldrei konur sem hefja átökin en það eru alltaf þær sem þurfa að taka á sig mestan kostnað vegna þeirra. Auk þess eru konur oft útilokaðar frá því ferli sem fer af stað þegar samið er um frið, á nákvæmlega sama tíma og í sögulegu samhengi þær hafa mest fram að færa,“ segir hún og að önnur áskorunin sé loftslagsváin. Það sé allt frá náttúruhamförum tengdum loftslagsbreytingum og þörfinni á því að aðlagast þeim breytingum sem eru fram undan, hraðar.

„Sú þriðja er viðvarandi en hún er viðbrögð við Covid-heimsfaraldri. Við höfum greint viðbrögð ólíkra landa eftir efnahag þeirra og hvernig þau hafa farið að því að byggja sig aftur upp og við sjáum að það eru leiðir sem virka betur fyrir konur og leiðir sem virka verr,“ segir Sima og að fyrir öll lönd sé nauðsynlegt að skoða viðbragðsáætlanir með tilliti til þess hvaða áhrif það hefur á bæði konur og karlmenn.

*Erum við að ganga í gegnum bakslag?*

„Já, það er mörgum sem finnst þeim ógnað af framförum þegar kemur að kynjajafnrétti, en þau hafa yfirleitt rangt fyrir sér því aukið kynjajafnrétti gagnast okkur öllum. En sumu fólki er ógnað og það er að reyna að ýta okkur aftur á bak,“ segir Sima og að það sé eðlilegt að fólki líði eins og það séu ekki framfarir heldur afturför. Sérstaklega þegar litið er til Afganistan þar sem yfirvöld hafa aftur takmarkað réttindi stúlkna og þegar litið er til landa á Norðurslóðum þar sem mörg lýðræðisleg gildi og réttindi kvenna eru í hættu og sæta árás.

### Kynjajafnrétti er rétt

Hún segir að á sama tíma megi þó ekki gleyma því að að mörgu leyti stöndum við framar nú en áður.

„Heimurinn er óneitanlega framar í dag en hann var fyrir einni kynslóð eða tveimur. Raunveruleikinn er sá að okkar málstaður mun fara áfram. Við höfum upplifað bakslag og mótvind áður og við munum gera það aftur, en sagan hefur sýnt okkur að það getur ekkert stoppað okkur. Því við höfum rétt fyrir okkur. Konur og stúlkur, með karlmenn og drengi sér við hlið, hafa skuldbundið sig til að vinna að jafnrétti og munu aldrei gefast upp,“ segir Sima ákveðin.

Spurð hvað sé hægt að gera til að mæta mótvindi segir hún að ein lausn sé hreinlega að halda áfram með vinnuna, að gefast ekki upp.

„Við vitum að það sem virkar best er að setja framgang kvenna í forgang, að tryggja þátttöku þeirra, bæði almennt og í gegnum sértæk úrræði eins og kynjakvóta, stefnumótun sem tekur þarfir kvenna og stúlkna sérstaklega til greina og með því að skilgreina fjármagn sem fer í verkefni sem styðja við konur og að koma þeim í leiðtogastöður. Við höldum áfram með þetta.“

> **Ég vil að allar stúlkur viti að kynjajafnrétti er, og ég er sannfærð um það, óumflýjanlegt.**

### Fordæmi leiðtoga mikilvægt

Hún segir að annað sem sé mikilvægt sé að leiðtogar taki réttar ákvarðanir fyrir konur og séu þannig réttum megin sögunnar.

„Það fordæmi sem leiðtogar setja um allan heim er ákaflega mikilvægt, og orð þeirra líka. Við þurfum fleiri leiðtoga, bæði karla og konur, sem styðja við jafnrétti og tryggja þannig að ekki fari á milli mála að þau séu fulltrúar þjóðar sinnar og þess fjölbreytileika sem má finna innan hennar,“ segir Bahous og að þess vegna verði að fjárfesta í forystu kvenna.

Hún var hér á landi fyrr í mánuðinum til að taka þátt í leiðtogafundi kvenna hér á Íslandi og stýrði, ásamt forsætisráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, umræðum. Sima segir fundinn hafa verið góða áminningu um öfluga fjölbreytni, skuldbindingu, sérþekkingu og afrek kvenleiðtoga.

„Eftir því sem fleiri og fleiri konur taka meiri ábyrgð sem leiðtogar í bæði einkageira og hinum opinbera, er ég viss um að ganga okkar að jafnrétti mun ganga hraðar.“



Sima stýrði umræðum á viðburði í Reykjavík fyrr í mánuðinum ásamt Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Óumflýjanlegur veruleiki

*Hvað er mikilvægast fyrir stúlkur í dag?*

„Ég held að það sem er mikilvægast fyrir stúlkur í dag sé að hafa tilfinningu fyrir því að þær geti sjálfar haft áhrif á líf sitt, um leið og þeim líður eins og þær séu partur af stærri heild og byltingu. Stúlkur verða að vita að þær eiga tilkall til sömu mannréttinda og allir aðrir; til menntunar, til samfélagslegrar þátttöku og til að ráða sjálfar yfir eigin líkama. Það verður að styðja stelpur og fræða þær svo þær viti að þessi réttur er þeirra, að þær stjórna eigin lífi og að það er alltaf óásættanlegt að takmarka réttindi þeirra að einhverju leyti. Þó vegferð hverrar konu og stúlku sé einstök þá stendur engin þeirra ein. Kvennahreyfingar eru fjölbreyttar, stórar, síbreytilegar og alltaf í þróun. Sérhver stúlka getur verið partur af hreyfingunni sem þátttakandi, viðtakandi eða leiðtogi,“ segir Sima og heldur áfram:

„Ég vil að allar stúlkur viti að kynjajafnrétti er, og ég er sannfærð um það, óumflýjanlegt. Og þær fá tækifæri til að taka þátt í að koma því á.“

UN Women starfar bæði á alþjóðavísu en á einnig landsnefnd hér á Íslandi. Sima segir að UN Women á Íslandi sé dýrmætur samstarfsaðili en landsnefndin á Íslandi sendi í fyrra út til UN Women hæsta fjárframlag allra tólf landsnefnda sjötta árið í röð, óháð höfðatölu, og er því einn helsti styrktaraðili verkefna UN Women á heimsvísu. Mánaðarlega styrkja nærri tíu þúsund Íslendingar starf UN Women.

„Samstarf okkar á Íslandi er tvíþætt. Fyrst verð ég að nefna tengsl okkar við íslensku ríkisstjórnina sem alltaf hafa verið sterk. Íslenska ríkisstjórnin hefur ekki aðeins styrkt okkur fjárhagslega heldur einnig í stefnumótun og hefur þannig margfaldað áhrifin og hefur sýnt gott fordæmi með því að tala um og berjast fyrir kynjajafnrétti á alþjóðlegum grundvelli,“ segir Sima og að á sama tíma hafi landsnefnd UN Women á Íslandi verið einn helsti talsmaður UN Women á heimsvísu.

„Ekki bara með því að vekja vitund og safna stuðningi við vinnu UN Women, heldur einnig með því að tala fyrir þeim gildum sem við tölum fyrir alþjóðlega, á Íslandi.“

Hún segir að á meðan hún dvaldi hér á Íslandi hafi hún fengið tækifæri til að hitta forsætisráðherra, aðra ráðherra og ýmsa embættismenn, sem hún vilji þakka stuðninginn.

„En ég vil líka senda mínar hlýjustu þakkir til fólksins á Íslandi, en skuldbinding þess til kynjajafnréttis vekur athygli um allan heim og við kunnum að meta það.“ ■

„... í einu orði sagt meistarastykki ... ber höfuð og herðar yfir hérlenda höfunda glæpasagna og þó víðar væri leitað.“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„Arnaldur er sá glæpasagnahöfundur okkar sem skrifar langbest.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN






Vægðarlaus glæpasaga um óupplýst illvirki og heitar tilfinningar.

Meistaralega fléttuð bók frá langvinsælasta höfundi þjóðarinnar.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | Sunnudaga 12–16 | www.forlagid.is



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurlaug Gísladóttir**
Fjallalind 6, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 9. nóvember í faðmi fjölskyldunnar. Útför hennar fer fram í Seljakirkju mánudaginn 21. nóvember klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið. Streymt verður frá athöfninni á slóðinni: seljakirkja.is/seljasokn/streymi

**Þorvaldur Helgi Benediktsson**
**Halldóra Þorvaldsdóttir Ronny Thorød**
**Matthildur Þorvaldsdóttir Agnar Steinarsson**
**Þórunn Helga Þorvaldsdóttir Jóhann Böðvarsson**
**Guðmundur Stefán Þorvaldsson Jóhanna G. Þórisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



✝

Elskuleg móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hrefna Guðmundsdóttir**
Skúlagötu 20, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 8. nóvember á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Móbergi Selfossi, verður jarðsungin frá Hveragerðiskirkju mánudaginn 21. nóvember og hefst athöfnin klukkan 13. Jarðsett verður í Kotstrandarkirkjugarði. Útförinni verður streymt á vefsíðunni promynd.is/hrefnag

**Björn Sigurðsson Vilborg Sigurðardóttir**
**Guðjón Sigurðsson Vera Ósk Valgarðsdóttir**
**Guðmundur Rafn Sigurðsson Gígja Baldursdóttir**
**Atli Már Sigurðsson Auður Haraldsdóttir**
**Sigurður Valur Sigurðsson**
**Kristján Örn Sigurðsson Kristín Kristmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað


Sverrir Einarsson
S: 896 8242


Jóhanna Eiríksdóttir


Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Útfararþjónusta í yfir 70 ár



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN
Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna



Kristín er sjálf fædd og uppalin á Eyrarbakka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Púslaði saman sögu Bakkadrottningarinnar

Bakkadrottningin Eugenía Nielsen er nýútgefin bók Kristínar Bragadóttur, doktors við sagnfræði frá Háskóla Íslands. Kristín er sjálf fædd og uppalin á Eyrarbakka og fann sig þannig knúna til að gera grein fyrir þessari merkilegu konu.

arnartomas@frettabladid.is

„Ég heyrði svolítið um Eugeníu þegar ég var barn á Eyrarbakka,“ segir hún. „Sem sagnfræðingur fór hún að leita aðeins á mig og ég hugsaði með mér að einhver hlyti að hafa gert henni skil í einhverju riti.“

Eftir nokkra leit kom í ljós að svo var ekki og ákvað Kristín að taka málin í sínar hendur.

„Smám saman fór ég að púsla saman úr öllum mögulegum heimildum sem fjölluðu ekki beint um Eugeníu,“ útskýrir Kristín, sem leitaði meðal annars í fundargerðir Kvenfélagsins, fundargerðir Bindindisfélagsins og ýmislegt sem menn höfðu hripað hjá sér um lífið á Eyrarbakka en ekki konurnar þar. „Þótt ég reyni í bókinni að hafa Eugeníu í sviðsljósinu reyni ég líka að gera fleiri konum skil.“

### Faktorsdóttir og ferðalangur

Eugenía Nielsen fæddist árið 1850 og ólst upp við gott atlæti enda var hún dóttir faktorsins á Eyrarbakka.

„Hún elst upp við góð efni miðað við þessa tíma því það er mikil fátækt á öllu Íslandi,“ segir Kristín. „Sem unglingur kemst Eugenía til Kaupmannahafnar þar sem hún sogar í sig heimsmenninguna áður en hún snýr aftur til Íslands.“

Síðar kom til landsins ungur Dani að nafni Peter Nielsen, ráðinn við Lefoliiverslunina á Eyrarbakka og varð síðar faktor sjálfur.

„Þau giftust og þar tekur hún upp eftirnafnið Nielsen,“ segir Kristín.

### Listir og líknarstarf

Eugenía var mjög menningarlega sinnuð og hafði að sögn Kristínar mikil áhrif langt út fyrir þorpið.

„Tónlist, leiklist, myndlist – það var svo margt sem hún stóð fyrir og studdi við,“ segir hún og bætir við að Eyrarbakki hafi á þeim tíma orðið að eins konar menningarmiðstöð. „Hún var líka félagslega sinnuð og sá að neyðin var mikil í kotunum. Árið 1888 stofnar hún ásamt fleiri konum Kvenfélag Eyrarbakka, sem er ansi snemmt.“

Kvenfélagið á Eyrarbakka varð fljótt líknarfélag þar sem konurnar á Eyrarbakka heimsóttu kotin og hjálpuðu til, einna helst við barnseignir og veikindi. Ofarlega á baugi hjá þeim varð að safna fyrir sjúkrahúsi á Eyrarbakka.

„Það gengur ágætlega, það er mikil fjáröflun í gangi og þær eru rosalega duglegar að safna fé,“ segir Kristín. „Þetta endaði þó eins og flestir vita ekki sem sjúkrahús heldur fangelsið Litla-Hraun.“

### Blómaskeið Bakkans

Ævi Eugeníu einkenndist þannig af því að láta gott af sér leiða. Það var eitt og annað sem kom Kristínu á óvart við undirbúning bókarinnar.



Eugenía ásamt dætrum sínum.

„Ég áttaði mig ekki á því að Eyrarbakki hefði orðið svona mikil menningarmiðstöð. Ég vissi að Húsið hafði staðið í blóma hvað varðaði listir og menningu um aldamótin 1900 en að það hefði verið svona mikið gerði ég mér ekki grein fyrir,“ segir hún. „Það var ógurlega gaman að fara í gegnum handskrifaðar heimildir til að sjá hvað menn höfðu punktað hjá sér um lífið á Bakkanum og í nærsveitum.“ ■



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Ásta Þórarinsdóttir**
Grænulaut 8, áður Langholti 7, Keflavík,

lést á heimili sínu, föstudaginn 11. nóvember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 22. nóvember klukkan 13.

**Bragi Pálsson**
**Kristín Bragadóttir**
**Tryggvi Þór Bragason Áslaug B. Guðjónsdóttir**
**Ólafur Bragi Bragason Gunnheiður Kjartansdóttir**
**Birgir Már Bragason Halldóra G. Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðfinnur Ellert Jakobsson**
garðyrkjufræðingur og bóndi, Skaftholti, Skeiða- og Gnúpverjahreppi,

lést á hjartadeild Landspítalans mánudaginn 7. nóvember sl. Útför hans fór fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast Guðfinns er bent á sjálfseignarstofnunina Skaftholt.

**Anna Sigríður Guðfinnsdóttir Jón Gunnar Aðils**
**Gunnþór Kristján Guðfinnsson Kristín Ólöf Þorvarðard.**
**Kristín Guðlaug Guðfinnsdóttir**
**Svavar Sigurður Guðfinnsson Hjördís Anna Benediktsd.**
**barnabörn og barnabarnabörn**




# Austurhólar 6 – Selfoss

Við Austurhóla 6 á Selfossi er Stofnhús að reisa glæsilegt fjölbýlishús með 40 vel skipulögðum íbúðum. Íbúðirnar eru tveggja til fjögurra herbergja og stærð þeirra er frá  55 til 110 m² með geymslu innan íbúðar.

- Allar íbúðir eru afhentar fullfrágengnar með gólfefnum.
- Innréttingar eru vandaðar frá HTH og öll eldhústæki frá AEG fylgja.
- Kaupendum stendur til boða að uppfæra innréttingar og tæki.
- Rúmgóðar svalir með öllum íbúðum og séreignarreitur með íbúðum á 1.hæð
- Möguleiki að koma upp hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla.

## Sölusýning

**Laugardaginn 19. nóvember milli kl. 13-15**

**Staðsetning:** Bankinn Vinnustofa, Gamla Landsbankahúsið, 2. hæð Austurvegi 20, 800 Selfoss

LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN



Þórarinn Thorarensen
Löggiltur fasteignasali
770 0309 | th@landmark.is

BORG FASTEIGNASALA



Sigurður Fannar Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali
897 5930 | siggifannar@fastborg.is




# Kuggavogur 26

Við Kuggavog 26 í Reykjavík er Stofnhús að reisa glæsilegt 5 hæða fjölbýlishús auk bílakjallara. Íbúðirnar eru vel skipulagðar tveggja til þriggja herbergja íbúðir og stærð þeirra er frá 75m²-106m².

Afhending sumarið 2023.

**Nánari upplýsingar á stofnhus.is**

Stofnhús
stofnhus.is



Ástkær eiginmaður, faðir og afi,

**Albert Guðmundsson**

verkfræðingur,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 10. nóvember síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Neskirkju við Hagatorg mánudaginn 5. desember kl. 13. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á Ljósið.

**Anna Þórunn Sveinsdóttir**
**Þór Aldan Rain**
**Barbara Inga Albertsdóttir**
**Anna Victoria og Elísabet Rúrí**



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar systur okkar, mágkonu og frænku,

**Líneyjar Björgvinsdóttur**

Lautarvegi 18, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Lautarvegi 18, Reykjavík, heimahjúkrun og HERU fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Árni Björgvinsson** **Jenný B. Sigmundsdóttir**
**Ragnhildur Björgvinsdóttir**
**Lára Magnúsdóttir**
**Guðný Björgvinsdóttir** **Anton Örn Guðmundsson**
**Páll Björgvinsson** **Áslaug Þormóðsdóttir**
**Björn Thomsen**
**og frændsystkin**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Helgi Sigurðsson**

frá Þyrli,
Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, þriðjudaginn 15. nóvember. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju mánudaginn 21. nóvember kl. 13. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða fyrir hlýja og góða umönnun. Streymt verður frá athöfninni á vef Akraneskirkju: www.akraneskirkja.is

**Þórey Helgadóttir**
**Guðrún Linda Helgadóttir**
**Kolbrún Helgadóttir**
**Hafdís Helgadóttir**
**Sigurður Helgason** **Margrét Svavarsdóttir**
**afabörnin og langafabörnin**



Kæru vinir, frændfólk og fjölskyldur okkar. Við þökkum innilega allan stuðninginn og bænir vegna andláts og útfarar móður minnar, tengdamóður, dóttur, systur, mágkonu og frænku,

**Þóru Bryndísar Þórisdóttur**

Bestu óskir til ykkar allra.

**Sindri Páll Andrason** **Hugrún Hannesdóttir**
**Rúna Gísladóttir** **Þórir S. Guðbergsson**
**Kristinn R. Þórisson** **Katrín Elvarsdóttir**
**Hlynur Örn Þórisson**
**Hrafn Þorri Þórisson** **Dilja Agnarsdóttir**
**Hugi, Elva Qi, Kría og Salka**



**Guðfinna Steinunn Bjarney Sigurðardóttir**

lést 12. nóvember 2022.
Útför verður frá Árbæjarkirkju í Reykjavík, föstudaginn 25. nóvember, kl. 13.
Bænastund og moldun í Bjarnaneskirkju í Nesjum laugardaginn 26. nóvember, kl. 11.

**Þorleifur Jónsson** **Halldóra Andrésdóttir**
**Ómar Arnarson**
**Guðbjörg Ósk Jónsdóttir**
**Anna Lilja Jónsdóttir** **Brynjólfur Garðarsson**
**Þorbergur Hjalti Jónsson** **Helga Skúladóttir**
**og fjölskyldur**



51 ríki kom að stofnun Sameinuðu þjóðanna sem telur nú 193 ríki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**Þetta gerðist:** 19. nóvember 1946

# Ísland gerist aðili að Sameinuðu þjóðunum

Alþjóðasamtökin Sameinuðu þjóðirnar voru stofnuð þann 24. október árið 1945 af 51 ríki með það að markmiði að viðhalda friði með því að efla alþjóðlegt samstarf og öryggi í heiminum í kjölfar heimsstyrjaldarinnar. Ísland var ekki eitt af stofnríkjum samtakanna.

Þann 26. júlí 1946 samþykkti Alþingi tillögu ríkisstjórnarinnar um inntökubeiðni Íslands í Sameinuðu þjóðirnar. Eftir nokkurra mánaða ferli voru aðildarumsóknir Íslands, Svíþjóðar og Afganistans samþykktar.

Þann 19. nóvember 1946 urðu þjóðirnar þrjár að opinberum aðilum samtakanna. Thor Thors, sendiherra Íslands í Washington og formaður íslensku sendinefndarinnar á þingi Sameinuðu þjóðanna, flutti ræðu þegar þjóðirnar tóku sæti á þinginu. Þar sagði Thor að með upptöku Íslands hefði runnið upp langþráð stund fyrir íslensku þjóðina.

Í ræðu sinni lagði Thor áherslu á framlag Íslendinga í heimsstyrjöldinni og benti á hversu margir Íslendingar hefðu fallið þar miðað við höfðatölu og að um 20 prósent íslenska flotans hefðu farist í stríðinu.

Hann benti enn fremur á að Íslendingar hefðu engan her og að íslenska þjóðin vildi ekki segja neinni annarri þjóð stríð á hendur. Með þátttöku sinni í starfi Sameinuðu þjóðanna væri þannig ósk Íslendinga að hindra frekari ófrið í framtíðinni. Thor uppskar mikið lófaklapp að ræðunni lokinni og varð í kjölfarið fyrsti fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. ■



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrethe Kristinsson**

Naustahlein 21, Garðabæ,

lést á heimili sínu 9. nóvember. Útförin fer fram frá Garðakirkju mánudaginn 21. nóvember klukkan 13.00.

**Björn U. Sigurbjörnsson** **Bjargey Einarsdóttir**
**Anna G. Sigurbjörnsdóttir** **Sævar G. Jónsson**
**Edda B. Sigurbjörnsdóttir** **Eiríkur Benediktsson**
**Helga S. Sigurbjörnsdóttir** **Rúnar J. Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



Sonur okkar, bróðir og frændi,

**Ólafur Valdimars**

er látinn. Útför hefur farið fram. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug. Bestu þakkir til þeirra er réttu honum vinarhönd og gerðu lífið bærilegra. Guð blessi ykkur öll.

**Soffía og Böðvar**
**Guðrún Hlíf**
**Árný Rós**
**og börn**



Elskulegur eiginmaður minn,

**Ketill Rúnar Tryggvason**

húsasmíðameistari,
Maríubakka 6, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi 14. nóvember. Útför hans verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Laugheiður Bjarnadóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Þorláksdóttir Ottesen**

lést 5. nóvember.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Þorlákur Baxter** **Margrét Gunnarsdóttir**
**Kristín Amelía Atladóttir**
**og ömmubörn**



Ástkær móðir, tengdamóðir og amma,

**Laufey Kristinsdóttir**

Boðagranda 2a, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 12. nóvember 2022. Útförin fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 22. nóvember kl. 15.

**Þorbjörg Magnúsdóttir** **Ragnar Karlsson**
**Magnús Reynir Rúnarsson** **Björk Úlfarsdóttir**
**Laufey Svafa Rúnarsdóttir** **Kjartan Hugi Rúnarsson**



Ástkæri faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Kristinn Guðmundsson**

arkitekt,

lést á Landspítalanum 13. nóvember sl. Jarðarförin fer fram föstudaginn 9. desember kl. 12.00 í Dómkirkjunni.

**Guðmundur Kristinn Guðmundsson**
**Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir**
**Dögg Guðmundsdóttir**
**og fjölskyldur**


Syndum
Landsátak í sundi
1.–30. nóvember
Nú stinga landsmenn sér til sunds og safna sundmetrum. Skráðu þína sundvegalengd á syndum.is og taktu þannig þátt í að synda hringinn í kringum landið.
Allir þátttakendur geta átt möguleika á að vinna vegleg verðlaun.
#syndum
#BEACTIVE
SSÍ
ISL

## Krossgáta



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist listform (13)
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 25. nóvember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „19. nóvember“.

Lausnarorð síðustu viku var

**KVIKMYNDAHÚS**



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**

**1** Finnur hvalur sting við gerði? (9)
**11** Sækið mátt í magnið sem þið torgið (12)
**12** Mektarsálir njóta yfirburða sinna (9)
**13** Nota ufsa dísanna í gjörningana þeirra (12)
**14** Elska kosningu Fjónbúa um hina heillandi loddara (9)
**15** Hrærum í þrumara úr oblátudrykkjum og korngumsi (12)
**17** Finn að þetta númer er mjög persónulegt (9)
**18** Þessi lína er að flæða frá mér leikandi létt (12)
**22** Skrifa á hús fyrir tölvutúlkinn (9)
**27** Eins stór og Stína er, þá er Sigga síst minni (9)
**30** Þau ala sínar eftirmyndir, öfugt við alla aðra (8)
**31** Í garði Noregskonungs er sundrung í einu fylki (5)
**32** Aular og ormar eru sem í leiðslu (7)
**33** Hér fer bukkur með sinn bur, hálfstálpaðan (8)
**34** Hún er stjarna í krafti eigin styrks (9)
**35** Laga ögn af því sem óhlýðni þeirra eyðilagði (7)
**36** Fæ mér hnetutopp eftir lestur á jökli (8)
**37** Mín hugdjarfa óskamey! (7)
**41** Nú hef ég náð í óragt lið en lasið nokkuð og leiðinlegt (8)
**43** Færi allar birgðir í einn geymi (8)
**44** Þetta er hvorki gefið né glæsilegt á að líta (6)
**45** Afgangsmálmurinn umlykur úrgang úr sjálfum sér (8)
**46** Kynda hrun fyrir kælingu (8)
**47** Finn núning í tættum grunni (6)
**48** Víðátta eldstæðis finnst í mörgum slíkum (8)

**LÓÐRÉTT**

**1** Krefst launa samkvæmt taxta á þessari búllu (9)
**2** Fóstrur Mjallhvítar og Öskubusku? Já! (9)
**3** Draugaleg dýr sækja í ábúðarmikla menn (9)
**4** Leita atóma sem æða í hin síðustu forvöð (9)
**5** Leita agna og unga vegna enn yngri unga (10)
**6** Amerísk löggan drepur dauðan mann (10)
**7** Sérstök sál veit að afkoma batnar ef ákveðinn maður ræður för (8)
**8** Er þá löngu horfin risaskepnan allt sem skriðdýrið er ekki? (8)
**9** Handraði geymir aðra röð hallæra (8)
**10** Þau sáu um allt sem unnist hefur með þessu rugli (6)
**16** Töluðu um miska hinna rætnu ræðumanna (8)
**19** Ég á ekki við tunnutæki heldur traust sæti (9)
**20** Fanga tón fyrir skráutnál og bergnál (8)
**21** Ísland er útsker Eyjamanna (8)
**23** Svo illar eftir áfallið að þið standið vart í lappirnar (12)
**24** Mastur gálgans er súla fuglsins (12)
**25** Ló gefur lag og tón sem ruskbretti væri (9)
**26** Leita sælindýra í húsi Nóatúnsbónda (12)
**28** Flækist víða og sem um framlög til þess (11)
**29** Ásýnd þín er full af formum, líkingum og listaverkum (7)
**38** Við héldum með okkar hrossum, hvað sem á gekk (6)
**39** Renni, já renni yfir akurinn á mínum fína bíl (6)
**40** Hví seturðu flotholt í tunnuna? (6)
**42** Lotta er lítið fyrir gælur (5)

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 1 | 5 | | | 6 | |
| | 6 | | 2 | | | | 9 | |
| | | | | | 8 | | | 5 |
| | | 1 | | | 4 | 8 | | 3 |
| | | | 3 | | 5 | 9 | | |
| 9 | | 2 | | | | | | |
| 6 | | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | | |
| 1 | | | | | | 6 | 7 | |
| | 9 | | | | | 3 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 5 | | | 8 |
| | | | 6 | | | 9 | | |
| | 5 | 9 | | | 8 | 1 | 2 | |
| | | 2 | | | | 7 | 6 | |
| | | 4 | | 6 | | | 3 | |
| | | | 5 | 3 | | | | 1 |
| | | | | | 1 | | | 7 |
| 9 | 3 | | | | | | | |
| 2 | | | 9 | | | 8 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Dalnum, eftir Margréti Höskuldsdóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi í síðustu viku var **Ragna Pálsdóttir, Akureyri.**






# Nettilboð!

Núna um helgina, föstudag, laugardag og sunnudag, 18. - 20. nóvember

epal

Ath!
Tilboðin gilda aðeins í vefverslun okkar:
epal.is



## Laugardagur

### Hringbraut

**18.30 Bridge fyrir alla (e)** Þættir um bridge í umsjón Björns Þorlákssonar.
**19.00 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
**19.30 Græn framtíð (e)** Umræðuþáttur um áskoranir og tækifæri fyrirtækja í iðnaði samhliða áherslum í umhverfismálum. Umsjón Guðmundur Gunnarsson
**20.00 Saga og samfélag** Málefni líðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
**20.30 Bridge fyrir alla (e)**
**21.00 Undir yfirborðið (e)**

### RÚV Sjónvarp

**07.05 Smástund**
**07.10 Tikk Takk**
**07.15 KrakkaRÚV**
**10.00 Ævar vísindamaður**
**10.25 Skrekkur**
**12.15 Könnuðir líkamans**
**12.45 Vikan með Gísla Marteini**
**13.35 Músíkmolar**
**13.50 Lettland - Ísland** Bein útsending frá landsleik í fótbolta karla.
**15.50 Leiðin á HM** Úrúgvæ og Kamerún
**16.20 Kastljós**
**16.35 Landinn**
**17.05 Hraðfréttir 10 ára**
**17.30 Börnin okkar** Kennsla og kennarar
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Lesið í líkamann**
**18.29 Frímó**
**18.42 KrakkaRÚV**
**18.45 Bækur og staðir** Öxnadalur
**18.52 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Hraðfréttir 10 ára**
**20.20 Tsatsiki - Pabbi og ólífustríðið Tsatsiki, farsan och olivkriget** Sænsk fjölskyldumynd frá 2015. Pabbi Tsatsikis neyðist til að selja ólífuræktina sína, en það mega Tsatsiki og vinir hans ekki heyra minnst á.
**22.00 The Fanatic Aðdáandinn**
**23.30 Vera Vera**
**01.00 Dagskrárlok**

### Sjónvarp Símans

**12.00 Dr. Phil (161.161)**
**12.40 Dr. Phil (158.161)**
**13.20 Dr. Phil (159.161)**
**14.00 The Block**
**15.00 Ferris Bueller's Day Off**
**17.00 90210**
**17.55 Gordon Ramsay's Future Food Stars** Bresk þáttaröð þar sem meistarakokkurinn Gordon Ramsey leitar að einstaklingum sem hann telur að muni ná langt í veitingabransanum.
**18.55 Venjulegt fólk**
**19.30 Á inniskónum** Skemmtilegur tónlistar- og spjallþáttur þar sem íslenskir tónlistarmenn fara yfir tónlistarferil sinn og flytja nokkur af sínum vinsælustu lögum.
**20.40 Bachelor in Paradise**
**22.10 The Hustle**
**23.45 The Girl with the Dragon Tattoo** Mikael Blomkvist er blaðamaður sem dag einn tekur að sér að rannsaka 40 ára gamalt hvarf stúlku einnar, frænku auðkýfings að nafni Henrik, en hann hefur reynt að ráða gátuna upp á eigin spýtur í öll þessi ár án árangurs.
**02.20 Ray Donovan. The Movie**
**03.55 Tónlist**

### Stöð 2

**08.00 Barnaefni**
**11.40 Blindur bakstur**
**12.25 Bold and the Beautiful**
**13.50 Bold and the Beautiful**
**14.10 30 Rock**
**14.35 Draumaheimilið**
**15.05 Leitin að upprunanum**
**15.50 The Masked Dancer**
**16.55 Masterchef USA**
**17.50 Stóra sviðið**
**18.27 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**18.55 Kviss**
**19.45 Together Together**
**21.15 De forbandede år**
**23.45 The Little Things** Útbrunna löggan Deke og fíkniefnalöggan Baxter, vinna saman að því að elta uppi raðmorðingja.
**01.50 Galveston** Ben Foster og Elle Fanning fara með aðalhlutverk í þessari hörkuspennandi glæpamynd. Eftir að hafa sloppið naumlega úr fyrirsát snýr leigumorðinginn Roy Cody, sem er dauðvona, aftur til heimabæjar síns þar sem hann skipuleggur að ná fram hefndum.
**03.15 Hunter Street**

## Sunnudagur

### Hringbraut

**18.30 Mannamál (e)** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
**19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
**19.30 Björgun** Þáttur um ráðstefnuna Björgun 2022 í umsjón Óttars Sveinssonar.
**20.00 Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**20.30 Mannamál (e)**
**21.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)**

### RÚV Sjónvarp

**07.15 KrakkaRÚV**
**10.00 Stórfljót heimsins - Amazon**
**10.50 Bækur sem skóku samfélagið**
**11.00 Silfrið**
**12.10 Menningarvikan**
**12.40 Okkar á milli**
**13.10 Sætt og gott**
**13.30 Pabbi, mamma og ADHD - Seinni hluti**
**14.15 Leiðin á HM** Katar og Frakkland
**14.45 Setningarhátíð HM 2022** Bein útsending
**15.20 HM stofan** Upphitun fyrir leik Katar og Ekvador
**15.50 Katar - Ekvador** Bein útsending frá leik á HM karla í fótbolta.
**17.50 HM stofan** Uppgjör á leik Katar og Ekvador
**18.15 Smíðað með Óskari**
**18.20 KrakkaRÚV**
**18.21 Stundin okkar**
**18.50 Landakort** Sigga á Grund
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Landinn**
**20.15 Börnin okkar** Framtíð menntunar
**20.50 Carmenrúllur** Danskir þættir sem gerast á árunum eftir 1960. Frumkvöðlahjónin Axel og Birthe byrja með hugmynd að hárrúllum sem verður fljótlega að stórfyrirtæki sem malar gull.
**21.50 Evrópskir kvikmyndadagar. Vesalingarnir**
**23.30 Silfrið**
**00.30 Dagskrárlok**

### Sjónvarp Símans

**11.30 Dr. Phil (160.161)**
**12.15 Dr. Phil (161.161)**
**13.00 Bachelor in Paradise**
**14.20 Bachelor in Paradise**
**15.40 Top Chef**
**16.25 The Block**
**17.30 90210**
**18.30 Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby**
**19.30 Kenan**
**20.00 Heima**
**20.25 Venjulegt fólk**
**21.00 Law and Order. Organized Crime**
**21.50 Yellowstone**
**22.40 The Handmaid's Tale** Stórbrotin þáttaröð sem hlaut bæði Emmy og Golden Globe verðlaunin sem besta dramatíska þáttaröð ársins 2017. Sagan gerist í náinni framtíð þegar ófrjósemi er farin að breyta heimsmyndinni.
**23.40 From**
**00.40 Law and Order. Special Victims Unit**
**01.25 Chicago Med**
**02.10 The Rookie**
**02.55 Cobra**
**03.40 The Bay**
**04.30 Tónlist**

### Stöð 2

**07.55 Barnaefni**
**11.10 Náttúruöfl**
**11.15 Are You Afraid of the Dark?**
**12.00 B Positive**
**12.20 Nágrannar**
**13.40 Nágrannar**
**14.00 30 Rock**
**14.25 Bakað með Sylvíu Haukdal**
**14.35 Afbrigði**
**15.00 Home Economics**
**15.25 Um land allt**
**16.00 Kviss**
**16.55 Grey's Anatomy**
**17.40 60 Minutes**
**18.27 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**19.00 Leitin að upprunanum**
**19.40 Lego Masters USA**
**20.25 Magpie Murders**
**21.15 Blinded**
**22.00 The Drowning**
**22.45 Karen Pirie** Karen er frískandi venjuleg og krúttlega stíllaus ung kona og ekkert sérlega markverður lögreglubjónn.
**00.10 Pennyworth**
**01.05 B Positive**
**01.25 Home Economics**
**01.45 30 Rock**
**02.10 Grey's Anatomy**
**02.50 Are You Afraid of the Dark?**
**03.30 Náttúruöfl**

## Mánudagur

### Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Heima er bezt** Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
**19.30 Bridge fyrir alla (e)** Þættir um bridge í umsjón Björns Þorlákssonar.
**20.00 433.is** Sjónvarpsþáttur 433.is.
**20.30 Fréttavaktin (e)** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**21.00 Heima er bezt (e)** Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.




## Klassík fyrir alla fjölskylduna

birnadrofn@frettabaldid.is

Sjónvarp Símans sýnir algjöra klassík á laugardaginn klukkan 15, Ferris Buellers's Day Off.
Myndin er frá árinu 1986 og fjallar um táninginn Ferris Bueller sem ákveður að þykjast vera veikur einn dag og sleppa því að fara í skólann. Hann fær svo vini sína með sér í plottið og saman eiga þau ógleymanlegan frídag. Ferris platar til dæmis vin sinn, Cameron, til að taka rándýran Ferrari-bíl föður síns. Saman fara Cameron, Ferris og kærastan hans, Sloan til Chicago og njóta lífsins.
Skólastjórinn, sem meistaralega er leikinn af Jeffrey Jones, áttar sig á því að einhver brögð séu í tafli hjá Ferris og félögum og er staðráðinn í því að komast að því hver þau eru. Þetta er stórskemmtileg og fyndin mynd sem fjölskyldan getur notið saman. ■




■ Við tækið

# Drottning sjónvarpsþáttanna



Nína Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Mest streymdu þættirnir á íslenska Netflix um þessar mundir er fimmta þáttaröð Krúnunnar, The Crown. Um er að ræða leikna þætti sem fjalla um sögu bresku konungsfjölskyldunnar. Imelda Stounton fer með hlutverk drottningarinnar en leikhópnum er skipt út í hverri þáttaröð.

Áður en þáttaröðin kom út fékk hún nánast einróma neikvæðar viðtökur frá þeim einstaklingum sem koma fyrir í þáttunum, samkvæmt grein Sky News um málið, til dæmis vegna atriða sem bentu til þess að Filippus prins hafi átt í ástarsambandi.

Þættirnir eru að stóru leyti hugarsmíð rithöfundarins Peters Morgan, sem hefur sérhæft sig í umfjöllun um bresku konungsfjölskylduna. Þróunin kom til í kjölfar kvikmyndar eftir



Peter, The Queen frá árinu 2006, og leikverkinu The Audience frá árinu 2013. Fyrsta þáttaröðin segir frá æsku Elísabetar, hjónabandi hennar með Filippus prins og til ársins 1955, og svo er saga ættarinnar rakin hvern stórviðburðinn á fætur öðrum.

Framleiðendur hafa gert því skóna að sjötta þáttaröðin verði hin síðasta. ■

> **Þróunin kom til í kjölfar kvikmyndar eftir Peter, The Queen, frá árinu 2006.**

# Gefðu bókagjöf

## Fallegar og spennandi bækur fyrir káta krakka




**1.599 kr.** VERÐ ÁÐUR 1.999 kr.




**4.299 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.499 kr.




**4.559 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.699 kr.




**3.759 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.699 kr.




**7.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 9.999 kr.




**3.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.999 kr.




**2.799 kr.** VERÐ ÁÐUR 3.599 kr.




**3.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.999 kr.




**4.559 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.699 kr.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 21. nóvember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

www.penninn.is
s: 540-2000

**Frí heimsending***
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

Penninn Eymundsson

## Rimac Nevera setur heimshraðamet

njall@frettabladid.is

Ofurrafbíllinn Rimac Nevera setti á dögunum heimsmet í hámarkshraða rafbíla á prófunarbrautinni í Papenburg í Þýskalandi. Náði bíllinn þar 412 km hraða á fjögurra kílómetra beinum kafla brautarinnar. Fyrir átti bíllinn met sem sneggsti framleiðslubíllinn upp í 100 km á klst., en þeim hraða nær hann á aðeins 1,85 sekúndum. Rimac Nevera er 1.888 hestöfl en hann er með fjóra rafmótora við 120 kWst rafhlöðu. Togið er hrikalegt eða 2.360 Nm sem gerir honum kleift að ná 160 km hraða á aðeins 4,3 sekúndum og 300 km hraða á 9,3 sekúndum. Drægi bílsins er 550 km og þökk sé 500 kW hleðslugetu getur hann hlaðið rafhlöðuna í 80% á aðeins 19 mínútum. ■



Rimac Nevera á metið sem sneggsti framleiðslubíllinn í 100 km hraða.

## Ný mynd frá Volkswagen af Scout

njall@frettabladid.is

Volkswagen er að þróa rafdrifinn jeppa og hefur fengið til þess Scout nafnið, en framleiðslan mun fara fram í Bandaríkjunum. Merkið kynnti í vikunni nýja mynd af tilraunabílnum sem sýnir framenda hans. Áður höfðum við séð hliðarprófíl bílsins í vor en líkt og hann eru útlínur bílsins mjög kassalaga að framanverðu. Einnig má sjá að bíllinn er á grófum jeppadekkjum og með góða veghæð.

Lítið er vitað um hvernig endanleg útgáfa bílsins verður þegar hann kemur fyrir almenningssjónir en hann verður ekki byggður á MEB-undirvagni Volkswagen, heldur nýjum undirvagni sem verður sérstaklega þróaður fyrir jeppa. Hugmyndin er að bjóða rafdrifinn jeppa sem verður undir 40.000 dollurum að grunnverði sem myndi þýða að hann verður jafnvel ódýrari en rafdrifnir pallbílar Ford og Chevrolet. Búast má við að frumgerð bílsins verði frumsýnd seint á næsta ári og að fyrstu bílarnir fari í framleiðslu árið 2026. ■



Athygli vekur að VW-merkið er ekki á framenda bílsins svo líklega verður hann markaðssettur sem Scout.




Sólþak verður staðalbúnaður í nýjum Prius en tengiltvinnútgáfan verður með sólarsellu sem getur gefið allt að 1.250 km akstur á ársgrundvelli.

# Nýr Prius frumsýndur

Toyota frumsýndi í vikunni fimmtu kynslóð Prius tvinnbílsins en hann verður aðeins boðinn sem tengiltvinnbíll í Evrópu.

njall@frettabladid.is

Toyota Prius kom fyrst á markað fyrir aldarfjórðungi og setti þá ný viðmið í flokki umhverfisvænna bifreiða. Hann hefur hingað til verið framleiddur í meira en fimm milljónum eintaka en kominn var tími á nýja kynslóð eftir sjö ár af fráfarandi kynslóð. Bíllinn er nú kynntur sem tvinnbíll en tengiltvinnbíllinn kemur á markað næsta vor.

Nýr Prius verður áfram á TNGA-undirvagninum en að sögn Toyota hefur hann verið endurbættur mikið. Í stað 1,8 lítra bensínvélarinnar er nú kominn tveggja lítra vél. Tengiltvinnbíllinn mun skila 220 hestöflum og geta farið í hundraðið á aðeins 6,7 sekúndum. Mun mengunarstuðull nýja bílsins haldast sá sami og í fyrri kynslóð þrátt fyrir meira afl og stærri vél. Búast má við allt að 50% meira drægi frá fyrri kynslóð tengiltvinnbílsins. ■



Innréttingin er mjög svipuð og í bZ4X fyrir utan að það er gírstöng í stað snúningstakka fyrir gíravalið.


## Spennandi tækifæri í ört vaxandi sveitarfélagi

**Vel staðsettur þróunarreitur í þéttbýli Sveitarfélagsins Voga, við sjávarsíðuna með frábæru útsýni og stutt til allra átta.**

SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR



**Hafnargata 101**
**Þrónunarreitur**

Frekari upplýsingar um verkefnið er að finna á **www.vogar.is**

Sveitarfélagið Vogar óskar eftir tilboðum í 1593 fermetra atvinnuhúsnæði og byggingarrétt á lóðinni Hafnargötu 101.

Á lóðinni sem er um 1 hektari að stærð er 1593 fermetra atvinnuhúsnæði en ekki er gerð krafa um að halda í núverandi hús en það telst tillögum til tekna ef hægt er nýta núverandi hús að einhverju leyti eða útlit nýrra bygginga hafi skírskotun til eldra húsnæðis og sögu svæðisins.

# COMPASS ER ÓMISSANDI HLUTI AF FJÖLSKYLDUNNI

Jeep®




**JEEP® COMPASS TRAILHAWK** **EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!**

## ALVÖRU JEPPI MEÐ ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

Jeep® 4xe Plug-In Hybrid jepparnir henta fjölskyldum við íslenskar aðstæður um allt land. Farðu hvert sem er á rafmagninu.

4xe PLUG-IN HYBRID

# RAFMAGNAÐUR WRANGLER TIL AFHENDINGAR STRAX!

Jeep®




**JEEP® WRANGLER PLUG-IN HYBRID** **35", 37" OG 40" BREYTINGAPAKKAR Í BOÐI**

## RAFMAGNAÐUR OG VATNSHELDUR JEEP®

Farðu yfir ár og vötn af festu og öryggi með Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid. Rafmagnaður kraftur hvert sem leið þín liggur.

4xe PLUG-IN HYBRID

ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • ISBAND.IS • JEEP.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

# Fullorðnir stundum hræddir við unglinga

Hátíðarfundur Litlu systur verður haldinn í Iðnó í dag á Reykjavík Dance Festival. Litla systir er menningarskóli fyrir unglinga stofnaður af Ásrúnu Magnúsdóttur.

tsh@frettabladid.is

Menningarskólinn Litla systir, sem er teymi skipað tíu ungmennum á aldrinum 13-18 ára, tók yfir Iðnó í þessari viku í tilefni Reykjavík Dance Festival. Litla systir er hugarfóstur danshöfundarins Ásrúnar Magnúsdóttur en með henni í verkefninu eru Anna Margrét Ólafsdóttir og Marta Ákadóttir.

„Þetta heitir Litla systir af því í raun er þetta litla systir Reykjavík Dance Festival. Listrænu stjórnendurnir, Pétur Ármannsson og Brogan Davison, vildu halda áfram að vinna með ungu fólki og unglingum en það er eitthvað sem ég hef verið að gera þannig við sameinuðum krafta okkar og stofnuðum þennan „skóla“ sem Litla systir er,“ segir Ásrún.

**Framúrstefnulegur skóli**

Litla systir er framúrstefnulegur og óhefðbundinn skóli fyrir ungt fólk sem vill uppgötva heiminn í gegnum listir og aktívisma. Nemendurnir fá að móta námið sjálf og velja sína eigin kennara sem hitta þau og segja frá sínu starfi.

„Við höfum fengið alls konar fólk inn. Til dæmis Andrean Sigurgeirsson, sem er dansari hjá Íslenska dansflokknum og mikill aktívisti, Jón Gnarr, DJ Dóru Júlíu, Perlu Gísladóttur umhverfisaktívista, fólk frá Andrými og Svikaskáld. Þetta er alls konar, ekki bara sviðslistir eða dans,“ segir Ásrún.



Litla systir sýndi verkið Femínískt reif eftir Önnu Kolfinnu Kuran í Iðnó síðasta miðvikudag á vegum Reykjavík Dance Festival. MYND/OWEN FIENE

Undanfarna viku hafa meðlimir Litlu systur staðið fyrir umfangsmikilli dagskrá í Iðnó á Reykjavík Dance Festival sem nær hápunkti sínum nú á laugardag.

„Það var verk á miðvikudag sem heitir Femínískt reif eftir Önnu Kolfinnu Kuran, það er verk sem þau framleiddu og skipulögðu sjálf. Síðan vorum við með vinnusmiðjur í vikunni með listamönnum sem þau vildu fá. Það var til dæmis leirkeragerð frá FLÆÐI og tónsmíðanámskeið með stelpum úr hljómsveitinni Gróu,“ segir Ásrún.

**Þenkjandi ungt fólk**

Í dag, laugardag, verður svo hátíðarfundur Litlu systur haldinn í Iðnó á milli 2 og 4. Fundurinn er opinn



Ásrún Magnúsdóttir, stofnandi menningarskólans Litlu systur

öllum þeim sem vilja kynnast starfsemi Litlu systur, fullorðnum, börnum og unglingum.

„Þar er fólki boðið að koma og kynnast Litlu systur og hvað þau standa fyrir. Meðlimir Litlu systur eru mjög þenkjandi ungt fólk sem lætur sig málefni líðandi stundar varða, þannig að það er mjög gaman að tala við þau. Þau hafa hvert og eitt valið sér umfjöllunarefni sem þau ætla að tala um.“

Ásrún hvetur ungt fólk sem hefur áhuga á að taka þátt í starfsemi Litlu systur til að mæta, sem og fullorðna.

„Ég vinn oft með unglingum og fullorðið fólk er stundum að segja mér að það sé hrætt við unglinga. Þannig að ég vil skora á fólk að horfast í augu við óttann og mæta. Svo er þetta náttúrlega bara líka mjög gaman fyrir alla unglinga að koma og setjast niður og spjalla,“ segir hún.

**Hver sem er getur sótt um**

*Geta allir sem eru á aldrinum 13 til 18 ára verið með í Litlu systur?*

„Já, hver sem er getur sótt um að vera með. Það er hægt að finna mig á Instagram, hringja í mig, senda mér tölvupóst eða hvað sem er og vera með.“

*Hvað er svo næst á döfinni hjá Litlu systur?*

„Við ætlum að fara í smá umhverfisverndarpælingar, setjast niður og pæla í því. Það er einn fundur fyrir jól og svo er bara frí. Síðan ætlum við bara að halda áfram að gera það sem við höfum verið að gera. Ekki framleiða, heldur bara að vinna fyrir okkur. Svo viljum við komast til útlanda og finna einhverja samstarfsaðila erlendis. Þannig að það er margt í gangi.“

Ásrún Magnúsdóttir hefur unnið mikið með unglingum í sínu starfi, til að mynda í sýningunum grrrrrls, Teenage Songbook of Love and Sex og Hlustunarpartý. Spurð hvort henni finnist skemmtilegra að vinna með unglingum en fullorðnum segir hún:

„Nei, mér finnst það ekkert endilega skemmtilegra en mér finnst það mjög skemmtilegt. Ég er bara mjög forvitin um fólk þannig að mér finnst gaman að vinna með alls konar fólki. Það svona sem drífur mig svolítið áfram er hverjum vil ég kynnast. Ég hef ótrúlega gaman af að vinna með ungu fólki en ég tek það ekkert endilega fram yfir fullorðna, það eru bara allir góðir á sinn hátt.“ ■




# Hverju skal trúa

TÓNLIST

## Skemmtilegt er myrkrið

**tónleikhús eftir Elínu Gunnlaugsdóttur**
**Kaldalóni í Hörpu**
laugardaginn 12. nóvember
**Þátttakendur**: Ásta Sigríður Arnardóttir, Jón Svavar Jósefsson, Matthildur Anna Gísladóttir, Sigurður Halldórsson og Frank Aarnink
**Danhöfundur**: Asako Ichiashi
**Leikmynd og búningar**: Eva Bjarnadóttir
**Leikstjórn**: Bergdís Júlía Jóhannesdóttir

Jónas Sen



Skemmtilegt er myrkrið er tónleikhús eftir Elínu Gunnlaugsdóttur. MYND/EYÞÓR ÁRNASON

Ég sat við hliðina á litlum dreng sem virtist lifa sig inn í tónleikhúsið Skemmtilegt er myrkrið. Það var sýnt í Kaldalóni í Hörpu síðasta laugardag og var eftir Elínu Gunnlaugsdóttur. Sum atriðin voru að vísu þannig að drengurinn varð hræddur, en svo birti til og sagan hlaut farsælan endi.

Verkið var pantað af Töfrahurð. Það er félag um starfsemi sem er helguð tónleikum og útgáfu og hefur að markmiði að opna heim tónlistarinnar, bæði ný verk og gömul, fyrir börnum. Hér var blandað saman tónlist, leik og dansi, og var verkið unnið með Listdansskóla Íslands. Fjórar ungar stúlkur dönsuðu og gerðu það af áhrifamiklum yndisþokka.

**Vel dulbúnir**

Þrír hljóðfæraleikarar spiluðu á píanó, slagverk og selló, og ýmislegt annað á borð við sleifar, langspil og dótapíanó. Þeir eru þekktir úr tónlistarlífinu, en voru svo vel dulbúnir í kostulegum klæðum að þeir voru nánast óþekkjanlegir. Þetta voru þau Matthildur Anna Gísladóttir, Frank Aarnink og Sigurður Halldórsson.

Til að höfða til barnanna var sagan skondin, og ófáir brandarar flugu. Persónurnar voru tvær, Ása

> Tónlistin var ágætlega heppnuð. Hún var mjög rytmísk til að byrja með.

Signý og frændi hennar, Jón Árni. Í þeim mættust gamall heimur og nýr. Frændinn trúði á drauga og forynjur en Ása Signý ekki á neitt. Yfirskilvitlegir atburðir í sögunni, leikur álfa og huldufólks, dansandi nykur og hvaðeina, gerði þó að verkum að hún þurfti að endurskoða afstöðu sína.

**Flippaður hryllingur**

Draugagangurinn var skemmtilega útfærður. Stúlkurnar úr Listdansskólanum léku t.d. nykurinn, sem er hulduhestur með öfuga hófa. Hann var dálítið hrollvekjandi á flippaðan hátt: útkoman var annarleg en um leið fyndin. Leikmyndin var líka mögnuð og gerði að verkum að maður datt enn betur inn í söguna.

Textar sönglaganna samanstóðu af gömlum vísum og ljóðum, en texti lokalagsins var þó saminn sérstaklega fyrir verkið af Þórarni Eldjárn. Tónlistin var ágætlega heppnuð. Hún var mjög rytmísk til að byrja með, jafnvel hörkuleg á fremur einstrengingslegan hátt. Maður saknaði þess að fá ekki að heyra meira af grípandi laglínum. Það eru jú melódíurnar sem höfða svo til barnanna, eins og óteljandi barnalög eru til vitnis um.

**Mætti vera fyrirferðarmeiri**

Aðeins í einu atriðinu fékk ljóðrænan að njóta sín, það var fagur söngur við framandi undirleik og kom prýðilega út. Engu að síður var tónlistin í heild áheyrileg og flott á sinn hátt, og hún var líka mjög vel flutt, af skýrleika og nákvæmni.

Ása Signý og Jón Árni voru leikin af Ástu Sigríði Arnadóttur sópran og Jóni Svavari Jósefssyni baríton. Þau voru sannfærandi í leiknum og söngurinn var frambærilegur. Söngur hljómar aldrei mjög vel í Kaldalóni vegna hljómburðarins, sem er ákaflega þurr. En það sem á vantaði í söngnum bættu leikararnir upp með ærslafengnum leik og manni leiddist aldrei, heldur þvert á móti. ■

**NIÐURSTAÐA:** Líflegt tónleikhús sem féll greinilega í kramið hjá börnunum.

# Jólabóka-flóðið!

**Kláraðu jólagjafirnar snemma í ár**




**Strákar sem meiða**
Eva Björg Ægisdóttir
**5.399**kr.




**Flói bernsku minnar**
Guðni Ágústsson
**5.699**kr.




**Eitt satt orð**
Snæbjörn Arngrímsson
**5.699**kr.




**Spítalastelpan**
Sigmundur Ernir Rúnarsson
**5.499**kr.




**Skipin sem hurfu**
Steinar J. Lúðvíksson
**5.699**kr.




**Hjarta Íslands: Frá Hrísey til Fagradalsfjalls**
Gunnsteinn Ólafsson & Páll Stefánsson
**9.999**kr.




**Það sem ég hefði viljað vita**
Edda Falak
**4.999**kr.




**Tríó lendir í ævintýrum**
Bjarni Hafþór Helgason & Freydís Kristjánsdóttir
**3.299**kr.




**Obbuló í Kósímó: Duddurnar**
Kristín Helga Gunnarsdóttir & Halldór Baldursson
**2.599**kr.




**Baddi er reiður!**
Mervi Lindman
**2.599**kr.




**Sigraðu innkaupin og fáðu betra verð með Samkaupa appinu**

nettó



Javier Bardem fer á kostum. MYND/SKJÁSKOT

## Skemmtanagildi í grásprengda skítseiðinu

**KVIKMYNDIR**

### El Buen Patrón

**Leikstjóri og höfundur:** Fernando León de Aranoa
**Leikendur:** Javier Badem, Manolo Solo, Almudena Amor

Nina Richter

Góði yfirmaðurinn, á frummálinu El Buen Patrón, gerist í og við Blancos Básculas-verksmiðjuna, þar sem allt snýst um jafnvægi en í verksmiðjunni eru jú framleiddar vogir. Blanco er yfirmaðurinn og er í upphafi sögu að undirbúa starfsfólkið undir heimsókn frá nefnd sem veitir fyrirtækjum virt verðlaun. Starfsmanninum Jose er sagt upp um svipað leyti og nefndin boðar komu sína og þá upphefst vandræðagangur meðal stjórnenda sem snýr að því að bæla niður mótmælaaðgerðir hans gegn uppsögninni.

Javier Bardem heldur uppi myndinni á köflum sem sjálfsörugga skítseiðið og kvennaljóminn Blanco, og áhorfandinn dáleiðist yfir skrifstofulegri moppuhárgreiðslunni ofan á siðblindu heilabúi persónunnar með aðdáun og hryllingi.

El Buen Patrón var framlag Spánverja til Óskarsverðlaunanna í ár. Það þjónar myndinni ekki að vera uppsett eða markaðssett sem gamanmynd, þó að hún geti verið grátbrosleg á köflum. Senurnar sem settar eru upp sem grínsenur eru slappasti hlekkurinn í annars þokkalegri keðju. Bestu sprettirnir eru hægur kómitragískur bruni sem fá áhorfandann til að engjast um af óþægindum. ■

**NIÐURSTAÐA:** Sagan rassskellir samfélagið og á hápunktinum býður hún upp á sterk stef um kynjadýnamík og neyslu á samskiptum, viðskiptum með fólk og skrifstofupólitík á sama tíma og leiðarstefið er nánast hallærislega augljós líking um vogir og réttlæti.

# Fræið að ferlinum kom til á skautum

Guðlaug Sóley Höskuldsdóttir er alin upp í Smáíbúðahverfinu. Hún flutti til Svíþjóðar til þess að æfa skauta, íþrótt sem hún æfði í þrettán ár. Í dag býr hún í Hamrahverfi í Grafarvoginum þar sem hún rekur stúdíó og semur tónlist undir nafninu gugusar.

ninarichter@frettabladid.is

Á dögunum kom út platan 12:48 með gugusar, sem hefur hlotið afburða dóma gagnrýnenda heima og heiman. Erlendir tónlistarblaðamenn sem sáu gugusar á Airwaves hafa keppst um að mæra ungu listakonuna og spara ekki stóru orðin.

**Fræið á skautasvellinu**

„Ég væri kannski dansari ef ég væri ekki í tónlist,“ segir Guðlaug sem svarar spurningum blaðamanns í síma á sólríkum vetrardegi. Hún er heima hjá sér í Grafarvoginum, talar rólega þrátt fyrir að vera yfirlýstur orkubolti, og nálgast hlutina af hógværð. Enn ein rósin í hnappagat sinnar kynslóðar.

„Ég dansa mikið þegar ég er að spila á tónleikum, en ég hef ekki æft dans. Ég æfði skauta í mörg ár, meiddist og fór svo að gera tónlist,“ segir hún. Á skautasvellinu lá fræið sem varð óvænt að tónlistarferli.

„Ég byrjaði að klippa keppnistónlistina mína sjálf þegar ég var mjög ung. Öllum fannst það skrýtið hvernig ég kunni að klippa lög. Mig langaði að gera þetta betur en þjálfarinn minn og mér fannst þetta líka svo áhugavert,“ segir Guðlaug.



Guðlaug er með stúdíó í Grafarvogi og vinnur núna að nýrri plötu. Hennar nýjasta verk er platan 12:48 sem kom út 11. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Viðtökur með besta móti**

Meiðsli settu strik í reikninginn og skautaferillinn leið undir lok. Guðlaug, sem hafði mætt á skautaæfingar fyrir og eftir skóla, hafði skyndilega mikinn tíma aflögu og þannig tók tónlistin við. „Ég byrjaði 16 ára að semja plötuna, ég er 18 ára í dag. Það er gaman að hún sé loksins komin út,“ segir hún. Guðlaug segir viðtökurnar hafa verið með besta móti og sér í lagi hafi hún fengið hól frá kollegum sínum í faginu, auk fjölskyldu og vina. „Það er hrósið sem mér finnst skemmtilegast að fá,“ segir hún.

Að sögn Guðlaugar er Röddin í klettunum fyrsta lagið sem hún samdi fyrir þessa plötu.

„Ég var inni í stúdíói að leika mér með demó og komst í eitthvert zone,“ segir hún og bætir við að sköpunarferlið sé mismunandi eftir lögum. „Ég á erfitt með að setjast niður og hugsa: Núna ætla ég að semja svona lag. Það virkar eiginlega aldrei. Oftast verð ég að leika mér þangað til ég finn eitthvað sem mér finnst skemmtilegt.“

> ” Ég er að vinna í nýrri plötu, ég er komin með fjórtán lög. Ég stefni á útgáfu, og ef samningar eru ekki að eyðileggja það, þá kemur vonandi plata á næsta ári.
>
> gugusar

Guðlaug syngur og semur allt sitt efni sjálf og pródúserar það líka. Hún segist hafa lent í því að fólk trúi henni ekki þegar hún segist hafa pródúserað lögin. „Ég reyni að taka því sem hrósi. En þetta hlýtur að vera af því að ég er ung og ég er kona. Þetta eru sennilega bara fordómar. Það er fullt af flottum konum að pródúsera og mér finnst ekki nógu mikið talað um það.“

**Þykir vænst um erfiða lagið**

Guðlaug segir mest krefjandi lagið á plötunni hafa verið Þurfum að batna. „Það var erfitt lag en mér þykir vænst um það af öllum lögum á plötunni. Ég var rosa lengi að vinna í því og var alltaf að breyta því alveg. Ég var komin með ógeðslega leið á þessu og það var ekki fyrr en ég sýndi mömmu lagið og hún sagði: Þú verður að hafa þetta með. Þannig að ég ákvað að taka mér smá pásu og þá fór ég að fíla það meira og meira,“ segir hún og bætir við hversu fegin hún sé að hafa farið þá leið.

Þegar Guðlaug semur nýtt lag setur hún gjarnan upp demó, fer í göngutúr og hlustar á það aftur og aftur. „Það hjálpar mér mjög mikið.“

Það virðist vera fantagott verklag, því að ný gugusar-plata er í vinnslu, þrátt fyrir að hin nýjasta sé nýlent í búðum. „Ég er að vinna í nýrri plötu, ég er komin með fjórtán lög. Ég stefni á útgáfu, og ef samningar eru ekki að eyðileggja það, þá kemur vonandi plata á næsta ári. Annars fer þetta voða mikið eftir flæðinu. Ég er enn þá bara að klára menntaskóla,“ segir hún og hlær lágt.

**Myndlistarnám og músík**

Guðlaug hætti í MH og færði sig yfir í Myndlistarskólann. „Ég fæ leyfi og tækifæri til að vera í tónlist og í skóla. Þetta er krefjandi og ég er kannski að útskrifast með 5 en ég er sátt með það bara. Ég er mjög fegin og heppin að fá að vera í Myndló,“ segir hún. ■

### Gugusar er að hlusta á

**Wildfire**
*SBTRKT, Little Dragon*
„Þetta lag var á repeat hjá mér þegar ég var í New York með pabba í sumar. Núna sé ég alltaf New York og sumar fyrir mér þegar ég hlusta á þetta lag. Enda er þetta æðislegt lag.“

**United in Grief**
*Kendrick Lamar*
„Kendrick Lamar er einn af uppáhalds listamönnum mínum. Ég byrjaði að læra textana hans utan að þegar ég var í 4. bekk og margir gerðu grín að mér fyrir það því ég var svo ung og það voru ekki margir að hlusta á svona hiphop á mínum aldri þá. Ég hlustaði á þetta lag um daginn og táraðist. Á góðan hátt.“

**Fountains**
*Drake, Tems*
„Þetta lag er svo ótrúlega þægilegt. Mér líður alltaf betur þegar þetta lag er í gangi. Líka þessi lúmski bassi sem kemur inn 0:39 og hefur einhver svaka áhrif á mig.“

**Bikini bottom**
*Ice Spice*
„Þegar ég hlusta á þetta lag líður mér smá eins og ég geti allt sem ég vil. Þetta er svo mikill sjálfstrausts-bomba. Veit ekki hvernig ég á að útskýra það betur en mér líður eins og „bad bitch“ þegar ég hlusta á þetta lag.“

**Eyelar**
*Fred again...*
„Þetta lag er líka mjög þægilegt. Það er svo æðislegur smooth synth-i í þessu lagi. Minnir mig á vetur og kulda af einhverri ástæðu.“





Sirius
Sælkerabakstur
Bakað úr því besta
Vörurnar frá Nóa Síríus eru í algjörum sérflokki þegar kemur að bakstri. Lyftu sælkerabakstrinum í nýjar hæðir með eðalhráefni frá Nóa Síríus.
cocoa HORIZONS
NÓI SÍRÍUS

# Bragi fær verðlaun og billjónerar gera í buxurnar

## Frétt vikunnar

Bragi Valdimar Skúlason

„Skemmtilegasta fréttin er að sjálfsögðu að ég fékk verðlaun, það gerði mjög mikið fyrir mig,“ segir Bragi Valdimar Skúlason, dagskrárgerðarmaður, skáld, grínisti og orðasmiður, sem fékk verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu í vikunni.

Umbrot í heimi samfélagsmiðla hafa einnig vakið kátínu Braga Valdimars. Twitter stendur höllum fæti, nýr eigandi sem er efnaðasti maður heims, Elon Musk, hefur að því er virðist steypt fyrirtækinu í þrot á mettíma. „Mér fannst líka mjög gaman að fylgjast með honum Musk engjast um í sjálfskaparvítinu sínu. Fátt skemmtilegra en að sjá billjónera gera í buxurnar.

Ríkisendurskoðun á móti bankasýslunni finnst mér mjög fallegur excelskjalaslagur. Ég sé fyrir mér lítil möppudýr að skríða út úr holunum sínum að búa sig undir bardaga,“ segir Bragi Valdimar.

Þá eru fréttir úr heimi matvæla einnig að rata á radarinn hjá grínistanum. „Ég sá stórfrétt um risavaxinn lager af Lucky Charms hjá einhverri búðarkeðjunni. Þetta hefur ekki sést í búðum lengi og það eru grátandi börn og fullorðnir sem fá ekki Lucky Charms. Ég held að fólk ætti að hópa sér saman og leysa út þetta Lucky Charms. Björgum Lucky Charmsinu.“

Þá vekur Bragi Valdimar athygli á því að Taylor Swift hafi sett Ticketmaster-sölusíðuna á hliðina í vikunni en aðdáendur söngkonunnar hafa ekki getað keypt sér miða á nýjustu tónleikaröðina. „Ég sá að Ticketmaster er búin að aflýsa opnu sölunni sem átti að fara í gang í dag, mér finnst að ríkisstjórnin ætti að beita sér fyrir því að við sem viljum fá miða á Taylor Swift fáum miða. Þetta er lýðheilsumál.“ ■



Bragi Valdimar Skúlason






Klara Elías gaf á dögunum út sitt fyrsta frumsamda jólalag. MYND/ÓLI MÁR

# Varð jólastressinu að bráð

**Klara Ósk Elíasdóttir söngkona gaf í vikunni út sitt fyrsta jólalag. Lagið fjallar um að hafa það gott með sínum nánustu um hátíðirnar en hún segir hvatann hafa verið sífellt og síaukið stress um jólin sem hún vildi losa sig við.**

lovisaa@frettabladid.is

Söngkonan og lagahöfundurinn Klara Elías, eða Klara Ósk Elíasdóttir, gaf í vikunni út sitt fyrsta frumsamda jólalag sem ber nafnið Desember.

„Ég vona að þetta veki góðar tilfinningar hjá fólki. Þetta er fyrsta jólalagið mitt, að auðvitað frátöldum Nylon-jólalögunum sem við gerðum fyrir næstum 20 árum síðan,“ segir Klara og hlær en hljómsveitin gerði á sínum tíma ábreiður af þekktum jólalögum.

„Ég var spurð um daginn hvort ég ætlaði að taka einhver þeirra á giggum núna um jólin og ég sagðist eiginlega ekki vita hvort ég hefði þolinmæði í það. Við sungum þessi lög ein jólin 27 sinnum í einhverri tónleikaröð í Kringlunni og það var nóg fyrir ævina held ég. Ég er mjög fegin að vera komin með nýtt jólalag til að syngja.“

> „Ég festist í því að vilja hafa allt fullkomið, að kaupa fallegustu jólagjafirnar og að hafa allt hreint og fínt.
>
> Klara Ósk Elíasdóttir

### Blendnar tilfinningar

Spurð hver hafi verið hvatinn að því að gera jólalag segir Klara að hún hafi blendnar tilfinningar til hátíðanna.

„Ég á dásamlegar jólaminningar úr æsku umkringd fjölskyldu og það hefur alltaf verið hlýtt og gott hjá mér um jólin en í seinni tíð þá hef ég orðið jólastressinu að bráð. Ég festist í því að vilja hafa allt fullkomið, að kaupa fallegustu jólagjafirnar og að hafa allt hreint og fínt. Þessir hlutir sem skipta engu máli og ef ég á að vera heiðarleg búa bara til kvíða hjá mér,“ segir Klara.

Hún segir að mörg jólalög beintengi hún við þetta stress og því hafi hana langað að búa til lag sem fjallaði ekki beint um það sama og hefðbundin jólalög heldur frekar um hvað skiptir raunverulega máli á þessum tíma.

„Lagið er óður til þess sem mér finnst virkilega skipta máli í desember. Sem fyrir mig er að búa til minningar með þeim sem ég elska,“ segir Klara og vísar í texta úr laginu sem kjarni þetta en hann er:

„Þegar þú heldur mér, grípur fast þá fatta ég að jólin eru að vera með þér.“

### Jólin öðruvísi í ár

Klara segir að maður gleymi þessu svo auðveldlega og að jólin séu farin að snúast um eitthvað allt annað eins og að halda flottasta jólaboðið og kaupa flottustu og dýrustu gjafirnar.

*Ertu þessi jól að gera hlutina öðruvísi en áður?*

„Já, ég hef reynt það síðustu jól og kannski sérstaklega eftir að ég flutti aftur heim,“ segir Klara en hún flutti nýlega heim frá Los Angeles eftir að hafa búið þar í ellefu ár.

„Ég var alltaf að koma heim um jólin og þá upplifði ég svo mikið stress því ég var að koma svo miklu fyrir á stuttum tíma. Svo kom ég aftur heim til LA og hugsaði með mér hvað ég hefði eiginlega verið að gera og af hverju ég eyddi svona miklum tíma í eitthvert ómerkilegt dót þegar ég hefði bara átt að fókusa algjörlega á að vera með mínum nánustu. Það setti þetta í samhengi fyrir mér.“

### Hjartað slær fyrir Hafnarfjörð

Klara segir að hún vilji að nýja jólalagið hennar, Desember, fari með fólk út úr þessu stressi.

Klara heldur hátíðartónleika 18. desember í Sundhöll Hafnarfjarðar. Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ þar sem Klara ólst upp og býr í dag.

„Ég er Hafnfirðingur niður í dýpstu hjartarætur og hjartað mitt slær algerlega fyrir þennan bæ.“

Ókeypis er inn á tónleikana. Miðasalan var opnuð í gær og kláruðust allir miðar strax en Klara segir að til standi að bæta við aukatónleikum.

„Það verður að taka frá miða og ég mun auglýsa aukatónleika eftir helgi. Það eru takmarkaðir miðar svo það verður að hafa hraðar hendur,“ segir Klara að lokum.

Hægt er að hlusta á lagið á öllum helstu streymisveitum en hún samþað og pródúseraði með Þormóði Eiríkssyni í október síðastliðnum en Sæþór Kristjánsson hljóðblandaði og hljóðjafnaði. ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrir@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Kolbeinn Kolbeinsson *kolbeinn@frettabladid.is,* Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is* **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*



KFC
FATAÐU ÞIG
ALLA DAGA
VIÐ ERUM Í ALLSKONAR FÖTUM
SEM HENTA ALLTAF OG ÖLLUM
LEGGIR, LUNDIR, HOT WINGS, BBQ HOT WINGS, BUFFALO HOT WINGS & ALLT HITT



# Notalegt inni og úti

-25%

51881122
Hringur 60cm 120 ljósa LED.
**Verð: 7.421**
Almennt verð: ~~9.895~~

-25%

51881121
Hringur 40cm 80 ljósa LED.
**Verð: 4.646**
Almennt verð: ~~6.195~~

**SKOÐAÐU VALDAR JÓLAVÖRUR Á AFSLÆTTI**

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



-25%

51881035
Úti- og innisería 540 ljós LED
Golden cluster 11m
**Verð: 4.421**
Almennt verð: ~~5.895~~

51881036
Úti- og innisería 800 ljós LED
Golden cluster 16m
**Verð: 6.146**
Almennt verð: ~~8.195~~



-25%

88167887
Úti- og innisería 240ljósa
LED warm white.
**Verð: 4.196**
Almennt verð: ~~5.595~~

88167888
Úti- og innisería 240ljósa
LED marglit.
**Verð: 4.196**
Almennt verð: ~~5.595~~



-25%

51881275
Snjókarlar 21cm
**Verð: 8.621**
Almennt verð: ~~11.495~~



-25%

51881049
Ljósahringur brass 30cm
30 LED ljós warm white.
**Verð: 2.621**
Almennt verð: ~~3.495~~

LEMAX

# 20% afsláttur
## af Lemax jólaþorpi



Great Place To Work. Best Workplaces Europe 2022

UMHVERFISVIÐURKENNING 2021
UMHVERFIS-, ORKU- OG LOFTSLAGSRÁÐUNEYTIÐ

VIÐ ERUM HANDHAFI KUÐUNGSINS

Saman í 60 ár BYKO

frettabladid.is
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is
JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025




■ Bakþankar



Óttars Guðmundssonar

## Jólabækur

Jólabókavertíðin fer hraðfari þessa dagana. Vongóðir rithöfundar lesa upphátt úr bókum sínum í verslunum. Blöðin eru full af fimm stjörnu ritdómum enda leynast víða snillingar. Flestir eru bjartsýnir og láta sig dreyma um bókmenntaverðlaun forsetans og frægð og frama í erlendum þýðingum.

Ekki eru þó allir jafnánægðir. Ég hitti Sturlu Þórðarson (f. 1214) sagnaritara í bókaverslun Eymundssonar. Hann var að kynna nýútkomið verk um ævi og örlög Sturlunga, Íslendingabók. Bókin fékk misjafna dóma: „Þetta rit er of langt, með alltof mörgum nöfnum og ósannfærandi bardagalýsingum.“ Sturla var dapur í bragði. „Það hefur enginn áhuga á ættingjum mínum lengur nema ruglaður geðlæknir í Reykjavík. Hann segist reyndar vera frændi minn en ég þekki manninn ekki neitt.“

Snorri Sturluson (f. 1179), frændi hans, var að árita Egilssögu annars staðar í búðinni. Hún hafði fengið afleita dóma í fjölmiðlum. „Bókin er beinlínis kvenfjandsamleg og upphefur feðraveldið. Glötuð persónusköpun þar sem algjörlega vantar fulltrúa minnihlutahópa. Hvar eru fatlaðir eða samkynhneigðir í sögunni?“ Snorri stundi þungan og sagðist hættur við að skrifa Heimskringlu. „Það hefur enginn áhuga á norsku konungsfjölskyldunni nema einhverjir vitleysingar með konungablæti.“ Hann sagðist líka kannast við þennan geðlækni sem snobbaði fyrir Agli Skallagrímssyni og kallaði hann afa sinn.

Verslunarstjórinn kom aðvífandi og sagði þeim frændum að fara heim. „Það vill enginn lesa þessar bækur. Getið þið ekki farið að skrifa sakamála- eða hamfarasögur? Það er það eina sem selst.“ Þeir tróðu bókunum í stóra Adidastösku og gengu þungum skrefum út úr sögunni. ■




